

**SKÝRSLA
BLÁALÓNSNEFNDAR
HEILBRIGÐISRÁÐUNEYTISINS**

OKTÓBER 1996

I. EFNISYFIRLIT

II.	INNGANGUR	---	4
2.1.	Skipun nefndarinnar og hlutverk	---	4
2.2.	Fjárveitingar frá Alþingi	---	5
III.	NEFNDARSTARFIÐ	---	6
3.1.	Unnið fyrir opnum tjöldum	---	6
3.2.	Fundir nefndarinnar	---	8
IV.	ÁGRIP AF SÖGU BLÁALÓNS	---	9
4.1.	Bláalónið	---	9
4.2.	Fyrri rannsóknir	---	9
4.3.	Aðstaðan	---	10
V.	RANNSÓKNIR OG KANNANIR	---	11
5.1.	Fjármögnun rannsóknanna	---	11
5.2.	Lækningarárannsóknir	---	12
	- lækningarárannsókn 1992	---	13
	- lækningarárannsókn 1993	---	14
	- lækningarárannsókn 1995	---	14
5.3.	Lífrskisrannsóknir og niðurstöður	---	15
	- lífríki Bláalónsins 1992	---	15
	- lífríki Bláalónsins- tilraunalón 1993	---	16
	- lokarannsókn 1992-93	---	16
	- framhaldsrannsóknir	---	17
5.4.	Efnarannsókn	---	17
5.5.	Markaðskannanir	---	18
	- stöðugreining	---	18
	- markaðsgreining	---	18
VI.	KYNNISFERÐIR	---	19
6.1.	Ferð til Belgíu, Þýskalands, Sviss og Frakklands 1992	---	19
6.2.	Ferð til Ísrael 1993	---	19
6.3.	Ferð til Þýskalands 1994	---	19
VII.	FERÐAPJÓNUSTA	---	20
7.1.	Fjölbreytt umhverfi	---	20
7.2.	Vegaframkvæmdir	---	21
7.3.	Dægradvöl	---	21

VIII. BLÁALÓNIÐ HF	bls.	22
8.1. Gagnkvæm samvinna	---	22
8.2. Heilsufélagið við Bláalónið hf - Bláa-Lónið hf.	---	22
8.3. Ferðapjónusta við Bláalónið	---	23
8.4. Meðferðarþjónusta við Bláalónið	---	23
8.5. Framleiðsla úr hráefnum tengdum Bláalónininu	---	24
8.6. Uppbygging framtíðarbaðstaðar	---	24
IX. NIÐURSTÖÐUR	---	26
X. TILLÖGUR NEFNDARINNAR	---	29
XI. LOKAORD	---	30
XI. FYLGISKJÖL		

II. INNGANGUR

2.1. Skipun nefndarinnar og hlutverk.

Þann 5. apríl 1990 var samþykkt eftirfarandi þingsályktun á Alþingi, 153. mál þingsins:

"Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera könnun á möguleikum á uppbryggingu við Bláalónið við Svartsengi með það að markmiði að nýta þá möguleika sem staðurinn hefur upp á að bjóða. Einkum skal beint sjónum að hvernig megi nýta lækningamátt lónsins fyrir Íslendinga og útlendinga svo og að fyrirhuguð starfsemi tengist ferðamannaþjónustunni almennt.

Við þetta starf verði haft náið samstarf við Hitaveitu Suðurnesja, Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum, Ferðamálasamtök Suðurnesja, landlæknisembættið, Samtök psoriasis- og exemsjúklinga og aðra þá sem málinu kunna að tengast."

Þingsályktunin og greinargerð hennar. Fylgiskjal 1.

Flutningsmaður tillögunnar var Níels Árni Lund, þáverandi varapringmaður í Reykjaneskjördæmi.

Ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar tók þá ákvörðun í upphafi ársins 1991 að ábyrgð á framkvæmd ályktunarinnar yrði á vegum heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra í náinni samvinnu við forsætisráðherra og samgönguráðherra. Guðmundur Bjarnason, þáverandi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, skipaði í nefndina eftirtalda aðila:

Ingimar Sigurðsson, formann, þáverandi skrifstofustjóra í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, núverandi skrifstofustjóra í umhverfisráðuneytinu.

Jón Hjaltalín Ólafsson, dr.med. yfirlækni, sérfræðing í húðsjúkdómum, skv. tilnefningu landlæknisembættis.

Bjarna Andrésson, þáverandi fulltrúa í bæjarstjórn Grindavíkur, skv. tilnefningu Samtaka sveitarfélaga á Suðurnesjum.

Pál H. Guðmundsson, framkvæmdastjóra og þáverandi formann Samtaka psoriasis- og exemsjúklinga, skv. tilnefningu samtakanna.

Jón Sveinsson, þáverandi aðstoðarmann forsætisráðherra, skv. tilnefningu forsætisráðherra, og

Árna Þór Sigurðsson, þáverandi aðstoðarmann samgönguráðherra, skv. tilnefningu samgönguráðherra.

Níels Árni Lund, deildarstjóri í landbúnaðarráðuneytinu, var skipaður starfsmaður nefndarinnar og tók hann einnig fullan þátt í störfum nefndarinnar.

Fulltrúar forsætisráðherra og samgönguráðherra sögðu sig úr nefndinni þegar eftir Alþingiskosningarnar vorið 1991 og tóku aldrei þátt í störfum nefndarinnar. Í þeirra stað komu

Árni M. Mathiesen, alþingismaður, tilnefndur af forsætisráðherra og Steinn Lárusson, framkvæmdastjóri, tilnefndur af samgönguráðherra.
Í upphafi árs 1994 varð einnig sú breyting á nefndinni að Páll H. Guðmundsson létt af störfum og í hans stað kom
Helgi Jóhannesson, formaður Samtaka psoriasis- og exemsjúklinga.

2.2. Fjárveitingar frá Alþingi.

Fjárveitingar til nefndarinnar frá Alþingi voru sem hér segir:

Árið 1991	Engin fjárveiting. (Undirbúningsár og ekki sótt um neina fjárveitingu)
Árið 1992	Kr. 7.000.000.00
Árið 1993	Kr. 10.000.000.00
Árið 1994	Kr. 11.000.000.00*

Samtals	Kr. 28.000.000.00
---------	-------------------

*) Þar sem rannsóknum sem hófust á árinu 1994 lauk ekki fyrr en á þessu ári, 1996, fékk nefndin yfirfært til ársins 1995 það fé sem hún átti inni um áramótin 1994-95.

III. NEFNDARSTARFIÐ

3.1. Unnið fyrir opnum tjöldum.

Nefndin ákvað þegar í upphafi að hafa sem best samstarf við alla þá hagsmunaðila sem hún taldi að tengdust verkefninu. Eitt af fyrstu verkum hennar var að ræða við forsvarsmenn Hitaveitu Suðurnesja, fulltrúa sveitarfélaga á Suðurnesjum og þá rekstraraðila sem veittu þjónustu við Bláalónið, til að fá fram viðhorf þeirra til starfseminnar og frekari uppbyggingar. Einnig átti hún fljóttlega fundi með fulltrúum félagsmálasamtaka, heilbrigðisfulltrúa, ferðamálaufulltrúa, atvinnufulltrúa o.fl. aðila af Suðurnesjum sem hún taldi tengjast málínu. Er skemmt frá því að segja að allir þessir aðilar sýndu málínu mikinn áhuga.

Í öllum störfum sínum lagði nefndin sig fram um að vinna með þessum aðilum og upplýsa þá um starf nefndarinnar svo sem kostur var hverju sinni.

Nefndin gaf út sérstaka áfangaskýrslu um störf sín í nóvember 1993 og var hún kynnt hlutaðeigandi aðilum.

Þá boðaði nefndin til blaðamannafunda, fundaði með þingmönnum og fulltrúum bæjarstjórna, auk þess sem hún gerði ráðherra og ráðuneyti grein fyrir störfum sínum og árangri við lok hvers áfanga.

Á starfstíma sínum kallaði nefndin auk þess til fundar fjölmarga aðra einstaklinga sem hún leitaði upplýsinga og ráða hjá.

Eftirtaldir hafa komið til viðræðna við Bláalónsnefnd:

Agnar Kofoed-Hansen, rekstrarverkfræðingur,
 Albert Albertsson, aðstoðarforstjóri Hitaveitu Suðurnesja,
 Ása Brynjólfssdóttir, lyfjafræðingur.
 Bárður Sigurgeirsson, dr. med. húðsjúkdómalæknir,
 Birgir Þorgilsson, ferðamálastjóri,
 Bjarni Ólason, Veitingahúsið við Bláalónið,
 Björn Önundarson, tryggingayfirlæknir,
 Dieter Wendler-Jóhannsson, starfsmaður Ferðamálaráðs í Pýskalandi,
 Eðvarð Júlíusson, bæjarstjórn Grindavíkur,
 Guðjón Jónsson, Veitingahúsið við Bláalónið,
 Grímur Sæmundsen, læknir og framkvæmdastjóri Heilsufélagsins við Bláalónið,
 Guðmundur Björnsson, verkfræðingur,
 Haukur Þórðarson, yfirlæknir, Reykjalundi,
 Hinrik Bergsson, bæjarstjórn Grindavíkur,
 Hrefna Kristmannsdóttir, jarðefnafræðingur, Orkustofnun,
 Ingi G. Ingason, markaðsráðgjafi,

Ingólfur Aðalsteinsson, fyrrv. forstjóri Hitaveitu Suðurnesja,
 Jakob Kristjánsson, deildarstjóri líftæknideildar Iðntæknistofnunar,
 Jóhann D. Jónsson, ferðamálafulltrúi Suðurnesja,
 Jón Gröndal, bæjarstjórn Grindavíkur,
 Jón Gunnar Stefánsson, bæjarstjóri Grindavíkur,
 Jón Gunnarsson, oddviti Vatnsleysustrandarhrepps,
 Jón Þorsteinnsson, gigtarlæknir,
 Jón Þrándur Steinsson, húðsjúkdómalæknir,
 Jón Örn Bjarnason, Ph.D. Orkustofnun,
 Júlíus Jónsson, forstjóri Hitaveitu Suðurnesja,
 Karl Steinar Guðnason, forstjóri Tryggingastofnunar ríksins,
 Kjartan Lárusson, forstjóri Ferðaskrifstofu Íslands h/f,
 Kristinn Benediktsson, framkvæmdastjóri Baðhússins við Bláalónið,
 Kristján Eyjólfsson, læknir,
 Kristján Jónsson, forstjóri Kynnisferða,
 Kristján Steinsson, gigtarlæknir,
 Kristján Sæmundsson, jarðfræðingur, Orkustofnun,
 Magnús Guðjónsson, framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja,
 Magnús Jónasson, stjórnarmaður í Íslenska heilsufélaginu h/f,
 Margot Hausler, hjúkrunarfræðingur,
 Margrét Gunnarsdóttir, bæjarstjórn Grindavíkur,
 Sr. Oddur Einarsson, framkvæmdastjóri Atvinnuþróunarfélags Suðurnesja,
 Ragnar Stefánsson, jarðeðlisfræðingur,
 S.r.Ragnheiður Erla Bjarnadóttir, líffræðingur og leiðsögumaður,
 Rannveig Pálsdóttir, húðsjúkdómalæknir,
 Sigurður Ásgeir Kristinsson, læknir,
 Sólveig Þórðardóttir, bæjarstjórn Njarðvíkur,
 Stefán Jón Bjarnason, fjármálastjóri Hitaveitu Suðurnesja,
 Steinþór Sigurðsson, forstjóri Sérleyfisbifreiða Keflavíkur,
 Sverrir Þórhallsson, fagdeildarstjóri, Orkustofnun,
 Þór Sigþórsson, forstjóri Lyfjaverslunar ríkisins,
 Þórður Stefánsson, hótelstjóri Hótelsins v/Bláalónið,

Öllum þessum aðilum vill nefndin þakka sérstaklega ánægulegt samstarf og aðstoð.

Auk ofangreindra ræddi nefndin við fjölda erlendra aðila í kynnisferðum sínum erlendis, s.s.lækna, starfsmenn heilbrigðisstofnana, ferðamálafrömuði og stjórnarmenn fyritækja á svíði heilbrigðisþjónustu.

Nefndin gerði sér ljósa grein fyrir því að starf hennar, ekki síst rannsóknirnar, tæki langan tíma, og jafnframt að miklar væntingar væru til staðar um frekari uppbyggingu þegar í stað. Til að tefja ekki framgang verkefna kaus hún að vinna fyrir opnum tjöldum og veita allar þær upplýsingar

sem fram komu við rannsóknir, svo fljótt sem auðið var. Þessi ákvörðun nefndarinnar varð til þess að öll uppbygging varðandi heilsuaðstöðu við Bláalónið var tekin í samráði við nefndina og tryggði að starf hennar, sem hefur tekið 5 ár, nýttist þeim sem í framtíðinni ætla að reka þar starfsemi. Því eru margar tillögur nefndarinnar sem byggjast á rannsóknum, kynnisferðum og annarri upplýsingaöflun þegar komnar til framkvæmda.

3.2. Fundir nefndarinnar.

Par sem nefndin var nokkuð fjölmenn ákvað hún að skipa sérstaka framkvæmdanefnd sem falið var að hittast milli funda nefndarinnar. Henni var falið að taka ákvarðanir um minniháttar framkvæmdaatriði og annast framgang þeirra. Í þeirri nefnd voru Ingimar Sigurðsson, Jón Hjaltalín Ólafsson og Niels Árni Lund.

Nefndin hafði engan fastan samastað en hittist að jafnaði þar sem formaðurinn hafði aðsetur. Þá fundaði hún einnig oft við Bláalónið í tengslum við verkefni sín þar. Þá hélt hún fundi víðar, s.s. í Keflavík og Grindavík. Að jafnaði voru fundir nefndarinnar haldnir eftir venjulegan vinnutíma nefndarmanna á daginn, enda óhægt um vik fyrir þá að fara frá sínu starfi. Samtals hélt nefndin 78 bókaða fundi, sem stóðu að jafnaði í 4 klst. Framkvæmdanefndin hélt 42 fundi. Auk þess hittust nefndarmenn oft óformlega á milli funda og ræddu saman í síma. Stafaði það m.a. af einlægum áhuga þeirra á verkefninu og góðu samstarfi.

IV. ÁGRIP AF SÖGU BLÁALÓNSINS

4.1. Bláalónið.

Rétt er að greina í stuttu máli frá því hvað Bláalónið er og vitnar nefndin í greinargerð með þingsályktuninni sem samþykkt var og nefndin starfaði samkvæmt:

"Bláalónið svokallaða varð til er gufuafslsstöð Suðurnesja við Svartsengi hóf starfsemi sína þar. Nafn sitt dregur það af hinum sérkennilega bláa lit sem kísilleirinn í botni þess gefur.

Vatnið í Bláalóninu er í raun jarðsjór úr 200-2000 m djúpum borholum. Hann kemur upp á yfirborðið sem 240 gráðu heit gufa sem notuð er til að hita ferskvatn fyrir Hitaveitu Suðurnesja. Eftir að því lýkur þéttist gufan og frá orkuverinu kemur hún út sem 80 - 100 gráðu heitt affallsvatn og leitt út í hraunið við stöðina.

Við kólnunina fellur m.a. út kísilleir sem þéttir botn hraunsins og hefur við þetta myndast heitt uppistöðulón úr jarðsjó sem almennt er kallað Bláalónið".

4.2. Fyrri rannsóknir.

Um 1980 bárust fréttir af því að einstaklingur með sjúkdóminn psoriasis teldi sig hafa fengið mikla bót á sjúkdómnum með því að njóta heitra bað í lóninu. Fljóttlega fóru fleiri psoriasissjúklingar að reyna þetta og virtust böðin gefa góða raun. Þetta varð til þess að árið 1981 fluttu þingmenn Reykjaneskjördæmis svohljóðandi tillögu til þingsályktunar:

"Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra að láta nú þegar fara fram könnun á lækningarmætti jarðsjávar við Svartsengi.

Leiði könnunin til jákvæðrar niðurstöðu verði þegar unnið að því að koma upp aðstöðu fyrir þá sjúklinga sem að læknisráði er talið rétt að noti jarðsjóinn til baða.

Við könnun þessa verði haft samráð við samtök lækna, samtök psoriasis- og exemsjúklinga, svo og samtök annarra sjúklinga sem not gætu haft af slíkum böðum."

Tillagan var samþykkt og það sama ár fól þáverandi heilbrigðisráðherra, Svavar Gestsson, landlækni að annast rannsókn á lækningarmætti jarðsjávarins við Svartsengi. Þær rannsóknir hófust ekki fyrr en sumarið 1983 m.a. vegna aðstöðuleysis við lónið. Það ár var sett upp rannsóknnaáætlun og var áformáð að rannsóknin færi fram um haustið. Hins vegar tókst ekki að fá nægan fjölda

þátttakenda í rannsóknina og dróst hún til ársins 1985. Það ár stóð hún yfir frá því í júlí og þar til í nóvember og tók 21 einstaklingur þátt í henni.

Niðurstöður þessarar rannsóknar liggja fyrir hjá landlæknisembættinu. Í stuttu máli sagt gefa þær vísbendingu um að bød í Bláalóninu bæti líðan psoriasisjúklinga.

Í framhaldi af þessari rannsókn stóð landlæknisembættið fyrir annarri rannsókn í samvinnu við húðlækningadeild Landspítalans á árunum 1986-1987. Í þeiri rannsókn var annars vegar borinn saman árangur af daglegum böðum í Bláalóninu í þrjár vikur og hins vegar hefðbundin meðferð á psoriasis á göngudeild húðlækningadeilda Landspítalans.

4.3. Aðstaðan.

Svo sem að ofan greinir hafði Bláalónið vakið athygli og fljótlega komu Samtök psoriasis- og exemsjúklinga sér þar upp baðaðstöðu fyrir félagsmenn. Þá varð Bláalónið einnig fljótt áhugaverður staður fyrir aðra gesti sem gjarnan vildu baða sig í lóninu. Einnig vakti staðurinn fljótt áhuga útlendinga sem fannst staðurinn og umhverfið tilkomumíkið. Leið ekki á löngu þar til ljóst var að staðurinn bauð upp á möguleika á viðskiptum og þjónustu tengdri Bláalóninu. Petta leiddi til þess að uppbygging hófst þar á allt öðrum forsendum en hitaveituframkvæmdir á svæðinu. Sífellt jókst ferðamannafjöldinn og um 1990 sóttu staðinn um 50 - 60 þúsund manns.

Pegar nefndin tók til starfa var þar rekið lítið hótel, Hótelid við Bláalónið, og boðið upp á morgunverð, auk þess sem gestir höfðu sjálfir afnot af eldhúsaðstöðu. Veitingahús var einnig til staðar, Veitingahúsið við Bláalónið, sem bauð upp á hvers konar þjónustu í mat og drykk. Þá var þar einnig allgóð baðaðstaða, í eigu Hitaveitu Suðurnesja. Var hún leigð til einkaaðila sem annaðist rekstur hennar. Hafði honum verið sagt upp samningum þar sem fyrirhugaðar voru breytingar á rekstrinum.

Pannig var staðan í stuttu máli árið 1991 er sú þingsályktun var samþykkt sem nefndinni var falið að vinna eftir. (*Fskj.1*)

V. RANNSÓKNIR OG KANNANIR

5.1. Fjármögnun rannsóknanna.

Nefndinni var ljóst að hlutverk hennar væri fyrst og fremst að kanna hugsanlegan lækningamátt Bláalónsins og að til þess yrði að gera viðamiklar rannsóknir. Þar að auki gerði nefndin sér grein fyrir því að ýmsa fleiri þætti yrði að skoða og varð niðurstaðan sú að nefndin kostaði margar mismunandi rannsóknir og kannanir sem hún telur að komi að gangi við uppbyggingu aðstöðu við Bláalónið.

Til að unnt væri að hefja lækningaránnsóknir við lónið varð að endurbæta og breyta aðstöðunni þar og ljóst var að sú fjárveiting sem nefndin fékk frá Alþingi dygði hvergi til slíkra framkvæmda.

Eins og fyrr segir leitaði nefndin eftir góðu samstarfi við flesta hagsmunaðila sem á einhvern hátt tengdust Bláalóninu og uppbyggingu þar. Var ákveðið að leita til þeirra um aðstoð við uppbyggingu og framkvæmd rannsóknanna. Hér var um óvanaleg vinnubrögð að ræða af hálfu opinberrar nefndar og kostaði mikla vinnu af hálfu hennar. Er skemmt frá því að segja að undirtekjur voru með miklum ágætum og sýndu jákvæðan hug styrktaraðila til uppbyggingar við Bláalónið og trú á því verkefni sem nefndin vann að.

Pessir aðilar voru: Fiskmarkaður Suðurnesja, Grindavíkurbær, Heilsufélagið við Bláalónið, Hitaveita Suðurnesja, Höpsnes h/f, iðnaðarráðuneytið, Íslenska heilsufélagið h/f, Íslenskir aðalverktakar, Keflavíkurbær, Keflavíkurverktakar, Njarðvíkurbær, Sameinaðir verktakar, samgönguráðuneytið, Sandgerðisbær, Sparisjóðurinn í Keflavík og Verkefnisstjórn Bláalónsins á Suðurnesjum. Án aðstoðar þessara aðila hefði nefndin vart getað látið framkvæma þær rannsóknir sem hún hefur staðið fyrir og vill nefndin þakka þeim sérstaklega.

Stærstur var án efa hlutur Hitaveitu Suðurnesja sem byggði upp og kostaði algerlega baðhús og sérstakt "tilraunalón" sem notað var við fyrstu rannsóknina. Það var síðan endurbætt og er nú það baðlón sem sjúklingar nota. Aðalálastæðan fyrir því að út í þá framkvæmd var, farið var að þeir sem tækju þátt í rannsóknum yrðu ótruflaðir af annarri starfsemi, að hægt yrði að fylgjast með lóninu, að nefndin væri óbundin af annarri starfsemi við Bláalónið og að athugað yrði hvort efnasamsetning á lífríki vatnsins breyttist við aðra staðsetningu. Ennfremur var ljóst að ógerlegt var að samnýta búningsaðstöðu og aðra aðstöðu sem fyrir hendi var, vegna þrengsla.

Þá vill nefndin einnig þakka Alþingismönnum og fjárlaganefnd Alþingis fyrir mikinn skilning á starfi nefndarinnar. Nefndin kostaði kapps um að gera

nákvæmar fjárhagsáætlanir og standa við þær og uppskar á móti það traust að fá ávallt þá fíjárveitingu sem hún sótti eftir.

Sömuleiðis naut nefndin mikils skilnings þeirra ráðherra sem fóru með stjórn heilbrigðismála á starfstíma nefndarinnar, svo og starfsfólks heilbrigðisráðuneytisins. Fyrir þetta er nefndin ákaflega þakklát.

5.2. Lækningaránnsóknir og niðurstöður.

Þingsályktunartillagan um uppbyggingu Bláalónsins fjallaði um rannsókn á almennum lækningamætti þess. Ákveðið var að rannsóknir skyldu fyrst í stað beinast að húðsjúkdómnunum psoriasis en frumkannanir höfðu sýnt að psoriasis sjúklingar fengu nokkurn bata eftir böðun í lóninu. Vel þekkt er að ýmsar meðferðir hafi áhrif vegna sefjunar eða sannfæringar viðkomandi að árangur náist. Er þetta stundum kallað lyfleysu áhrif ("placebo effect"). Þegar nýjar meðferðir eru reyndar er því ætsð reynt að koma í veg fyrir slík áhrif. Best er að hafa rannsóknir "blindar" og helst "tvíblindar". Í þeim tilvikum veit hvorki sjúklingurinn né læknirinn hvaða meðferð hver einstakur sjúklingur fær. Ekki var gerlegt að koma slíkum ráðstöfunum við þegar áhrif böðunar í Bláalóninu voru könnuð, af augljósum ástæðum. Því var ákveðið að framkvæma opna rannsókn.

Veikleikar slíkra rannsókna eru fyrst og fremst þeir að sjúklingar og læknar geta haft áhrif á niðurstöður. Gæti slíkt átt við ef þeim væri akkur í góðum árangri meðferðarinnar. Til að draga úr slíkum hættum skoðuðu tveir læknar sjúklingana í fyrstu tveim rannsóknunum en fjórir í þeirri síðustu. Síðan var athugað hvort mikill munur var á niðurstöðum læknanna.

Fyrsta rannsóknin, sem var einföld opin rannsókn og fólst í böðun, var framkvæmd 1992. Hún var höfð stutt, eða 3 vikur, þótt vitað væri að flestar meðferðir taki að minnsta kosti fjórar vikur. Þetta var gert til að halda kostnaði í lágmarki ef ljóst yrði að engin áhrif fengjust. Enginn samanburðarhópur var hafður í þeirri rannsókn. Þegar jákvæðar niðurstöður fyrstu rannsóknarinnar lágu fyrir var ljóst að frekari rannsókna var þörf.

Næsta rannsókn, sem fór fram 1993, var því höfð lengri og var þá notaður samanburðarhópur sem fékk sömu meðferð, en án baða í Bláalóninu. Af þessum rannsóknum töldum við ljóst að böðun í lóninu hefði jákvæð áhrif á húðsjúkdóminn psoriasis.

Lokarannsóknin sem framkvæmd var 1994-1995, var gerð til að kanna hve oft þyrfti að meðhöndla sjúklinga í lóninu til að árangur næðist. Rannsóknunum stjórnæði dr.med. Jón Hjaltalín Ólafsson.

Allar voru þær framkvæmdar í samvinnu við Heilsufélagið við Bláalónið og framkvæmdastjóra þess, Grím Sæmundsen, sem ávalt var reiðubúinn til að aðstoða nefndina við það sem óskað var eftir.

A. Lækningaránnssókn ágúst-september 1992. *Fylgiskjal 2.*

Rannsóknaraðilar: Jón Hjaltalín Ólafsson, dr.med., Bárður Sigurgeirsson, dr.med., Rannveig Pálssdóttir, sérfræðingur.

Fyrsta sjúklingaránnssóknin á lækningamætti Bláalónsins fór fram í ágúst -september 1992. Hentugast þótti að meðhöndla alla sjúklingana í einu og var því leitað til Þýskalands til að fá nægjanlegan fjölda psoriasisissjúklinga. Einnig þótti gott að reyna meðferð á útlendingum sem síðar ættu e.t.v. eftir að verða aðalmarkhópur meðferðar.

Fengnir voru 27 þýskir psoriasisissjúklingar valdir af þýskum húðlæknum. Þeir dvöldust í hótelinu við Bláalónið og böðuðu sig í lóninu í eina klukkustund 3svar á dag í 3 vikur. Engin önnur húðmeðferð var leyfð í 6 vikur fyrir meðferð og meðan á meðferð stóð. Sjúklingarnir voru skoðaðir af íslenskum húðsjúkdómalækni fyrir meðferð og síðan eftir 1, 2 og 3 vikur. Við þá skoðun var lagt mat á útbreiðslu sjúkdómsins og útbrotin mynduð. Mat þetta kallast PASI-skor (Psoriasis Area and Severity Index).

Niðurstöðurnar sýndu að meðaltal PASI-skorar minnkaði frá 16,1 í upphafi meðferðar í 8,1 í lok meðferðar. Þessi lækkun er tölfræðilega marktæk ($p = 0,01$). Mest varð lækkun PASI-skorar eftir fyrstu meðferðarvikuna. Hreisturmyndun psoriasisiblettanna minnkaði fyrst en síðan minnkaði roðinn í blettunum. Hinsvegar minnkaði yfirborð blettanna ekki að ráði. Enginn sjúklinganna gréri aveg og enginn versnaði. i

Meðferðin stóð einungis í 3 vikur og því var ekki búist við að sjúklingarnir gréru af húðsjúkdóminum (venjulegur meðferðartími á sólarströndum og við Dauðahafið er 4 vikur).

Rannsóknin sýndi að böðun í Báalóninu hefur góð áhrif á psoriasis. Einnig kom í ljós að böðun í lóninu ein sér er ekki nægjanleg til að psoriasis grói. Augljóst var eftir þessa fyrstu rannsókn að frekari rannsókna var þörf og því var önnur rannsókn framkvæmd síðumars 1993.

Fyrsta rannsóknin birtist í Tímariti Evrópskra húð- og kynsjúkdómalækna JEADV (Journal of the European Academy of Dermato-Venereology) árið 1994. (Fskj. 2)

B. Lækningaránnssókn ágúst - september 1993.
Fylgiskjal 3.

Rannsóknaraðilar: Jón Hjaltalín Ólafsson, dr.med., Bárður Sigurgeirsson, dr.med., Rannveig Pálsdóttir, sérfræðingur.

Að þessu sinni voru fengnir 22 psoriasisjúklingar frá Þýskalandi. Þeir dvöldust í hótelinu við Bláalónið og böðuðu sig í lóninu í eina klukkustund 3svar á dag en nú var meðferðin lengd í 4 vikur. Samtímis fékk hópurinn ljósameðferð með útfjólubláum B-ljósum eða svokölluðum UVB-ljósum, 5 daga vikunnar. (UVB-útfjólubláir geislar eru notaðir við meðferð ýmissa húðsjúkdóma og er ein aðalmeðferðin sem gefin er við psoriasis). Engin önnur húðmeðferð var gefin önnur en mýkjandi áburðir.

Til að meta hvort meðferð í lóninu ásamt UVB-ljósum væri betri en UVB-ljósameðferð eingöngu, þurfti samanburðarhóp sem fékk eingöngu UVB ljós. Sá hópur var samansettur af íslenskum psoriasisjúklingum. Þýski hópurinn sem fékk meðferð í lóninu, og jafnframt UVB-ljós, fékk allgóðan bata. Árangur meðferðar þess hóps var mun betri en þegar einungis var baðað í lóninu í 3 vikur enda ekki við öðru að búast.

Samanburðarhópurinn sem einungis fékk meðferð með UVB-ljósum fékk einnig allgóðan bata, eins og við var að búast, en slík meðferð hefur verið marg staðfest sem áhrifarík meðferð. Hópurinn sem meðhöndlaður var í lóninu, ásamt UVB-ljósum, fékk hins vegar enn betri árangur. Samanburðurinn var tölfraðilega marktækur.

Niðurstöður þessarar rannsóknar birtust í tímaritinu ACTA Dermato-Venereologica, sem er þekkt og virt tímarit húðsjúkdómalækna. (Fskj.3)

C. Lækningaránnssókn 1995.
Fylgiskjal 4 og 5.

Rannsóknaraðilar: Jón Hjaltalín Ólafsson, dr.med., Bárður Sigurgeirsson, dr.med., Rannveig Pálsdóttir, sérfræðingur og Jón Prándur Steinsson, sérfræðingur.

Á þessu stigi þótti nauðsynlegt að rannsaka hvort nauðsyn væri á daglegum böðum og hvort böðun þyrfti að fara fram oft á dag. Í fyrstu rannsóknunum fengu sjúklingarnir böðun þrisvar á dag, 1 klst. í senn. Ef nægjanlegt væri að baða sjúklinga t.d. 3svar í viku eina klst í senn, næðist mikil hagræðing. Fyrir íslenska sjúklinga gæti það t.d. þýtt að þeir gætu stundað vinnu samtímis, a.m.k. ef þeir búa á Suðurnesjum eða á höfuðborgarsvæðinu.

Til að ná tölfræðilega marktækum niðurstöðum þurfti 25 sjúklinga í hvern hóp sem rannsaka átti. Hópur 25 íslenskra psoriasisísjúklinga var valinn af læknum rannsóknarinnar. Var farið eftir sömu kröfum um útbreiðslu sjúkdómsins og í fyrri rannsóknum. Erfitt reyndist að velja hópa þannig að þeir væru svipaðir hvað varðar útbreiðslu fyrir meðferð, en það tókst allvel þótt þýski hópurinn væri örlistið öðru vísni samsettur. Nauðsynlegt var að velja hvern og einn sjúkling án tillits til þeirra sem þegar voru komnir í hópinn. Samanburðarhópurinn var sá sami og í fyrri rannsókninni, þ.e.a.s. sá hópur sem einungis fékk UVB-ljósameðferð. Sjúklingarnir dvöldust heima hjá sér en fóru í Bláalónið 3svar í viku og böðuðu sig í um það bil eina klst. í senn og fengu síðan UVB-ljós á staðnum.

Árangur þessarar meðferðar var góður, þótt hann væri ekki alveg sambærilegur við þá hópa sem dvöldust í hótelinu við lónið og fengu meðferð daglega, sbr. rannsóknir a) og b).

Yfirlitsgreinar um rannsóknir á lækningarmætti Bláalónsins hafa verið birtar í þekktum læknatímaritum. Birting niðurstaðna þeirra er lykillinn að því hvort unnt sé að kynna starfsemina sem lækningastarfsemi og jafnframtí viðurkenning á því að vel hafi verið að rannsóknunum staðið.

5.3. Lífríkisrannsóknir og niðurstöður.

Þrjár rannsóknir voru framkvæmdar á lífríki Bláalónsins. Nefndin samdi við Íðntæknistofnun um framkvæmd þeirra og voru þær undir stjórn dr. Jakobs K. Kristjánssonar, lífefnafræðings. Með honum að rannsóknunum vann Sólveig K. Pétursdóttir, líffræðingur.

Yfirlitsgrein um þessar rannsóknir birtist í tímaritinu FEMS Microbiology Ecology 1996. *Fylgiskjal 6.*

A. *Lífríki Bláalónsins - janúar - maí 1992. - tegundasamsetning, þéttleiki og lífsskilyrði.* *Fylgiskjal 7.*

Í þessari rannsókn var könnuð tegundasamsetning lífvera í Bláalóninu, þéttleiki þeirra og lífsskilyrði. Var þetta fyrsta rannsóknin sem nefndin stóð fyrir og einnig fyrsta lífríkisrannsóknin sem gerð var í Bláalóninu.

Í ljós kom að helstu umhverfisþættir sem einkenna Bláalónið, fyrir utan hina gífurlegu kísilútfellingu, eru að meðalhitastig er um 37°C , meðalsýrustig um pH 7,5 og meðalsaltstyrkur um 2,5%. Hitastigið er afar sveiflukennt eftir veðri. Í lóninu er einstakt náttúrulegt lífríki sem einkennist af fáum tegundum

örvera. Mest ber á einni tegund af blágrænum þörungum, en önnur tegund finnst þar einnig. Engir sveppir, dýr eða plöntur fundust í lóninu.

Gerlaflóran er líka einsleit með einni tegund ríkjandi og örfáum öðrum í mun minna magni. Utanaðkomandi mengunarbakteríur þrífast ekki í lóninu og drepast mjög fljótt.

Næringsöltin fosfat og nítrat virðast takmarkandi fyrir vöxt þörunga í lóninu. Þörungarnir ræktuðust nokkuð vel á rannsóknarstofu við gerviljós og þeir ættu því að geta vaxið innan húss. Þörungarnir geta vaxið á nokkuð breiðu hitastigsbili, eða frá 22°C upp í 46°C .

Út frá þeim upplýsingum sem tókst að afla virðist sem nákvæmlega eins fyrirbæri og Bláalónið finnist ekki annars staðar í veröldinni. (*Fskj. 7*)

B. Ísfríki Bláalónsins - júlí - september 1993.

- "tilraunalón - viðbótarrannsókn"

Fylgiskjal 8.

Pessi rannsókn var "viðbótarrannsókn" við þá sem framkvæmd var fyrrihluta ársins 1992. Var ísfríki "tilraunalónsins" kannað á meðan á fyrstu lækningaránnsókninni stöð. Rannsóknin var nauðsynleg til að ganga úr skugga um að ísfríki þess lóns væri eins og sjálfs Bláalónsins. Hefði annað komið í ljós var ekki unnt að nota það til frekari rannsókna.

Rannsakaðir voru umhverfisþættir, s.s. hitastig, sýrustig og saltsykur. Kom í ljós að þeir eru nánast eins í tilraunalóninu og Bláalóninu. Styrkur fosfata og nítrata er nánast sá sami. Ef sveifla verður á einhverjum þættinum, á hún sé stað jafnt í tilraunalóninu og í Bláa lóninu.

Athuganir á þörungagröðri leiddu í ljós að hann er sá sami í tilrauna-lóninu og í Bláa lóninu. Sömu sögu er að segja af niðurstöðum gerlarannsókna. Magn og tegundir gerla eru þær sömu á báðum stöðum. Þetta leiðir til þeirrar meginniðurstöðu að tilraunalónið og Bláalónið séu eins. (*Fskj. 8*)

C. Lífríkisrannsókn 1992 - 1993.

- "Lokarannsókn - Lokaskýrsla"

Fylgiskjal 9.

Rannsóknin var með sérstakri áherslu á greiningu á aðalþörungategund lónsins, könnun á ræktunarskilyrðum og framleiðsluaðferðum fyrir þörunga, í september 1992 - desember 1993.

Tegundagreining á aðalþörungategund Bláalónsins var framkvæmd af frönskum þörungasérfræðingi og leiddi í ljós að hér er um *Leptolyngbya erebi* var *thermalis* að ræða. Pessi tegund sem er afar sjaldgæf hefur fundist í

Austurríki og Ungverjalandi í heitum lindum (37°C) og afbrigði tegundarinnar hefur fundist á Suðurskautslandinu.

Kjörhitastig þörungsins er um 40°C og kjörsýrustig á bilinu pH 7,5 - 8,0. Þörungurinn getur lifað við breitt seltubil eða frá 1 - 6% en þá er farið að draga verulega úr vexti. Þörungurinn drepst við 7 - 8% seltu. Þörungurinn virðist komast af án fosfata en þarf nítrat 30 uM til að geta vaxið. (Fskj. 9)

D. Framhaldsrannsóknir.

Á vegum Líftæknideildar Iöntæknistofnunar hafa rannsóknir á Bláalóninu haldið áfram, m.a. með styrk frá Vísindasjóði.

Enda þótt Bláalónsnefnd hafi ekki átt fjárhagslega aðild að þessum rannsóknum eru þær í beinu framhaldi af þeim rannsóknum sem nefndin stóð fyrir.

Niðurstöður úr framhaldsrannsóknum á fleiri örverutegundum sem finnast í lóninu hafa verið sendar til birtingar í alþjóðlegu tímariti. Allt bendir til að þessum lífríksrannsóknum verði haldið áfram enda hafa þær allar sannað það sem kom fram í fyrstu rannsókninni "að nákvæmlega eins fyrirbæri og Bláalónið finnst hvergi annars staðar í veröldinni"

5.4. Efnarannsókn.

Fylgiskjal 10.

Orkustofnun hafði gert athuganir um efnasamsetningu vökva í Bláalóninu og skilað um það niðurstöðum 28. maí 1991, eða áður en Bláalónsnefnd tók til starfa. Þar sem enn vantaði upplýsingar um ýmsa þungmálma og önnur sporefni í vatni Bláalónsins og kísileðju þess, ákvæð nefndin, seinnihluta ársins 1995, að kosta rannsókn á því sviði.

Samið var við Orkustofnun um framkvæmd hennar. Var athugunin framkvæmd undir stjórn Hrefnu Kristmannsdóttur, jarðefnafræðings.

Helstu niðurstöður rannsóknarinnar eru þær, að miðað við affallsvatn úr orkuveri er selta vatns í meðferðarlaug og á baðstað allt að þriðjungi lægri.

Kísilleðjan virðist vera nægilega vel kristólluð til að binda vatn í kristalsgrind. Sumir málmar eins og ál, járn og mangan virðast bindast kísilleðjunni og skolast ekki burt við þvott.

Full ástæða er til að endurtaka greiningar með vissu millibili til að fylgjast með því hvort einhverjar breytingar eiga sér stað. (Fskj. 10)

5.5. Markaðskannanir.

A. Stöðugreining á umfangi psoriasismeðferða. Fylgiskjal 11.

Nefndin samdi við Heilsufélagið við Bláalónið h/f um að vinna að stöðugreiningu á umfangi psoriasismeðferða í nágrannalöndum Íslands. Var skýrslan unnin í október, nóvember og desember 1993. Markmiðið með skýrslunni var að varpa ljósi á fjölda og tegundir meðferða psoriasisjúklinga í nágrannalöndum okkar Íslendinga. Taldi nefndin að úttekt sem þessi myndi verða innlegg í ákvarðanir við framtíðarstefnumótun Bláalónsins.

Samantekt og niðurstöður könnunarinnar eru á sérstöku fylgisskjali og skýrslan í heild fylgir gögnum nefndarinnar. (*Fskj.11*)

B. Greining markaðar og kostnaðarútreikningar.

Nefndin samdi við Stefánú K. Sigfúsdóttur, sem var að ljúka kandidatsnámi frá viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands vorið 1992, um að prófverkefni hennar yrði skoðanakönnun meðal psoriasis- og exemsjúklinga um viðhorf þeirra til lækningamáttar Bláalónsins, aðstöðunnar og uppbyggingar.

Vísast til skýrslunnar í heild í gögnum Bláalónsnefndar.

VI. KYNNISFERÐIR

Nefndin taldi nauðsynlegt að kynna sér heilsustaði erlendis og fór hluti nefndarinnar í þrjár kynnisferðir í því skyni. Veitti heilbrigðisráðuneytið heimildir til ferðanna.

6.1. Ferð til Belgíu, Pýskalands, Sviss og Frakklands 1992.

Fylgiskjal 12.

Í maímaðuði 1992 fór hluti nefndarinnar til Spaas í Belgíu, Bad-Ems, Wisbaden og Baden-Baden í Pýskalandi, Rheinfelden í Sviss og Contréxeville í Frakklandi til þess að kynna sér starfsemi heilsustaða og heilsuhótel. Tók ferðin tæpa viku. Aðaltilgangurinn með ferðinni var að kynna sér rekstur og fyrirkomulag slíksra stofnana, sem og þáttöku hins opinbera í kostnaði við starfsemina. Ennfremur að kynna sér sérstaklega starfsemi fyrir psoriasisissjúklinga.

6.2. Ferð til Ísrael 1993.

Fylgiskjal 13.

Í september 1993 fór hluti nefndarinnar í ferð til Ísrael til þess að kynna sér starfsemi við Dauðahafið, í tengslum við meðferð psoriasisissjúklinga. Að mati sérfróðra aðila var nefndinni sérstaklega ráðlagt að kynna sér starfsemina við Dauðahafið, en þar er margra alda hefð fyrir meðferðarstarfi og áratuga hefð fyrir skipulegu meðferðarstarfi fyrir psoriasisissjúklinga.

6.3. Ferð til Pýskalands 1994.

Fylgiskjal 14.

Í október 1994 fóru þrír nefndarmenn til Pýskalands, samræmi við áætlun nefndarinnar um kynnisferðir til nágrannalandanna. Hér var um að ræða síðustu ferð skv. áætlun nefndarinnar.

Tilgangurinn með ferðinni var að kynna sér þær tvær heilsustofnanir, Bad Bentheim og Bad Salzschrifsem, sem eru langstærstar á þýskum markaði og fást við lækningar á psoriasis- og gigtarsjúkdónum. m.a. með notkun vatnsbaða, ljósalampra og leirs og með skipulagðri endurhæfingu undir leiðsögn lækna og annars viðurkennds heilbrigðisstarfsfólks.

VII. FERÐAPJÓNUSTA

7.1. Fjölbreytt umhverfi.

Eitt af því sem nefndin ræddi sérstaklega var hlutverk ferðapjónustu á Bláalónssvæðinu og hvernig mætti auka hana. Kallaði hún til fundar við sig ýmsa aðila sem hafa sérþekkingu á þessum málum og fór í könnunarferðir um svæðið.

Ferðapjónusta er í örum vexti. Sífellt bætast við áhugaverðir þættir og sérþekking í atvinnugreininni eykst með hverju árinu. Því er innlegg nefndarinnar fjarri því að vera tæmandi, - getur aldrei orðið það, en skoðast sem hugmyndabanki og innlegg í umræðuna.

Ljóst er að Bláalónið hefur mikið aðdráttarafl, ekki síst fyrir erlenda ferðamenn. Einn aðili sem tjáði sig við nefndina taldi að Bláalónið væri einhver mesti hvalreki sem ferðapjónustan hefði eignast í mjög langan tíma og nefndi til viðmiðunar gosið í Vestmannaeyjum og "fæðingu" Surtseyjar.

Nefndin er þeirrar skoðunar að þetta aðdráttarafl eigi að nýta og að með skipulagningu og ákveðnum framkvæmdum, sem ekki þurfa að kosta mikið fé, megi stórauka umferð ferðamanna til Bláalónsins og á Reykjanessvæðið í heild sinni.

Pá er rétt að undirstrika nauðsyn þess fyrir uppbyggingu heilsustofnunar við lónið að til staðar sé fjölbreytt afþreyingarstarfsemi fyrir dvalargesti. Jafnframt er bent á að sú starfsemi geti að verulegu leyti falist í því að bæta möguleika gestanna til að ferðast um nágrennið og Reykjanesskagann.

Nefndin bendir á að jarðfræði Reykjanesskaga er einstæð og fjölbreytt. Finna má flestar gerðir eldgíga; þar eru hrauntjarnir og misgengissprungur og þar má fylgjast með jarðskjálfta, eldvirkni og háhita sem flestum erlendum gestum eru framandi þættir.

Fuglalíf er fjölbreytt, ekki síst á vorin og síðumars, og dregur það að sér fjölda ferðamanna ef vel er að staðið.

Ýmsar sögulegar minjar eru á Reykjanesi sem jafnan vekja athygli innlendra jafnt sem erlendra ferðamanna ef nauðsynlegar upplýsingar eru til staðar.

Atvinnulíf á svæðinu er fjölbreytt og m.a. vekja fiskveiðarnar og vinna þeim tengd athygli, enda nýstárleg í augum fjölda erlenda ferðamanna.

Á svæðinu er alþjóðlegur flugvöllur, nánast sá eini á landinu og því eiga langflestir erlendir gestir leið um svæðið. Nauðsynlegt er að fá þá til að eiga þar viðdvöl ef auka á tekjur svæðisins af ferðapjónustu.

Sífellt færst í aukana áhugi manna á að njóta náttúrunnar. Einn þátturinn er gönguferðir og ber að fagna nýmerktri gönguleið frá Reykjanestá til

Þingvalla. Ýmsar aðrar gönguleiðir eru til staðar og ber að vekja athygli á þeim. Ekki síst á þetta við um fornar gönguleiðir á svæðinu sem ávallt vekja sérstakar tilfinningar þeirra sem um fara.

Greinargóðar upplýsingar um svæðið eru forsenda nýtingar þess.

7.2. Vegaframkvæmdir.

Aftur og aftur kom upp í umræðum nauðsyn þess að bæta vegakerfið um Reykjanesskagann til að efla ferðapjónustu á svæðinu. Sérstaklega var þar bent á uppbyggingu nýs végar um suðurströnd Reykjanesskaga, frá Prengslavegi að Grindavík og þaðan að Reykjanestá sem hefði góða tengingu við Bláalónið. Ennfremur var bent á nauðsyn þess að lagfæra og merkja vegaslóða sem til eru á skaganum. Reynslan sýnir að með betri og öflugri farartækjum eru þessar leiðir farnar og þá oft á tímum þjösnast á landinu sem er viðkvæmt og lengi að ná sér. Ekki verður því séð að þeim verði lokað heldur telur nefndin að ráðlegra sé að merkja þær og halda þeim við. Uppbygging þessara vega gefur einnig möguleika á skoðun áhugaverðra staða sem mörgum eru ókunnir nú.

7.3. Dægradvöl.

Einn þáttur tengdur ferðamennskunni, og jafnframt uppbyggingu Bláalónsins sem dvalarstaðar fyrir sjúklinga og aðra gesti, er fjölbreytt dægradvöl innanhúss.

Í kynnisferðum sínum varð nefndin þess áþreifanlega vör að allir staðirnir, sem heimsóttir voru, kostuðu kapps um að hafa nóg af slíku. Má m.a. nefna að einn staður í Þýskalandi hafði á að skipa sérstökum leikhússal og í Frakklandi var rekið stærsta spilavíti borgarinnar í tengslum við heilsustöðina.

Pegar sjúklingar þurfa að dvelja á jafn "einangruðum" stað, sem Bláalónið er, þarf að huga að þessum þætti sérstaklega. Dægradvöl af þessu tagi getur verið skipulögð dagskrá með vönduðum flytjendum menningarátriða, sameiginleg dagskrá, s.s. spilavöld, bingó, ferðalög og dans, og hún getur falist í framboði á afþreyingarefnni fyrir ljósvakamiðla.

Nefndin sér ekki ástæðu til að telja frekar upp einstök atriði en leggur áherslu á að þessum þætti verði sinnt.

VIII. BLÁA LÓNIÐ HF

Fylgiskjal 15.

8.1. Gagnkvæm samvinna.

Heilsufélagið við Bláalónið hf. var stofnað í júní 1992. Með stofnun þess varð mikil breyting á rekstri baðaðstöðunnar og uppbyggingu heilsuaðstöðu á svæðinu. Bláalónsnefndin hefur átt náið samstarf við félagið og starfsfólk þess sem hún þakkar fyrir.

Nefndin mælti með því að félagið fengi leyfi heilbrigðisráðuneytisins fyrir rekstri göngudeildar fyrir húðsjúklinga og veitti félaginu þann stuðning sem nefndinni var mögulegur. Sömuleiðis veitti Heislufélagið nefndinni margháttáða aðstoð, ekki síst við framkvæmd rannsóknanna og fékk félagið að nýta sér niðurstöður þeirra jafnöðum og þær lágu fyrir.

Báðum þessum aðilum var ljóst að samvinna, gagnkvæmur trúnaður og miðlun upplýsinga væri forsenda árangurs. Í reynd má segja að saman unnu Bláalónsnefndin og Heilsufélagið við Bláalónið hf. að "módelsmiði" sem á næstu árum mun taka á sig fullmótaða mynd. Vegna þessa mun hér verða gerð sérstök grein fyrir Heilsufélaginu við Bláalónið hf, sem nú heitir Bláalónið hf. skv. upplýsingum frá Grími Sæmundsen framkvæmdastjóra þess.

8.2. Heilsufélagið við Bláalónið hf. / Bláa lónið hf.

Eins og fyrr segir var Heilsufélagið við Bláa lónið hf. stofnað í júní 1992. Stofnaðilar voru Íslenska heilsufélagið hf. og Grindavískurbær.

Tilgangur félagsins var rekstur og uppbygging gjaldeyrisskapandi heilsuferðaþjónustu og almennrar ferðaþjónustu við Bláalónið. Einnig framleiðsla á heilsu- og fegrunarvörum úr hráefnum tengdum Bláalóninu, fyrst og fremst til útflutnings.

Á aðalfundi félagsins í lok júní 1993 var hlutafé aukið í 30 milljónir króna og gerðust þá öll önnur sveitarfélög á Suðurnesjum, Hitaveita Suðurnesja, Eignarhaldsfélag Suðurnesja hf., Íslenskir aðalverktakar sf. og Delta hf. hluthafar í félaginu. Á hluthafafundi í nóvember 1993 var hlutafé enn aukið, nú í 100 milljónir króna. Skráðu eigendur sig fyrir allri hlutafjáraukningunni. Er þetta hlutafé allt innborgað til félagsins.

Á aðalfundi félagsins 1995 var nafni félagsins breytt og heitir það nú: Bláalónið hf (BL).

Skipta má núverandi starfsemi félagins í fjögur meginþróð:

- * Ferðaþjónustu (baðhús - veitingar - minjagripir - gisting)
- * Meðferðarþjónustu (psoriasisissjúklingar)

- * Framleiðslu (húðverndarvörur)
- * Stjórnun (samræming rekstrar og undirbúningur uppbyggingar framtíðarbaðstaðar).

8.3. Ferðapjónusta við Bláalónið.

BL hefur nú rekið ferðapjónustu við Bláalónið í rúmlega tvö ár. Fjöldi gesta árið 1995 var u.p.b. 125 þúsund. Frá því að rekstur baðhúss við Bláalónið hófst hefur það haft mun meira aðdráttarafl fyrir erlenda gesti en innlenda, fyrst og fremst vegna þess að það hefur verið betur kynnt gagnvart útlendingum. Skv. upplýsingum opinberra aðila er Bláalónið þekktasti ferðamannastaður á Íslandi í flokki náttúruundra, ásamt Gullfossi og Geysi. Bláalónið keppir því við þessi svæði og önnur álíka um athygli erlendra ferðamanna.

8.4. Meðferðarþjónusta við Bláalónið.

BL hefur unnið markvisst að undirbúningsstarfi til að unnt væri að hefja markaðssetningu ferða fyrir erlenda psoriasisjúklinga til meðferðardvalar við Bláalónið og einnig að skapa aðstöðu fyrir íslenska psoriasisjúklinga til að nýta lækningamátt lónsins í baráttunni við sjúkdóm sinn. Er ljóst að fram á sjónarsviðið er kominn nýr náttúrulegur meðferðarvalkostur við psoriasis: Bláalónið.

Á grundvelli rannsókna Bláalónsnefndar og meðmæla nefndarinnar hefur fengist starfsleyfi heilbrigðisráðuneytis og rekur BL nú viðurkennda göngudeild fyrir psoriasisjúklinga í 250m² húsnæði við Bláalónið undir faglegri yfirstjórn húðsjúkdómalæknis og hjúkrunarframkvæmdastjóra. Tryggingastofnun ríkisins greiðir að fullu fyrir þjónustu við íslenska psoriasisjúklinga sem sækja meðferð við Bláalónið. Íslenskir psoriasisjúklinga komu u.p.b. 3500 sinnum á göngudeildina á síðasta ári, en gert er ráð fyrir að meðalfjöldi meðferðarskipta til að ná fullum árangri sé 18-22. Hefur meðferðarárangur margra íslensku sjúklinganna verið ótrúlega góður og stutt frekar áðurfengnar vísindaniðurstöður.

Sumir sjúklinganna sem áður þurftu á mjög þungri og dýrri lyfjameðferð að halda, með tilheyrandi hættu á aukaverkunum, hafa getað hætt alveg slíkri meðferð, þar sem þeir hafa náð betri bata en þeir hafa áður kynnt og haldist lengur einkennalausir vegna hættulausrar meðferðar í Bláalóninu. Hafa þessar staðreyndir aukið á kostnaðarhagkvæmni Bláalónsins sem meðferðarvalkosts í samanburði við hefðbundna lyfjameðferð.

Staðfesting íslenska heilbrigðiskerfisins á að göngudeild BL við Bláalónið sé hluti þess, rannsóknaniðurstöður Bláalónsnefndar og samvinna við SPOEX hafa gert BL kleift að kynna Bláalónið fyrir erlendum psoriasisissjúklingum. Markmiðið er að fá erlenda sjúkrasjóði og tryggingastofnanir til að greiða kostnað fyrir skjólstæðinga sína vegna meðferðar við lónið. Mun BL í fyrstu einbeita sér að Norðurlöndum og Þýskalandi, en í þessum löndum öllum er hefð fyrir því að styðja psoriasisissjúklinga til náttúrulegrar meðferðar, bæði á Lanzarote á Kanaríeyjum og við Dauðahafið í Ísrael.

8.5. Framleiðsla úr hráefnum tengdum Bláalóninu.

Frá upphafi hefur BL haft á stefnuskrá sinni að framleiða heilsuvörur til almennrar húðhirðu og einnig fyrir psoriasisissjúklinga, úr hráefnum tengdum Bláalóninu og hefur Bláalónsnefndin veitt fé til þeirrar starfsemi. Félagið hefur einkarétt frá Hitaveitu Suðurnesja til þróunar og framleiðslu heilsu- og fegrunarvara, sem byggist á notkun jarðsjávar og lífríkis hans.

Framleiðslaðstaða hefur verið sett upp til bráðabirgða við Bláalónið (Pilotplan), og hefur verið nýtt til þróunar á vörum úr hráefnum tengdum Bláalóninu.

Þrír grunnflokkar hráefna eru til staðar í Bláalóninu: Einstök samsetning salta með ýmsum snefilefnum, kísilleðja og einstök gerð blágrænuþörunga.

BL hefur lagt í mikinn kostnað við þróun framleiðsluferils til að eima söltin úr jarðsjónum. Hefur nú tekist að ná góðum tökum á ferlinu.

Þá hefur verið sett upp framleiðsluferli fyrir hreinsun og pökkun kísilleðjunnar sem fellur til úr jarðsjónum sem botnfall.

Félagið hefur einnig lagt í mikinn kostnað við að ná tökum á ræktun blágrænuþörungsins. Hefur þessi vinna verið styrkt af Rannsóknaráði og Bláalónsnefnd. Félagið hefur nú einnig náð tökum á þessu framleiðsluferli.

Rakakrem fþlandað söltum úr Bláalóninu hefur verið þróað fyrir almenning og sjúklinga með stuðningi Bláalónsnefndar.

Fleiri húðverndarvörur fyrir almenning og sjúklinga með jurtagrunnum og blöndu salta úr Bláalóninu eru nú í þróun hjá BL.

BL hafa borist fyrirspurnir frá mjög þekktum, öflugum, erlendum aðilum um þróunarstarf félagsins og hugsanlegt samstarf um markaðssetningu varanna á erlendum mörkuðum.

8.6. Uppbygging framtíðarbaðstaðar.

Eitt af meginmarkmiðum með stofnun BL var að félagið yrði í forystu um varanlega uppbyggingu heilsu- og ferðaþjónustu við Bláalónið. Hefur félagið frá upphafi unnið markvisst að undirbúningi þessa verkefnis.

Forsendur þessa eru fyrst og fremst að núverandi athafnasvæði baðstaðar við Bláalónið er inni á miðri 16ð Hitaveitu Suðurnesja. Hafa vaxandi umsvif á baðstaðnum verið forráðamönnum Hitaveitunnar áhyggjuefni, þar sem hvor þrengir að hinum með ófyrirsjáanlegum afleiðingum.

Auk þess hafa margir erlendir gestir, sérstaklega frá meginlandi Evrópu, talið að nálægð baðstaðarins við orkuverið í Svartsengi hafi neikvæð áhrif á ímynd hans, sérstaklega sem heilsubaðstaðar.

Mikil vinna hefur verið lögð í að ákveða staðsetningu nýs baðstaðar. Hafa augu manna sérstaklega beinst að náttúrulegu landfalli lónvökvans í vestur frá orkuverinu í Svartsengi, út á hraunbreiðuna, en þar hefur myndast mikið lón á undanförnum árum.

Komið hefur í ljós við nánari skoðun að þetta nýja svæði býður upp á möguleika til einstæðrar uppbyggingar í hrikalegu, úfnu hrauninu auk þess sem nýta mætti þegar myndað lónstæði til gerðar nýs baðlóns til að raska sem minnst umhverfinu.

Í framhaldi af framanskráðu markaði BL reit til uppbyggingar nýs baðstaðar á leigulandi sínu, er liggar að hinu nýja lóni og sótti í þessu skyni um breytingu á viðauka við aðalskipulag Grindavíkurbærar til skipulagsyfirvalda. Staðfestu skipulagsyfirvöld umbeðna breytingu á viðaukanum, auk vegtenginga að svæðinu.

Gerð hefur verið forsögn að uppbyggingu baðstaðar fyrir almenning og meðferðargesti á hinum nýja stað. Í forsögninni er gert ráð fyrir uppbyggingu í 3-4 áföngum á næstu 7-10 árum.

Gert er ráð fyrir að kostnaður við 1. áfanga sé á bilinu 430-680 milljónir króna eftir því hver ákvörðun um stærð hans verður, en mögulegt er að skipta 1. áfanga í smærri áfangu.

Framkvæmdatími 1. áfanga er áætlaður 2 ár.

- [7] Hurtado, R., Mercado, S., Rocha, S., Gamino, H. and Garibaldi, F. (1981) Treatment of the Cerro Prieto I brine for reinjection. The results of pilot plant tests. Proc. Third Symposium on the Cerro Prieto Geothermal Field. San Francisco, CA. March 24–26.
- [8] Mercado, S., Bermejo, F., Hurtado, R., Terrazas, B. and Hernandez, L. (1989) Scale incidence on production pipes of Cerro Prieto geothermal wells. *Geothermics* 18, 225–232.
- [9] Davies, C.M. and Evison, L.M. (1991) Sunlight and the survival of enteric bacteria in natural waters. *J. Appl. Bacteriol.* 70, 265–274.
- [10] Badzlong, W., Thauer, R.K. and Zelkus, J.G. (1978) Isolation and characterization of *Desulfovibrio* growing on hydrogen plus sulfate as the sole energy source. *Arch. Microbiol.* 116, 41–49.
- [11] Sneath, P.H.A. and Sokal, R.R. (1973) *The Principles and Practice of Numerical Classification. Numerical Taxonomy*. W.H. Freeman, San Francisco.
- [12] Rohlf, F.J. (1987) NTSYS-pc Numerical taxonomy and multivariate analysis system for the IBM PC microcomputer (and compatibles). *Appl. Biostatistics Inc.* Setankel, N.Y.
- [13] Troussellier, M. and Lengendre, P. (1981) A functional evenness index for microbial ecology. *Microbial Ecol.* 7, 283–296.
- [14] Prieur, D., Troussellier, M., Romana, A., Chamroux, S., Mevel, G. and Baleux, B. (1987) Evolution of bacterial communities in the Gironde estuary (France) according to a salinity gradient. *Estua. Coast. Shelf Sci.* 24, 95–108.
- [15] Bjarnason, J.O. (1991) On the chemical composition of the fluid in the Blue Lagoon, Svartsengi. Unpublished report of the National Energy Authority of Iceland (JOB-92/03), 3 pp. (In Icelandic).
- [16] Kristjánsson, J.K. and Hreggvidsson, G.O. (1995) Ecology and habitats of extremophiles. *Wld. J. Microbiol. Biotechnol.* 11, 17–25.

Fylgiskjal nr. 7

Íðntæknistofnun



ÍÐNTÆKNISTOFNUN ÍSLANDS

Keldnaholt, 112 Reykjavík

Sími (91) 68 7000

Telex 3020 Istech is

Póstfax 68 74 09

LÍFRÍKI BLÁA LÓNSINS

TEGUNDASAMSETNING, PÉTTLEIKI OG LÍFSSKILYRÐI

Verkefni unnið fyrir
Bláa lóns nefnd



ITÍ 9211 LD 02
Júní 1992

Jakob K.Kristjánsson
Sólveig K.Pétursdóttir

Efnisyfirlit

1. Inngangur	2
1.1. Um Bláa lónið	2
1.2. Markmið og rannsóknaráætlun	2
2. Aðferðir	3
2.1. Sýnatökustaðir	3
2.2. Umhverfisþættir	3
2.3. Pörungarannsóknir	4
2.3.1. Rannsóknir á sýnum	4
2.3.2. Ræktun þörunga	4
2.4. Gerlarannsóknir	6
2.4.1. Náttúrulegir gerlar	6
2.4.2. Líftöluákvörðun	6
2.4.3. MPN (Most Probable Number) - aðferð	6
2.4.4. Líftími mengunargerla í lóninu	7
2.5. Efnagreiningar	7
2.6. Upplýsingaöflun	7
3. Niðurstöður	8
3.1. Umhverfisþættir	8
3.1.1. Hitastig	8
3.1.2. Sýrustig	10
3.1.3. Saltstyrkur	10
3.2. Pörungarannsóknir	14
3.2.1. Pörungategundir	14
3.2.2. Lífsskilyrði þörungsins	15
3.3. Gerlarannsóknir	19
3.3.1. Náttúruleg örveruflóra	19
3.3.2. Péttleiki gerla	20
3.3.3. Líftími mengunargerla í lóninu	23
3.4. Saltverksmiðjulónið	24
3.5. Efnagreiningar	26
3.6. Sambærilegir staðir	27
3.7. Ókomnar niðurstöður	27
3.8. Tilraunalónið	27
4. Umræða	30
5. Heimildir	31
Viðauki I	32

1 Inngangur

1.1 Um Bláa lónið.

Síðan orkuverið í Svartsengi tók til starfa hefur frárennslisvatninu verið veitt út í hraun þar sem það hefur myndað lón sem kunnugt er. Vökvinn í jarðhitakerfinu er svokallaður jarðsjór. Saltmagn í frárennslisvatninu sem myndar lónið er u.þ.b. 2/3 af því sem er í sjó. Vatn og gufa eru nýtt til að hita upp kalt ferskvatn til húshitunar og til að framleiða rafmagn. Vökvinn er 240°C djúpt í jörðu, en um 70°C þegar hann fellur út í lónið. Magnið sem fellur út í lónið frá orkuverinu er um $900 \text{ m}^3/\text{klst}$.

Efnasamsetning vökvans er þó ekki alveg eins og í sjó. Magnesíum er í mun lægri styrk en vænta mætti í blöndu af sjó og fersku vatni, en kísill í mun hærri styrk (Greinargerð JÖB-91/03).

1.2 Markmið og rannsóknaráætlun

Líftæknideild Iðntækniðstofnunar Íslands var falið að rannsaka líffríki Bláa lónsins í Svartsengi á Reykjanesi. Rannsóknin fór fram á þriggja mánaða tímaðili þ.e. frá 1.mars - 1.júní 1992.

Markmið og framkvæmdaáætlun voru ákveðin strax í upphafi og voru meginmarkmið rannsóknarinnar að svara eftirfarandi spurningum:


- * Hvers konar lífkerfi er til staðar í Bláa lóninu?
- * Eru sambærileg vistkerfi þekkt annars staðar?
- * Hvers konar örveruflóra, fjöldi, gerðir og helstu tegundir eru þarna?
- * Hvaða þörungar eru í lóninu, tegund(ir) og þéttleiki?
- * Hver eru vaxtarskilyrði þörunganna?
- * Er hægt að fá þörungana til að vaxa við gerviljós?

2 Aðferðir

2.1 Sýnatökustaðir

Fjórir sýnatökustaðir voru valdir í upphafi rannsóknartímabilsins (mynd 2.1).

- 1) Við vesturbakka lónsins, þ.e. við afrennslið út úr lóninu.
- 2) Við norðurbakka, austan við baðhúsið.
- 3) Við austurbakkann.
- 4) Við suðurbakkann, þar sem orkuverið er.



Mynd 2.1 Yfirlitsmynd af Bláa lóninu. Mælikvarði 1:2000. Sýnatökustaðir 1-4 eru merktir inn á kortið.
(Myndin er fengin frá Verkfræðistofu Suðurnesja HF.)

2.2 Umhverfisþættir

Umhverfisþættir, þ.e. hitastig, sýrustig og saltstyrkur voru mæld á sýnatökustöðunum fjórum á u.þ.b. viku fresti. Þannig fékkst mynd af því hve einstakir þættir sveiflast mikil yfir þriggja mánaða tímabil. Til samanburðar voru sömu þættir mældir í sýnum sem tekin voru í Saltverksmiðjuninu á Reykjanesi.

Hitastig var mælt með SIKA elektroniskum hitamæli á 20 cm dýpi.

Sýrustig var mælt í vatnssýnum með pH-meter CG 838.

Saltstyrkur var mældur með leiðnimæli í vatnssýnum frá öllum stöðum. Sýnin voru þynnt 1/100 áður en mælt var.

2.3 Pörungarannsóknir

2.3.1 Rannsóknir á sýnum

Fylgst var með vexti þörunganna í lóninu sjálfa yfir rannsóknar- tímabilið. Sýni af gróðri og kísilútfellingum voru skoðuð í smásjá til að athuga nánar vaxtarháttalag og útlit þörunganna.

Markmið rannsóknarinnar var m.a. að greina þörungategund(ir) í lóninu svo og að athuga hvort hægt væri að rækta þörunga úr lóninu við heimatilbúnar aðstæður og kanna þannig lífsskilyrði þeirra. Þörungasýni voru einnig tekin úr Saltverksmiðjulóni á Reykjanesi og athugað hvort um sömu tegund væri að ræða.

Athugað var með smásjárskoðun hvort þörungar fyndust í vatnssýnum. Ennfremur voru tekin kjarnasýni rétt undir vatnsfirborði við lónsbakkana og lagskipting þörungs og kísils athuguð í viðsjá og smásjá. Þörungar voru skoðaðir bæði beint úr sýnum og eftir ræktun til að greina þá til ættkvíslar eða tegundar.

Reynt var að ákvarða þéttleika þörunga á mismunandi stöðum í lóninu með mælingum á ljósgleypnisviði þeirra, en niðurstöður reyndust ekki marktækar þar sem magnið var of lítið.

Ljósgleypni (spectrum) þörungasýna var ákvörðuð í sýnum frá sömu fjórum stöðum í lóninu til staðfestingar á því að hér væri um eina og sömu þörungategundina að ræða.

Sýni voru tekin á mismunandi dýpi til að ákvarða á hvaða hámarksdýpi þörungurinn vex í lóninu.

2.3.2 Ræktun þörunga

Þörungarnir voru ræktaðir á mismunandi æti og við mismunandi hitastig við heimatilbúnar aðstæður og lífsskilyrði þeirra skilgreind út frá þeim.

Reynt var að rækta þörungana á ferns konar æti:

- * BG-11 + 1% NaCl . Æti ætlað Cyanobacterium sem einangraðar eru úr sjó. (sjá s.5)
- * BG-11 + Vatn úr Bláa lóninu (Bl-vatn) (inniheldur kísilagnir).
- * Bl-vatn eingöngu (inniheldur kísilagnir).
- * Bl-vatn + 10 μ M PO₄ og NO₃ . (inniheldur kísilagnir).

BG-11:

NaNO ₃	1,5g
K ₂ HPO ₄	0,04g
MgSO ₄ · 7H ₂ O	0,075g
CaCl ₂ · 2H ₂ O	0,036g
Citric acid	0,006g
Ferric ammonium citrate	0,006g
EDTA	0,001g
Na ₂ CO ₃	0,02g
Snefilefnalausn 160 (sjá neðar)	1,0 ml
Eimað vatn	1,0l

Snefilefnalausn:

Eimað vatn	1,0 l
Titriplex I (nitrotriacetic acid)	12,8g
FeCl ₂ · 4H ₂ O	1,0g
MnCl ₂ · 4H ₂ O	0,5g
CoCl ₂ · 6H ₂ O	0,3g
ZnCl ₂	0,2g
CuCl ₂ · 2H ₂ O	50mg
Na ₂ MoO ₄ · 2H ₂ O	50mg
H ₃ BO ₄	20mg
NiCl ₂ · 6H ₂ O	20mg

Magn: 100 ml ætis f 500 ml erlenmayerflösku (Sode,K. o.fl. 1991)

Hitastig ræktunar: 20-22°C og 40-42°C.

Lýsing: Gróðurpera

2.4 Gerlarannsóknir

2.4.1 Náttúrulegir gerlar

Tegundasamsetning og þéttleiki baktería (gerla) voru athuguð í vatnssýnum sem tekin voru fimm sinnum yfir tímabilið.

Bakterúsýni voru lituð með sérvirkri litun (Gram-litun) til að greina útlit þeirra og flokkun. Lífsskilyrði gerla úr Bláa lóninu voru gróflega ákvörðuð út frá vexti þeirra á ætum sem innihéldu mishátt hlutfall vatns úr lóninu svo og ræktun við mismunandi hitastig.

Vatnssýni fyrir gerlaræktun voru tekin á sýnatökustöðunum fimm sinnum á tímabilinu og þéttleiki, þ.e. fjöldi baktería / ml, ákværðaður með líftöluaðferð (sjá neðar). Annarri aðferð til að ákværða fjölda baktería, MPN- aðferð var beitt einu sinni. Ennfremur var vatnssýni tekið úr Saltverksmiðjulóninu á Reykjanesi og líftala ákvörðuð og borin saman við niðurstöður úr Bláa lóninu.

2.4.2 Líftöluaðferð.

Pynningaröð var útbúin og vatnssýni úr Bláa lóninu þynnt út upp í 10^{-3} . Sýni voru tekin úr öllum þynningum (0,1 ml) og dreift á skálar sem innihéldu PCA næringaræti (sjá s.7) með mismunandi hlutföllum af vatni úr Bláa lóninu á móti eimuðu vatni. Skálarnar voru látnar standa í þrjá daga við 37°C , en teknar út að þeim tíma loknum og baktersukólonfur taldar.

2.4.3 MPN (Most Probable Number) - aðferð.

Pynningaröð $10^{-1} - 10^{-10}$ var útbúin í Bl-vatni og vatnssýni þynnt út. Þrjú sýni voru tekin úr hverri þynningu og sett í glös með PCA-æti ásamt 50% Bl-vatni þar sem kísillinn hafði verið síður frá. Glösin voru svo höfð við 37°C í þrjá daga, en þá var athugað í hve mörgum glösum vöxtur hafði átt sér stað. Niðurstöðurnar voru svo bornar saman við MPN töflu og líftala ákvörðuð.

<u>PCA-æti:</u>	
Tryptone	5,0g
Yeast extract	2,5g
Dextrose	1,0g
Agar	9,0g
Vatn*	1,0 l

* Bláa lóns vatn (Bl-vatn) og eimað vatn í mismunandi hlutföllum.

2.4.4 Liftími mengunarbaktería í lóninu

Athugað var hvort nokkrar algengar bakteríutegundir (m.a. saurgerlar og húðbakteríur) héldu lífi í vatni úr Bláa lóninu. Til samanburðar voru sömu bakteríur settar í 0,2% peptonevatn (næringeræti), 0,85% NaCl og í sjó.

Pynningar (10^{-1} - 10^{-10}) af bakteríunum voru settar í þessar vökkvalausnir og hafðar við 37°C . Sýni voru tekin eftir 3 daga, 5 daga og 7 daga og sett á PCA næringarrikt æti. Þannig fékkst nokkuð godo mynd af því hve lengi þessar bakteríutegundir geta lifað við aðstæður í Bláa lóninu.

2.5 Efnagreiningar

Upplýsingar fengust frá Orkustofnun um efnasamsetningu lónsins sbr. greinargerð JÖB OS 28. maí (viðauki I).

Vatnssýni voru tekin úr lóninu og síuð. Styrkur fosfats og nítrats var mældur og borin saman við mæligildi frá öðrum stöðum.

2.6 Upplýsingaöflun

Upplýsinga var leitað um sambærilega staði og Bláa lónið erlendis með tölvuleit í gagnabönkum á svíðum jarðfræði og líffræði. Ennfremur var haft samband við sérfraðinga á þessu svíði hér heima og erlendis.

Þetta var gert í því skyni að fá samanburð á efnasamsetningu og lífríki Bláa lónsins við önnur hugsanlega sambærileg svæði.


3. Niðurstöður

3.1. Umhverfisþættir

3.1.1. Hitastig

Meðalhiti í Bláa lóninu, ef miðað er við sýnatökustaðina fjóra, sveiflast mjög frá degi til dags (tafla 3.2) eða allt frá því að vera 26°C upp í 44°C . Hitastigið í lóninu er að einhverju leyti háð lofthita en að mestu leyti vindátt og vindstyrk. Þannig mælist hitastig mun lægra í austan og norðaustanátt, þegar vindur stendur að orkuverinu, en í suð- og suðvestan átt þegar vindur stendur af orkuverinu og frárennslisvatnið sem er heitast á yfirborðinu dreifist um lónið. Þetta sést glögglega þegar litið er á niðurstöður yfir meðalhita í lóninu einstaka daga og borið saman við töflu yfir hitastig, vindátt og veðurhæð sömu daga á Keflavíkurflugvelli (tafla 3.1).

Á meðan á rannsókninni stóð var aðalútrennsli frá orkuverinu fært vestar, þ.e. nær afrennslinu frá lóninu. Þessar breytingar sjást vel á mynd 3.1, þar sem hitastigið er hæst við orkuverið (staður 4) framan af tímabilinu, en verður svo hæst við afrennslið (staður 1) þegar lengra lífur á tímabilið.



Mynd 3.1. Niðurstöður vikulegra hitastigsmælinga á 4 staðum í Bláa lóninu á tímabilinu 27.2.-13.5. 1992. Mælingar frá því í mars 1988 til viðmiðunar.


Tafla 3.1 Hiti, vindátt og veðurhæð á Keflavíkurflugvelli í febr. - maí 1992^{a)}

Dags.	kl.	Vindátt	Veðurh.	Hiti °C
27.02.	12:00	V	2	-2,9
03.03.	12:00	A	3	0,6
12.03.	12:00	VNV	5	-5,0
17.03.	12:00	V	4	3,8
23.03.	12:00	V	3	3,4
02.04.	12:00	SSA	3	4,8
08.04.	12:00	SA	5	1,9
13.04.	12:00	A	5	5,1
22.04.	12:00	ASA	7	7,2
30.04.	12:00	NV	6	5,2
07.05.	12:00	A	3	2,4
13.05	12:00	A	3	5,7

a) Upplýsingar frá Veðurstofu Íslands.

3.1.2 Sýrustig

Framan af er sýrustigið tölvert mismunandi á sýnatökustöðunum fjórum, en sveiflast þó mest við frárennslið frá lóninu (staður 1), þar sem staðalfrávikið er 0,35 og við orkuverið (staður 4), þar sem staðalfrávikið er 0,30 (tafla 3.3). Þegar líður á tímabilið kemur þó fram meiri stöðugleiki milli sýnatökustaða og staðalfrávikið verður að jafnaði minna (mynd 3.2).




Mynd 3.2. Niðurstöður vikulegra mælinga á sýrustigi í Bláa lóninu 27.2.-13.5. 1992. Mælingar frá því í mars 1988 til viðmiðunar.

3.1.3 Saltstyrkur

Leiðnin (seltan), sveiflast mest við afrennslið út úr lóninu (staður 1; tafla 3.4), þar sem staðalfrávikið er tæplega $140 \mu\text{S}/\text{cm}$. Þarna fara mæligildin mjög langt niður 27. febrúar og 23. mars en þessar tölur draga meðaltalið mjög niður bæði á þessum stað, svo og í lóninu í heild þessa sömu daga. Meðaltal í lóninu sveiflast líka tölувert frá viku til viku, t.d. úr $368 \mu\text{S}/\text{cm}$ þann 27.2. og upp í $548 \mu\text{S}/\text{cm}$ þann 2.4. Hér virðist þó einnig komast á stöðugleiki eftir því sem líður á tímkambið.

Meðalleiðni í sjó er um $700 \mu\text{S}/\text{cm}$ (3,5% selta) eða töluvvert hærri en í Bláa lóninu, þar sem heildarmeðaltalið er um $490 \mu\text{S}/\text{cm}$ (2,45% selta). Saltverksmiðjulónið á Reykjanesi er hins vegar mun saltara, en þar reyndist meðtal mælinga úr 6 sýnum vera $1259 \mu\text{S}/\text{cm}$, sem jafngildir 6,3% seltu.



Mynd 3.3 Niðurstöður vikulegra mælinga á leiðni (seltu) í Bláa lóninu á tímkabilinu 27.2.-13.5. 1992.
Mælingar frá því í mars 1988 til viðmiðunar.

Tafla 3.2 Hittastígsmaelingar á tímabiliðu 1. mars - 1. Júní 1992

Dagar Stáður	-10 ^{a)}	0	5	14	19	25	35	41	46	55	63	70	76	Medalt.	Stfrv. ^{b)}	
Stáður 1	43	41	15	36	40	44	40	42	44	43	44	46	58	55	42	10,05
Stáður 2	37	36	25	30	35	38	35	29	28	23	20	26	36	33	31	5,81
Stáður 3	42	43	24	42	39	40	36	31	28	26	33	30	33	30	34	6,45
Stáður 4	67	54	40	42	44	47	36	29	30	27	43	35	35	31	40	11,23
Medaltal	47	44	26	38	40	42	37	33	33	30	35	35	41	37	36,96	
S.frav.	13,43	7,59	10,4	5,74	3,70	4,03	2,22	6,24	7,72	9,00	11,17	11,7	11,90			

a) Nýkurstöður mælinga frá því 1 mars 1988

b) Stabelfrávik

Tafla 3.3 Sýrustígsmaelingar á tímabiliðu 1. mars - 1. Júní 1992

Dagar Stáður	-10	0	5	14	19	25	35	41	46	55	63	70	76	Medaltal	Stfrav.	
Stáður 1	7,7	6,9	7,6	7,6	6,8	6,6	7,4	7,7	7,5	7,4	7,4	7,4	7,3	7,5	7,34	
Stáður 2	7,4	7,6	7,5	7,4	7,4	7,5	7,6	7,8	7,6	7,4	7,4	7,4	7,5	7,5	7,50	
Stáður 3	7,8	7,4	7,5	7,3	7,4	7	7,6	7,9	7,5	7,3	7,6	7,5	7,5	7,7	7,50	
Stáður 4	7,6	7,6	7,8	6,9	6,9	7	7,6	7,8	7,9	7,7	7,4	7,7	7,7	7,7	7,55	
Medaltal	7,63	7,38	7,60	7,30	7,15	7,18	7,60	7,83	7,58	7,38	7,53	7,43	7,60	7,43	7,473	
S.frav.	0,17	0,33	0,14	0,29	0,30	0,46			0,16	0,10	0,05	0,15	0,10	0,12		

Tafla 3.4 Leidönumællingar á tímabílinu 1. mars - 1. Júní 1992

Dagur Staður	40	0	5	14	19	25	35	41	46	55	63	70	76	Medall.	Sl.frfv.
Staður 1	578	115	522	502	432	212	586	540	500	412	436	470	510	447	137,87
Staður 2	522	382	492	470	474	454	500	534	506	530	548	506	508	494	43,05
Staður 3	520	458	484	464	444	420	540	514	524	564	574	508	506	502	45,89
Staður 4	527	518	553	412	492	476	564	460	512	562	494	460	480	501	44,68
Medall.	537	368	513	462	461	391	548	512	511	517	513	486	501	486	
Sl.frfv.	27,7	178	31,4	37,27	27,4	121,2	36,8	36,4	10,2	71,7	61,2	24,6	14,1		

3.2 Pörungarannsóknir.

Pörungar eru tölvert áberandi í Bláa lóninu og sjást víska vaxa á yfirborði kísilsins. Þegar kjarnasýni eru tekin rétt undir vatnsyfirborði við lónsbakkana má sjá þörungalög og kísillög á víxl (mynd 3.4). Þörungavöxturinn náði niður á 40 - 50 cm dýpi um miðjan maí.

Svo virðist sem yfirborðsþörungavöxtur nái hámarki á ákv. stað á 2-4 vikum, en líður svo undir lok og drepst að þeim tíma loknum. Hraði kísilútfellinga hefur mikið að segja þar sem kísillinn sest á þörungavöxtinn og hylur hann. Vitað er að þörungategundir geta ljóstillað við þessar aðstæður svo framarlega sem yfirborðslögin sem setjast ofan á verða ekki of þykk. Þörungurinn er þó einnig hreyfanlegur og getur mjakað sér upp og niður í kísillaginu og brugðist á þann hátt við breyttum birtuskilyrðum.

3.2.1 Þörungategundir.

Þörungarnir sem einkenna Bláa lónið teljast til blágrænna þörunga, eða Cyanobacteria. Greining á blágrænum þörungum til tegunda er oft vandkvæðum bundin, þar sem rannsóknir hafa leitt í ljós að hver tegund er harla fjölbreytileg hvað útlitseinkenni varðar eftir því í hvers konar umhverfi hún lifir (Bergery's Manual of Systematic Bacteriology og The Biology of Cyanobacteria).

Við skoðun í smásjá kom í ljós að að aðalþörungur lónsins er þráðlaga og hefur um sig slíður, sem hann vex oft út úr að hluta. Þessi þörungur telst til ættkvíslarinnar *Lyngbya* að öllum líkendum tegundin *Lyngbya estuaria* (mynd 3.5).

Önnur tegund blágræns þörungs finnst einnig í lóninu en í mun minni mæli a.m.k. á tímabilinu sem rannsóknin tók yfir. Þessi þörungur er kúlulaga og telst að öllum líkendum til *Crococcales* ættbálksins (Stainer, o. fl. 1971), en við treystum okkur ekki til að giska á hvaða tegund sé um að ræða. Haft hefur verið samband við franskán sérfræðing á þessu svíði til að aðstoða við endanlega greiningu.

Kísilþörungar finnast einnig í lóninu, en í mun minni mæli en hinir tveir.

Með því að sía vatnssýni og athuga í smásjá var athugað hvort þörungar fyndust í vatnssýnum en svo virðist ekki vera. Þörungarnir virðast því vaxa mest á og í kísilnum á börmum lónsins. Mælingar á ljósgleypnisviði á litarefnum aðalþörungategundarinnar sýna ljósgleypnitoppa við 431, 453, 482 og 655 nm. Engir phycobilintoppar sjást milli 550 og 620 nm, en verið getur að toppurinn við 655nm sé litarefnið allophycocyanin (The Biology of Cyanobacteria). Ljósgleypnisvið (spectrum) sýna, sem tekin voru á sýnatökustöðunum fjórum eru öll eins, sem eindregið bendir til að allsstaðar sé um sama þörunginn að ræða.

3.2.2 Lífsskilyrði þörungsins

Aðalþörungategundin, *Lyngbya sp.* var ræktuð við heimatilbúnar aðstæður í vökvaæti og á föstu æti (myndir 3.6 og 3.7).

Þörungurinn óx á öllum ætum sem getið er um í kafla 2.3., nema þar sem notað var vatn úr Bláa lóninu eingöngu án nokkurra bætiefna og þar sem BG-11 með NaCl án kísils var notað (tafla 3.5). Þörungurinn vex hins vegar vel í vatni úr Bláa lóninu þegar fosfati og nítrati er bætt út í. Þörungurinn getur þó hjarað töluvert lengi þrátt fyrir skort á fosfati og nítrati. Þegar enginn vöxtur var kominn fram eftir einn mánuð í Bláa lóns vatni var fosfati og nítrati bætt út í og kom þá fljótlega fram góður vöxtur.

Hæfilegt magn fosfats og nítrats fyrir vöxtinn virðist vera um $10 \mu\text{M}$ af hvoru. Þegar notað var $100 \mu\text{M}$ af hvoru kom strax fram mikill vöxtur eða blómi (4 dagar), en hann stóð mjög stutt, eða mun skemur en áður og virtist svo drepast fljótt.

Samkvæmt upplýsingum frá starfsmönnum í baðhúsínu við Bláa lónið kemur oft upp mikill þörungablómi í lóninu í júní. Hugsanlegt er að þegar baðgestum fjölgar verði meiri lóðrétt blöndun og upprót úr botni sem hækki styrk næringarefna s.s. fosfats og nítrats. Nokkuð öruggt má telja að þörungavöxtur í lóninu sé almennt takmarkaður af magni þessara næringarefna.

Tafla 3.5 Vöxtur þörungs úr Bláa lóninu á ferns konar æti

Æti	BG-11 NaCl	BG-11+Bl	Bl	Bl+ PO ₄ +NO ₃
Vökvi	-/-	+/+	-/-	+/+
Agar	+/+	+/+	-/-	+/+

Þörungurinn getur vaxið við stofuhita (22°C), en vex mun hraðar þar sem hitastigið er hærra. Í lóninu sjálfu hefur hann fundist við hitastig allt að 46°C .

Athugað var hvort þörungurinn væri háður festingu, þ.e. þyrfti að hafa einhverjar örður til að festa sig við í vatninu. Þegar ræktað var í Bláa lóns vatni með kísilútfellingum með eða án BG-11, settist þörungurinn á kísilinn og myndaði eins konar grænar kúlur. Hins vegar þegar ræktað var eingöngu í BG-11 æti með salti og engar agnir voru í vatninu óx þörungurinn ekki. Hér er því alveg ljóst að þörungurinn þarf festingu og getur ekki vaxið í vökva eingöngu.


Á agaræti virðist sem þörungurinn geti skriðið ofan í yfirborð agarsins og sýnir þar með svipaða hegðun og við náttúrulegar aðstæður, þar sem hann getur skriðið til eins og áður sagði. Hreyfingargeta þörungsins fékkst enn fremur staðfest þegar agarskál með þörungavexti öðrum megin var hulin þeim megin þannig að ljósið náði ekki að skína á þörunginn. Innan fárra daga hafði þörungurinn dreift sér yfir á hinn helming skálarinnar þar sem hann gat nýtt sér birtuna.



Mynd 3.4 Lagskipting kísils og þörungs. Sýni tekið 3/3 1992. Myndin er tekin gegnum viðsjá.
Stækkun u.p.b. 2x.



Mynd 3.5 Sýni úr þörungalagi. Þráðlaga þörungurinn sést greinilega. Myndin er tekin gegnum smásjá
og er stækkunin 1000x.



Mynd 3.6 Blönduð rækti práðlaga og kúlulaga þörunga. Stækjun 1000x.



Mynd 3.7 Hrein rækti práðlaga þörungs. Myndin er tekin gegnum smásjá. Stækjun 1000x.

3.3 Gerlarannsóknir

3.3.1 Náttúruleg örveruflóra

Örveruflóran í Bláa lóninu er mjög einsleit, þ.e. þar virðist aðallega um eina tegund að ræða, Gram neikvæðan, staflaga geril, sem myndar hvítar og gljáandi kóloníur á agaræti. Þessir gerlar eru greinilega saltkærir og aðlagaðir að því umhverfi sem er til staðar í lóninu. Líklega er hér um tegund að ræða sem telst til *Moraxella* ættkvíslarinnar, en nánari greiningu er ekki lokið.

Gerlar voru einangraðir úr vatnssýnum og vatn úr Bláa lóninu notað sem grunnur í ætið. Eftir því sem hlutfall Bl-vatns var hærra á móti eimuðu vatni í ætinu, varð gerlahópurinn einsleitari og nánast aðeins ein tegund, þegar notað var 100% Bl-vatn, þ.e. ofangreind *Moraxella*.

Tvær aðrar tegundir (H og A) hafa einnig verið einangraðar úr lóninu. Þessir gerlar eru þó greinilega í mun minni mæli en fyrrnefnda megingerðin. Þó er um samspli þessara gerlategunda að ræða því H-gerlarnir virka hindrandi á vöxt megingerðarinnar, en A-gerlarnir örva hann. Þetta sést þegar megingerðinni er strikað á skálar og og hinum tveimur gerðunum er strikað þvert á. Þá dvínar vöxturinn þegar megingerðin og H mætast, en örvast hins vegar þegar megingerðin og A mætast. Bæði H og A eru Gram-neikvæðar eins og megingerðin.

Gerlaræktun á 9 stofnum við mismunandi hitastig leiddi í ljós að gerlar einangraðir við orkuverið (staður 4) þola hærri hita en gerlar sem voru einangraðir á hinum sýnatökustöðunum þremur sem dafna best við um 37°C.

Aðrar gerðir örvera, svo sem sveppir fundust ekki í lóninu.

3.3.2 Péttleiki gerla

Niðurstöður úr gerlatalningum í vatnssýnum úr Bláa lóninu eru sýndar í töflum 3.6-3.11. Tölurnar gefa til kynna fjölda baktería í ml.

Tafla 3.6 Niðurstöður yfir líftöluákvörðun úr vatnssýnum sem tekin voru 8. mars 1988 a)

Sýnl	PCA	20%BI	50%BI	100%BI
1	$2,2 \times 10^4$
2	$3,0 \times 10^4$
3	$2,7 \times 10^4$
4	0
Meðalt.	$1,4 \times 10^4$

a) Í þessu tilviki var eingöngu ræktað á 100 % BI.

Tafla 3.7 Niðurstöður yfir líftöluákvörðun úr vatnssýnum sem tekin voru 3. mars 1992

Sýnl	PCA	20%BI	50%BI	100%BI
1	0	150	$1,3 \times 10^5$	$1,0 \times 10^5$
2	0	0	0	$1,0 \times 10^5$
3	0	0	$1,1 \times 10^5$	$8,0 \times 10^4$
4	0	0	$1,3 \times 10^5$	$1,6 \times 10^5$
Meðalt.	0	37	$9,2 \times 10^4$	$1,1 \times 10^5$

Tafla 3.8 Niðurstöður yfir líftöluákvörðun úr vatnssýnum sem tekin voru 17.mars 1992

Sýnl	PCA	20%BI	50%BI	100%BI
1	$3,6 \times 10^3$	$1,8 \times 10^3$	$4,2 \times 10^4$	$1,0 \times 10^4$
2	20	60	$2,0 \times 10^3$	
3	$2,3 \times 10^3$	$1,5 \times 10^4$	$3,1 \times 10^5$	$1,0 \times 10^3$
4	260	$3,0 \times 10^4$	$4,0 \times 10^5$	$1,6 \times 10^5$
Meðalt.	$1,5 \times 10^3$	$1,2 \times 10^4$	$1,9 \times 10^5$	$5,7 \times 10^4$

Tafla 3.9 Niðurstöður yfir líftöluákvörðun úr vatnssýnum sem tekin voru 10. apríl 1992

Sýnl	PCA	20%BI	50%BI	100%BI
1	0	0	$5,5 \times 10^4$	$4,3 \times 10^4$
2	0	60	$1,3 \times 10^5$	$6,0 \times 10^4$
3	0	20	$3,0 \times 10^4$	$3,5 \times 10^4$
4	0	300	$3,1 \times 10^4$	$3,0 \times 10^4$
Meðalt.	0	95	$6,1 \times 10^4$	$4,2 \times 10^4$

Tafla 3.10 Niðurstöður yfir líftöluákvörðun úr vatnssýnum sem tekin voru 8. maí 1992

Sýnl	PCA	20%BI	50%BI	100%BI
1	0	$3,6 \times 10^3$	$6,0 \times 10^3$	$6,0 \times 10^3$
2	0	$4,0 \times 10^4$	$4,6 \times 10^4$	$6,0 \times 10^4$
3	0	$7,8 \times 10^4$	$9,5 \times 10^4$	$9,6 \times 10^4$
4	0	$9,1 \times 10^4$	$1,1 \times 10^5$	$1,0 \times 10^5$
Meðalt.	0	$5,3 \times 10^4$	$6,4 \times 10^4$	$6,5 \times 10^4$

Tafla 3.11 Niðurstöður yfir líftöluákvörðun úr vatnssýnum sem tekin voru 13. maí 1992

Sýnl	PCA	20%BI	50%BI	100%BI
1	0	$6,8 \times 10^3$	$2,8 \times 10^4$	$1,5 \times 10^4$
2	0	$3,5 \times 10^3$	$4,4 \times 10^4$	$4,8 \times 10^4$
3	0	$3,6 \times 10^4$	$4,8 \times 10^4$	$8,0 \times 10^3$
4	0	0	$1,0 \times 10^5$	$3,0 \times 10^4$
Meðalt.	0	$1,2 \times 10^4$	$5,5 \times 10^4$	$2,5 \times 10^4$

Athugun á niðurstöðum sem koma fram í töflum 3.7-3.11 leiðir í ljós að gerlar úr Bláa lóninu þrifast alls ekki á venjulegu PCA næringaráæti þar sem eimað vatn er notað eingöngu. Undantekning frá þessu er þó í töflu 3.8 þar sem meðallíftalan nær $1,5 \times 10^3 \text{ ml}^{-1}$. Er líklegt að hér hafi verið um mistök að ræða þar sem niðurstöðurnar eru mjög eindregnar í öll hin skiptin, þ.e. enginn vöxtur á PCA án vatns úr Bláa lóninu.

Þessi niðurstaða segir einnig að gerlar úr umhverfinu, þ.m.t. af baðgestum mælast alla jafna ekki í lóninu.

Þegar litið er á meðaltöl vaxtar í einstökum ætum sést að gerlarnir dafna best á PCA æti sem inniheldur Bl-vatn og eimað vatn í hlutföllunum 1:1 (50% BI). Ætla mætti að vöxtur yrði mestur í 100% BI en svo er ekki, þar er hann heldur minni en í 50% BI - vatni. Líkleg skýring á þessu er sú að uppgufun hafi orðið af skálunum við ræktun og ætið því orðið saltara, sem dregur úr vexti.

Niðurstöður gerlatalningar með MPN aðferð (tafla 3.12) sýnir að sú aðferð gefur 10-50 x hærri líftölu. Þetta er í samræmi við það sem almennt er frá öðrum stöðum með þessum tveimur aðferðum.

**Tafla 3.12 Samanburður á niðurstöðum úr MPN
og líftöluákvörðun úr sýnum sem tekin voru 13. maí
1992^{a)}**

Sýn	MPN	Líftöluákvörðun
Sýni 1	$2,4 \times 10^5 \text{ ml}^{-1}$	$2,8 \times 10^4 \text{ ml}^{-1}$
Sýni 2	$2,1 \times 10^6 \text{ ml}^{-1}$	$4,4 \times 10^4 \text{ ml}^{-1}$
Sýni 3	$1,2 \times 10^6 \text{ ml}^{-1}$	$4,8 \times 10^4 \text{ ml}^{-1}$
Sýni 4	$2,4 \times 10^6 \text{ ml}^{-1}$	$1,0 \times 10^5 \text{ ml}^{-1}$

a) Tölurnar sýna fjölda gerla í ml.

3.3.3 Líftími mengunargerla í lóninu.

Athugað var hve lengi eftirfarandi gerlategundirn gætu lifað við aðstæður í Bláa lóninu (aðferð í kafla 2.4):

<i>Bacillus subtilis</i>	Algengur jarðvegsgerill
<i>Escherichia coli</i> 253	Þarmagerill
<i>Escherichia coli</i> K	"
<i>Klebsiella aerogenes</i>	"
<i>Proteus mirabilis</i>	"
<i>Serratia marcescens</i>	"
<i>Pseudomonas aeruginosa</i>	Algengur vatnagerill
<i>Staphilococcus aureus</i>	Algengur húðgerill
<i>Staphilococcus epidermidis</i>	"

Í ljós kom að fyrrgreindir gerlar drepast allir mjög fljótt í lóninu. Borið var saman vatn úr Bláa lóninu, sjór og 0,85% saltvatn (tafla 3.13). Úr töflunni má t.d. lesa, að ef lónið mengaðist svo mikið að í það kæmi 10.000 kólígerlar per ml þá dræpust þeir allir á 3 dögum. Því miður fengum við aldrei í hendur skýrslu um gerlatalningar sem gerðar hafa verið á vegum heilbrigðiseftirlits Suðurnesja, þrátt fyrir ítrekaða beiðni. Þess vegna getum við ekki borið þær athuganir saman við okkar athuganir.

Tafla 3.13 Dauðahraði nokkurra mengunargerla í vatni úr Bláa lóninu

Teg.	Fj.daga	3 dagar	5 dagar	7 dagar
<i>B. subtilis</i>		10^4	10^5	10^5
<i>E. coli 253</i>		10^9	10^9	10^9
<i>E. coli K.</i>		10^5	10^6	10^6
<i>K. aerogenes</i>		10^4	10^5	10^5
<i>P. mirabilis</i>		10^4	10^6	10^6
<i>Ps. aeruginosa</i>		10^2	10^2	10^2
<i>S. marseerde</i>		10^6	10^6	10^7
<i>S. aureus</i>		10^7	10^7	10^7
<i>S. epidermidis</i>		10^9	10^9	10^9

a) Tölumar tákna þann fjölda gerla sem drápust algerlega eftir viðkomandi dagafjölda.

3.4. Saltverksmiðjulónið

Þann 23.5. 1992 var gerð athugun á umhverfisþáttum, þörungagróðri og þéttleika gerla í Saltverksmiðjulóninu á Reykjanesi til samanburðar við Bláa lónið.

Saltverksmiðjulónið er að mörgu leyti frábrugðið Bláa lóninu. Í fyrsta lagi er innrennsli í það frá verksmiðjunni mun minna. Ekki reyndist mögulegt að mæla hita í innrennslinu vegna gífurlegs hávaða frá útblæstri. Mælt var í læk u.p.b. 30 m neðar og var hiti þar um 58°C. Neðan við verksmiðjuna er nokkuð langt lón en virðist grunnt og að mestu fullt af kísli. Því næst tekur við lækur sem rennur eftir dálstilli laut og er hitastig í læknum 32 - 38°C.

Neðan við þennan læk tók við víðáttumikið lón sem var frekar kalt (8°C í suðurenda). Mikill kíssill var í norðurenda þessa lóns, en fremur lístíll í suðurenda fjærst innrennslinu. Þar var einnig þörungagróður á botni sem við nánari athugun reyndust vera kúlulaga þörungar.

Sex vatnssýni voru tekin á mismunandi stöðum og umhverfisþættir, þ.e. hitastig, sýrustig og leiðni mæld (tafla 3.14).

Tafla 3.14 Niðurstöður mælinga á umhverfisþáttum á 6 sýnum úr Saltverksmiðjulóni

Staður	Sýni nr.	T°C	pH	µS/cm
Við útrennsli f lónið	1	52	6,8	1148
Nálægt útrennsli	2	31	7,1	1202
Nálægt verksmiðju	3	17	7,3	1170
Suðurendi	4	8	7,6	826
Lækur milli lóna	5	33	8,6	1750
Lækur milli lóna	6	38	8,5	1456
	Meðaltal	29,8	7,65	1259

Meðalgildi í töflu 3.14 gefa til kynna að hitastig og sýrustig eru svipuð og í Bláa lóninu, en leiðnin er mun hærra, eða $1259 \mu\text{S}/\text{cm}$ á móti $486 \mu\text{S}/\text{cm}$ í Bláa lóninu, eða $2,6 \times$ hærra. Ástæðan fyrir þessu er sú að Saltverksmiðjulónið er mun nær sjó en Bláa lónið þannig að jarðsjórinn blandast mun minna við ferskt jarðvatn en í Bláa lóninu. Leiðnin í Saltverksmiðjulóninu er þó einnig hærra en í sjó (u.p.b. $700 \mu\text{S}/\text{cm}$), en þetta stafar af því að uppgufun verður í jarðhitakerfinu, sem veldur því að saltstyrkur eykst. Niðurstöður sýrustigmælinga á 6 sýnum úr Saltverksmiðjulóninu leiða í ljós að meðalsýrustig þeirra er ívíð hærra en meðalsýrustig í Bláa lóninu, eða pH 7,6 í Saltverksmiðjulóninu, en pH 7,5 í Bláa lóninu.

Í $32 - 38^{\circ}\text{C}$ læknum (sýni 5 og 6) er mikill þörungagróður, sem reyndist við smásjárskoðun vera þráðlagða þörungur af sömu gerð og í Bláa lóninu. Þörungagróður sem tekin var við 8°C reyndist vera kúlulaga þörungar, en ekki sömu gerðar og hafa einangrast úr Bláa lóninu. Reynt var að rækta gerla úr sýni 6 við sömu aðstæður og gerlar úr Bláa lóninu voru ræktaðir, þ.e. í vatni úr Bláa lóninu.

Tafla 3.15 Niðurstöður yfir gerlatalningar úr vatnssýni sem tekið var úr Saltverksmiðjulóni á Reykjanesi 23.maí 1992^{a)}

Sýni nr.	PCA	20%BI	50%BI	100%BI
8	28	35	0	0

a) Tölurnar sýna fjölda bakterfa í ml.

Niðurstöður fyrir Saltverksmiðjulónið (tafla 3.15) sýna, að hverfandi lítill vöxtur á sér stað í venjulegu PCA æti með eimodu vatni, og einnig þar sem 20% BI-vatn er notað. Þegar styrkur BI-vatns er aukinn (50% og 100%) er enginn vöxtur sjáanlegur.

Gera má ráð fyrir að bakteriuflóran í Saltvinnslulóninu hljóti því að einkennast af saltkærum bakteríum sem vaxa einfaldlega ekki á æti þar sem vatn úr Bláa lóninu er notað sem grunnur.

3.5. Efnagreiningar.

Vatnssýni voru tekin og styrkur næringarsaltanna fosfats og nítrats mældur í þeim (sjá töflu 3.16). Af töflunni sést að styrkur fosfats er tiltölulega lágur miðað við mæligildi frá öðrum stöðum. Styrkur nítrats er hins vegar ívið hærri en í jarðsjó við Reykjanese.

Tafla 3.16 Samanburður á styrk fosfats og nítrats í Bláa lóninu við nokkra aðra staði^{a)}

Staður	PO ₄	NO ₃
Bláa lónið (22/3) Jarðsjór við Reykjanese	0,48 μM 1,9 μM	2,5 μM 0,4 μM
Helgavogur 1978	1,77 μM	18,3 μM
Kálfstjórn 1978	1,13 μM	7,3 μM
Ár í Borgarfirði (sumar)		0,7-4,2 μM
Ár í Borgarfirði (vetur)		7 -35 μM

a) Mæligildi fyrir aðra staði en Bláa lónið fengin frá Þór Tómassyni.

3.6. Sambærilegir staðir

Frárennslislón sem hafa orðið til á sama hátt og Bláa lónið er að finna viða um heim, s.s. í Japan, Bandaríkjunum, Mexikó, Nýja Sjálandi, Filippseyjum og Grikklandi. Þessi lón eru þó í mörgum tilvikum mun stærrí en Bláa lónið og staðsetning þeirra er mun nær miðbaug, þannig að þau eru tölувert saltari vegna uppgufunar. Jarðhitavökvinn er viðast hvar mjög mengaður af ýmiss konar þungmálum (Mercado, F. o.fl. 1989) og má því ætla að fólk sem ætlar sér að stunda heilsusamleg böð eigi ekkert erindi í þessi lón.

Ekki hefur enn tekist að afla nákvæmra upplýsinga um lón á Nýja Sjálandi, en ætla má að aðstæður þar séu einna líkastar því sem hér eru. Vitað er að Japanir stunda heilsuböð í heitum söltum lónum, en ekki hefur tekist enn að afla nákvæmra upplýsinga um efnasamsetningu vatnsins, né heldur um lífríki þess.

3.7 Ókomnar niðurstöður

Endanleg tegundagreining á þörungum og gerlum liggur enn ekki fyrir, en unnið verður áfram að því.

Endanleg skilgreining á kjörvaxtarskilyrðum þörunganna liggjur enn ekki fyrir, en þó er alveg ljóst að tiltölulega auðvelt að vera að rækta þá innanhúss.

Svör hafa enn ekki borist frá aðilum erlendis sem leitað var til um upplýsingar varðandi sambærilega staði annarsstaðar í heiminum.

3.8 Tilraunalónið

Tilraunalónið er lítið lón sem myndað er af útrennslí úr Bláa lóninu og er því svipað hvað efnasamsetningu varðar. Þegar lónið var skoðað 7. maí sl. var það mun heitara en Bláa lónið, eða um 50°C enda nálægt útrennslinu frá orkuverinu. Um miðjan júní var búið að setja lokur í rennslisrásina og kæla tilraunalónið og voru þá tekin sýni og umhverfisþættir mældir eins og áður og athugað hvort þörungavöxtur hefði átt sér stað. Þetta var svo endurtekið 8. júlí (tafla 3. 17).

Tafla 3.17 Mælingar á umhverfisþáttum í tilrauna-lóninu í Svartsengi. Mælingar á sömu þáttum í Bláa lóninu til samanburðar.

Staður dags.	T°C	pH	µS/cm
Tilraunalón 15.06	37	7.5	780
Bláa lónið (st.4) 15.06	43	7.6	680
Tilraunalónið 8.07	36	7.5	470
Bláa lónið 8.07 ^{a)}	39.2	7.5	461

a) Meðaltalsgildi frá stöðum 1-4 í lóninu.

Af töflunni má sjá að umhverfisþættir eru mjög svipaðir í tilraunalóninu og Bláa lóninu sömu daga. Hins vegar er leiðnin töluvert hærri 15. júní en 8. júlí.

Möl hefur verið dreift í bakkana á tilraunalóninu og um miðjan júní hafði um 1-2 mm lag af kíslí sest til. Ofan á kíslinum var svo ljósgrænt þörungalag sem myndaði fíngert net. Við skoðun í smásjá sást að þarna var um sama þörung að ræða og er ríkjandi í Bláa lóninu. Þörungasýni var einnig tekið í Bláa lóninu við orkuverið (staður 4) og var þar sami þörungurinn á ferðinni. Þörungasýni voru einnig tekin 8. júlí, og sáust þá bæði þræðir og kúlulaga þörungar. Þörungavöxturinn var þó mun minni en í júni og ekki á yfirborðinu heldur var kísilskán yfir honum.

Magn fosfats og nítrats var mælt í vatnssýnum frá 15. júní (tafla 3.18). Þegar gildin í töflunni eru borin saman við mælingar frá 22.mars sl. (sjá töflu 3.16 s.26) sést að þau eru mun hærri í júní. Petta er í samræmi við það að aukning verður á þörungavexti í júní skv. frásögn starfsmanna í baðhúsinu, sem má að öllum líkendum rekja til aukins uppróts í lóninu sem fyrr segir.

Tafla 3.18 Magn fosfats og nítrats í vatnssýnum úr tilraunalóninu og Bláa lóninu 15.júní.

Staður	PO ₄	NO ₃
Tilraunalónið	1,2µM	3,7µM
Bláa lónið	1,4µM	5,5µM

Ekki vannst tími til að mæla styrk fosfats og nítrats í vatnssýnum frá 8. júlí. Þó má telja líklegt að styrkur þessara efna hafi þá verið eitthvað minni, a.m.k. ef gengið er út frá því að þessi efni séu forsenda þörungavaxtar, en vöxtur var mun minni 8. júlí.

Líftala gerla var ákvörðuð í vatnssýni úr tilraunalóninu 15. júní (tafla 3.19). Þetta var gert á sama hátt og áður. Niðurstöðurnar eru keimlíkar því sem áður hefur komið fram um Bláa lónið. Enginn gerlavöxtur kom fram nema vatn úr Bláa lóninu væri í ætinu. Enginn vöxtur á PCA staðfestir eins og áður að engir umhverfis - eða mengurnargerlar ræktast þar. Að vísu kom enginn vöxtur fram þar sem eingöngu var notað vatn úr Bláa lóninu og stingur það í stúf við fyrri niðurstöður. Líftoluákvörðun þyrfti því að endurtaka.

**Tafla 3.19 Líftala gerla í vatnssýni úr tilraunalóninu
15. júní 1992**

Staður/ Æti	PCA	PCA+20%BI	PCA+50%BI	PCA+100%BI
Tilraunalón	0	$1,0 \times 10^5$	$4,0 \times 10^4$	0

4. Umræða

Meginniðurstöður rannsóknarinnar eru eftirfarandi:

Helstu umhverfisþættir sem einkenna Bláa lónið fyrir utan hina gífurlegu kísilútfellingu eru að meðalhitastig er um 37°C , meðalsýrustig um pH 7,5 og meðalleiðni um $490 \mu\text{S}/\text{cm}$ sem svarar til u.p.b. 2,5% seltu. Hitastig sveiflast mjög eftir veðri, en jafnar sig venjulega fljótt.

Í lóninu er einstakt náttúrulegt lífríki sem einkennist af fáum tegundum örvera. Mest ber á einni tegund af blágrænum þörungum, en önnur tegund finnst þar einnig. Engir sveppir, dýr, eðlileontur fundust í lóninu.

Gerlaflóran er líka einsleit með einni tegund ríkjandi og örfáar aðrar í mun minna magni. Utanaðkomandi mengunarbakteríur þrífast ekki í lóninu og drepast mjög fljótt.

Næringarsöltin fosfat og nítrat virðast vera það sem takmarkar vöxt þörunga í lóninu. Þörungarnir ræktuðust nokkuð vel á rannsóknarstofu við gerviljós og þeir ættu því að geta vaxið innanhúss ef vill. Þörungarnir virðast geta vaxið á nokkuð breiðu hitastigsbili, eða a.m.k. frá 22°C upp í 46°C .

Út frá þeim upplýsingum sem tókst að afla virðist nákvæmlega eins fytirbæri og Bláa lónið ekki finnast annars staðar í veröldinni.

5 Heimildir

Carr,N.G. og Whittton,B. A. *The Biology of Cyanobacteria. Botanical monographs Volume 19.* Oxford: Blackwell Scientific Publications 1982. 688 s.

Jón Örn Bjarnason. *Svartsengi. Eðlismassi vatns í Bláa lóninu.* OS-80068/JHD-29 B. Nóvember 1986.

Jón Örn Bjarnason. *Svartsengi. Efnaeftirlit 1980-1987.* OS-88001/JHD-01 Reykjavík, janúar 1988. Unnið fyrir hitaveitu Suðurnesja.

Mercado, S. o.fl. Scale Incidence on Production Pipes of Cerro Prieto Geothermal Wells. *Geothermics*, 1989, vol.18, s. 225-232.

Sode,K. o. fl. On-line monitoring of marine cyanobacterial cultivation based on phycocyanin fluorescence. *Journal of Biotechnology*, 1991, vol 21, s. 209-218.

Stainer, R.Y. o.fl. Purification and Properties of Unicellular Blue-Green Algae (Order Chroococcales). *Bacteriological Reviews*, june 1971, s.171-205.

Staley, J.T. o. fl. *Bergey's Manual of Systematic Bacteriology , Vol 3, Section 19, Oxygenic Photosynthetic bacteria..* Baltimore,MD: Williams & Wilkins 1989, s.1710-1806.

Trausti Hauksson (1980). *Svartsengi. Efnasamsetning heits grunnvatns og hitaveituvatns.* OS80023/JHD12. Reykjavík, júlí 1980. Unnið fyrir hitaveitu Suðurnesja.

Viðauki I

UM EFNASAMSETNINGU VÖKVA Í BLÁA LÓНИNU Í SVARTSENGI

Síðan orkuverið í Svartsengi tók til starfa hefur aðfallsvatnini verið veitt út í hraun. Þar hefur það myndað allstórt lón, svo sem kunnugt er. Þetta lón, sem í daglegu tali er nefnt Bláa lónið, hefur vakið athygli og áhuga margra, en ýmsir telja vatnið í því hafa lækningamátt, einkum gegn húðkvillum. Ekki skal lagður neinn dómur á það hér, en hitt er vist, að ýmsar þjóðsögur hafa spunnist um efnasamsetningu lónvökvans, og hafa villandi upplýsingar þar að lútandi jafnvel birst á prenti. Þykir því ástæða til að koma hér á framsæri þeim gögnum um efnasamsetningu vökvans í lóninu sem Orkustofnun hefur undir höndum, ef það mælti verða til þess að leiðréttla misskilning.

Vökvinn í jarðhitakerfinu í Svartsengi, djúpt í jörðu, er um 240°C heitur og talsvert saltur, enda er hann sjór að u.p.b. tveimur þriðju hlutum en ferskvatn að einum þriðja, og er þess vegna oft kallaður jarðsjór. Efnahvörf við berg hafa þó raskað hlutföllum ýmissa uppleystra efna í blöndunni og er t.d. styrkur magnesiums aðeins þúsundastí hluti þess sem vænta mætti af þriðjungsblöndu ferskvatns í sjó. Afgangurinn hefur þá fallið út í bergen, væntanlega sem magnesiumsflíkat. Á hinn bóginn er í jarðsjónum uppleyst u.p.b. fimmstu sinnum meira kísildlöxfið, sem í daglegu tali er oftast aðeins kallað kísill, en vera myndi í téðri blöndu við venjulegan umhverfis hita. Ástæðan er sú, að kísill leysist úr bergen, en leysni kísils eykst mjög örт med hækkandi hita. Starlegri upplýsingar um efnasamsetningu jarðhitavökvans í Svartsengi má finna í skýrslum Orkustofnunar (sjá t.d. Jón Örn Bjarnason: Svartsengi. Efnaestírlit 1980 – 1987. Orkustofnun, OS-88001/JHD-01, 1988)

Þegar vökvinn streymir upp eftir borholu fellur þrýstingurinn og vökvinn sýður. Í orkuverinu er þessi blanda vatns og gufu skilin í sundur. Gufan og vökvinn eru nýtt til þess að framleiða rafmagn og hita upp kalt ferskvatn, sem leitt er í hús. Þegar varminn hefur þannig verið unninn úr jarðhitavökanum, að svo miklu leyti sem hagkvæmt þykir, er jarðsjónum veitt út í lónið, u.p.b. 70°C heitum. Þar kólnar vökvinn enn frekar, og nokkuð af honum gufar upp. Afgangurinn leitar niður í hraunið um sprungur.

Við aðskilnað fasanna sitja steinefnin eftir í vökanum, en lofttegundir, einkum koldfoxið og brennisteinsvetni, fylgja gufunni að langmestu leyti. Við gufutapið eykst styrkur uppleystra steinefna í vökanum, og í lóninu er hann talsvert hærri en í jarðhitakerfinu.

Kísillinn er að vísu nokkur undantekning frá þessu, því styrkur einnar gerðar hans, ópals, nær mettunarmörkum strax við $135 - 140^{\circ}\text{C}$. Í lóninu sjölliðast kísillinn því, þ.e. sameindirnar mynda langar keðjur. Smátt og símátt verða til agnir sem falla út og setjast á botn lónsins og mynda kísileðjuna sem þar er. Styrkur uppleysts kísils í lónvökanum minnkar þá sem því nemur.

Kísileðjan fyllir smátt og smátt í sprungur í hrauninu og þéttir þannig botn lónsins. Vegna þessa hefur lónið breitt úr sér og teygir sig nú alllangt í vestur frá orkuverinu.

Lónvökinn er í senn bláleitur ásýndum og dálstíð mjólkurlitaður, og er þetta hvort tveggja af völdum kísilsins. Litlar kísilagnir dreifa ljósini sem á lónið fellur, en mismikið estir öldulengd ljóssins og stærð agnanna. Smæstu agnirnar, þær sem eru miklu minni en öldulengd ljóss, dreifa bláu ljósi langmest, grænu minna, en rauðu minnst. Þær valda því bláa litnum. Þetta fyrirbæri, sem einnig veldur bláma himins, er kennt við Rayleigh lávarð og kallast Rayleigh-dreifing. Sé þvermál agnar hins vegar svipað og öldulengd ljóss, er ljósdreifingin að kalla óháð öldulengdinni og dreifða ljósið sýnist hvílt. Þetta nefnist Mie-dreifing.

Stundum hefur borið á því að lónið tæki á sig grænleitan blæ, eða jafnvel gulgrænan. Við eftirgreinslan hefur komið í ljós, að gróður í vatninu veldur þessu, væntanlega einhvers konar þörungar.

Á vegum Orkustofnunar hafa verið tekin þrjú sýni af vatninu í lóninu og þau esnagreind. Það fyrsta var tekið í júní 1982, annað í ágúst 1986 og það þriðja í september sama ár. Seinni sýnin tvö voru m.a. tekin til að ákvæða eðlismassa vökvans í lóninu. Niðurstöður greininga þessarra þriggja sýna er að finna í töflu 1.

TAFLA 1. Styrkar efna (mg/kg) í Bláu lóninu.

Dagsetning Númer	82-06-10 82-0084	86-08-24 86-0108	86-09-26 86-0142
pH/Hiti	7,70/24	7,72/22	7,96/20
Kísill (SiO_2)	137,2	138,7	114,1
Natríum (Na)	9277	5812	7967
Kalsíum (K)	1564	998	1336
Kalsíum (Ca)	1449	1012	1288
Magnesíum (Mg)	1,41	2,32	0,98
Karbónat (CO_2)	16,5	23,9	19,7
Súlfat (SO_4)	38,6	24,0	28,9
Súlfíð (H_2S)	0,0	0,0	0,0
Klóríð (Cl)	18514	12008	16167
Flúoríð (F)	0,14	0,14	0,16
Bór (B)	-	7,3	-
Uppl. Efni	31902	21100	28424

Í töflunni táknaðar *Uppl. Efni* heildarstyrk uppleystra efna fundinn með þurreimingu, en *Hiti* er það hitastig sem sýrustigið, *pH*, er mælt við. *Karbónat* táknaðar heildarstyrk karbónats, biskarbónats og kolsýru, reiknaðan sem CO_2 . Á sama hátt táknaðar *súlfíð* heildarstyrk súlfíðs, bissúlfíðs og brennisteinsvetnis, reiknaðan sem H_2S . Efnastyrkur

(annar en þII) er gefinn í mg í hverju kg vökva.

Fyrsta sýnið gefur tvímaðalaust réttasta mynd af efnasamsetningu vatnsins í lóninu eins og hún var lengst framan af, eða til ársloka 1984. Vegna niðurdælingar ferskvatns, sem hófst um það leyti, þynntist vökkinn í holu 6 smátt og smátt á næstu þremur árum um liðlega 20%. Af þeim sökum má búast við því að lónvökkinn hafi í ársþýjun 1988 verið u.þ.b. 4 – 5% þynnri en áður og hafi innihaldið um 17700 mg/kg af klóríði og önnur efni í hlutfalli við það.

Sýnin tvö sem tekin voru haustið 1986 voru þó mun þynnri en þessu nemur eins og sjá má af töflu 1. Ástæðan er sú, að um þetta leyti var um hrif dælt ferskvatni út í lónið vegna vinnu við lagnir orkuversins, og þynntist því lónvökkinn. Þetta varð þó tilefni þess að samband eðlismassa lónvökvars og klóríðinnihalda var kannað, eins og fjallað hefur verið um í skýrslu Orkustofnunar (Jón Örn Bjarnason: Svartsengi. Eðlismassi vatns í Bláa lóninu. Orkustofnun OS-86068/JHD-29 B, 1986). Í ljós kom að unnt er að tjá eðlismassann sem

$$\rho(T) = \rho_0(T) + 1,19 \cdot 10^{-6} \cdot Cl$$

þar sem $\rho(T)$ táknað eðlismassa lónvökkva í g/cm³ við hitastig T, $\rho_0(T)$ eðlismassa eimaðs vatns í sömu einingu og við sama hitastig, og Cl styrk klóríðs í mg/kg. Væri hitastigið því t.d. 35°C og klóríðstyrkurinn 16000 mg/kg yrði eðlismassinn 1,0131 g/cm³, en eðlismassi eimaðs vatns er 0,9940 g/cm³ við þetta hitastig.

Síðan á vori 1988 hafa orðið nokkrar breytingar á rekstri jarðhitasvæðisins. Hafin var dæling niður í holu 5, en tekið að nýta holu 12 til orkuvinnslu. Þá var nokkuð af gufu, sem áður fór upp um háfa, virkjað með svonefndum Ormat hverflum, en þéttivatn frá þeim rennur út í lónið. Þegar þetta er ritað er hola 6 ekki í notkun, en vinnsla gufu úr holu 10 hefur verið aukin í staðinn. Vegna alls þessa má gera ráð fyrir að selta lónsins hafi breyst eitthvað aftur á undansförnum þremur árum, væntanlega til lækkunar. Engin ástæða er samt til þess að ætla að hlutföll hinna ýmsu efna hafi breyst innbyrðis svo teljandi sé.

Styrkur kvikasilfurs í lónvökvanum hefur verið mældur og reyndist hann um 40 ng/kg. Aðrir þungmálmar hafa ekki verið greindir af hálfu Orkustofnunar enn sem komið er.

Þá hefur Orkustofnun engar greiningar á sjálfrí kísileðjunni undir höndum.

Jón Örn Bjarnason

Fylgiskjal nr. 8

Íðntæknistofnun



ÍÐNTÆKNISTOFNUN ÍSLANDS

Keldnaholt, 112 Reykjavík

Sími (91) 68 7000


Telex 3020 Istecc s

Postfax 68 74 09

LÍFRÍKI BLÁA LÓNSINS

TILRAUNALÓN - VIÐBÓTARRANNSSÓKN

**Verkefni unnið fyrir
Bláa lóns nefnd**



**ITÍ 9211 LD 03
September 1992**

**Jakob K. Kristjánsson
Sólveig K. Pétursdóttir**

Rannsókn á baðlóni (tilraunalóni)

15.06 - 30.09 1992

Sýni voru tekin úr tilraunalóninu 15.06, 8.07, 27.07, 09.09, og 28.09. Sýni voru tekin úr Bláa lóninu sömu daga til samanburðar.

Hitastig, sýrustig og saltstyrkur voru mæld í öll skiptin.

Styrkur fosfats og nítrats var mældur þrisvar.

Gerlatalningar voru gerðar þrisvar og ástand þörungagróðurs metið jafnoft.

Aðferðir voru þær sömu og getið er um í skýrslu um Bláa lónið (ITÍ 9211 LD02 júní 1992).

1. Mælingar á umhverfisþáttum

Mælingar voru gerðar á umhverfisþáttum á sama hátt og áður. Um miðjan júní (15.06) voru sýni þó einungis tekin úr tilraunalóni og af stað 4 við orkuverið. Í lok rannsóknarinnar, 28.09 var ekki hægt að komast að stað 1, þ.e. við frárennslið úr lóninu, þar sem yfirborðið var orðið tölувert hærra en áður. Þá hafði einnig verið lokað fyrir innrennsli í tilraunalónið þennan sama dag og var það því mjög kalt.

1.1. Hitastig

**Tafla 1.1 Hitastigsmælingar ($^{\circ}\text{C}$) í Bláa lóninu og
Tilraunalóninu 15.06 - 28.09 1992**

Dags. Staður	15.06	08.07	27.07	09.09	28.09	Meðalt.
Staður 1	...	35	43	43	...	40,3
Staður 2	...	40	42	19	36	34,2
Staður 3	...	41	38	20	34	33,2
Staður 4	43	41	42	22	37	37
Tilr.lón	37	36	37	37	9a)	36,75 b)
Meðaltal st. 1-4	...	38,6	40,4	28,2	...	

a) Búið að loka fyrir innrennsli í tilraunalón.

b) Meðaltal byggt á fjórum fyrstu mælingum.

Meðalhiti í tilraunalóninu er um 37°C , sem er örliðið hærra en meðaltal fyrir lónið í heild á þessum sama tíma. Þarna er þó um svo lítinn mun að ræða að hann skiptir varla neinu.

1.2. Sýrustig

Tafla 1.2. Sýrustigsmælingar (pH) í tilraunalóninu og Bláa lóninu 15.06 - 28.09 1992

Dags. Staður	15.06	08.07.	27.07.	09.09.	28.09	Meðalt.
Staður 1	...	7,5	7,4	7,2	...	7,37
Staður 2	...	7,4	7,2	7,3	7,3	7,3
Staður 3	...	7,6	7,4	7,4	7,5	7,47
Staður 4	7,6	7,5	7,5	7,3	7,5	7,48
Tilraunalón	7,5	7,5	7,5	7,4	7,3	7,44
Meðaltal st. 1-4	...	7,5	7,4	7,32	7,4	7,41

Sýrustig í tilraunalóninu er nánast það sama og meðaltal mæligilda af fjórum stöðum í Bláa lóninu.

1.3. Saltstyrkur

Tafla 1.3. Leiðnimælingar ($\mu\text{S}/\text{cm}$) í tilraunalóninu og Bláa lóninu 15.06 - 28.09 1992

Dags. Staður	15.06	08.07.	27.07.	09.09.	28.09.	Meðalt.
Staður 1	...	446	528	556		510
Staður 2	...	446	454	564	432	474
Staður 3	...	454	562	502	460	494,5
Staður 4	680	498	494	530	468	534/497,5 ^{a)}
Tilraunalón	780	470	500	552	436	548/489,5 ^{a)}
Meðaltal st.1-4	...	462,8	507,6	540,8	449	

a)Meðaltal byggt á öllum gildum/ meðaltal þar sem fyrsta gildi (15.06) er sleppt.

Saltstyrkur í tilraunalóninu er ýmist ívið hærri eða lægri en meðaltöl fyrir lónið einstaka daga. Hér munar þó alls ekki miklu því meðaltalsgildi fyrir tilraunalónið er aðeins 0.9% lægra en meðaltalsgildi fyrir Bláa lónið í heild. Tölur frá 15.06 eru þó grunsamlega háar sem bendir til mikillar sveiflu í saltstyrk um þetta leytí, eða mistaka við mælingar. Það er því ekki rétt að taka þau gildi með í meðaltalsútreikninga.

1.4. Styrkur fosfats og nítrats

Tafla 1.4 Styrkur fosfats og nítrats í tilraunalóninu og Bláa lóninu

Efni	PO ₄ µM			NO ₃ µM		
Dags.	15.06	09.09.	28.09	15.06	09.09	28.09
Staður						
Staður 1	...	1,9	5,0	...
Staður 2	...	1,8	15	...	3,5	4,6
Staður 3	...	1,6	12	...	3,5	5,2
Staður 4	1,4	1,6	11	5,5	3,5	5,6
Tilraunalón	1,2	1,5	9	3,7	5,0	3,7
Meðaltal Staða 1-4		1,68	11,7		4,1	4,8

Styrkur fosfats og nítrats er mjög svipaður í tilraunalóninu og í Bláa lóninu einstaka daga. Styrkur nítrats virðist nokkuð jafn yfir allt tímabilið, en styrkur fosfats var nokkru hærri á öllum stöðum 28.09.

2. Ástand þörungagróðurs

Þörungagróður var ýmist á yfirborði, eða undir kísillagi á hinum ýmsu stöðum í lóninu og tilraunalóninu. Þegar gróðurinn var skoðaður í smásjá sást að hér var um sams konar þörunga að ræða, þ.e. þráðлага og kúlulaga þörunga eins og áður, og voru þörungar úr tilraunalóninu af sömu gerð og annars staðar.

3. Gerlaræktun

Sýni voru tekin úr tilraunalóni og Bláa lóni dagana 15.06, 27.07, 09.09 og 27.09 og líftala gerla pr ml (sjá aðferð í fyrri skýrslu). Athugun á kóloníum leiddi í ljós að hér var um sömu megingerð að ræða og áður. Einnig kom í ljós að gerlar í tilraunalóninu eru sömu tegundar og í Bláa lóninu.

**Tafla 3.1 Niðurstöður yfir líftoluákvörðun úr vatns-sýni sem tekið var í tilraunalóninu
15.06 1992**

Dags. Sýnatöku	PCA	20%BI	50%BI	100%BI
Tilraunalón	0	$1,0 \times 10^5$	$4,0 \times 10^4$	0

Hér voru sýni einungis tekin úr tilraunalóni. Niðurstöður eru þó keimliskar því sem áður hefur komið fram, þ.e. enginn vöxtur á æti þar sem ekkert vatn úr Bláa lóninu er til staðar (PCA) en vöxtur mestur á æti þar sem 50% Bláa lóns vatn er notað.

Tafla 3.2. Niðurstöður yfir líftoluákvörðun úr vatns-sýnum sem tekin voru 27.07 1992

Sýnatöku staður	PCA	20%BI	50%BI	100%BI
1	0	$1,3 \times 10^4$	$4,5 \times 10^5$	$3,0 \times 10^5$
2	0	$1,3 \times 10^4$	$1,8 \times 10^5$	$2,2 \times 10^5$
3	0	$7,8 \times 10^3$	$1,8 \times 10^5$	$2,5 \times 10^5$
4	0	$3,8 \times 10^3$	$1,6 \times 10^5$	$2,0 \times 10^5$
Tilraunalón	0	$4,3 \times 10^3$	$4,8 \times 10^4$	$4,1 \times 10^4$
Meðaltal st. 1-4	0	$8,4 \times 10^3$	$2,0 \times 10^5$	$2,0 \times 10^5$

Tafla 3.3 Niðurstöður yfir líftoluákvörðun úr vatns-sýnum sem tekin voru 09.09 1992

Sýnatöku staður	PCA	20%BI	50%BI	100%BI
1	0	$3,2 \times 10^3$	$2,6 \times 10^4$	$2,8 \times 10^4$
2	0	$1,3 \times 10^4$	$2,3 \times 10^5$	$9,2 \times 10^4$
3	100	$2,0 \times 10^4$	$1,3 \times 10^5$	$5,5 \times 10^4$
4	120	$2,0 \times 10^4$	$2,0 \times 10^5$	$1,3 \times 10^5$
Tilraunalón	400	$3,0 \times 10^4$	$2,6 \times 10^5$	$1,7 \times 10^5$
Meðaltal st. 1-4	124	$1,7 \times 10^4$	$1,7 \times 10^5$	$9,5 \times 10^4$

Hér (09.09) kemur fram dálíttill vöxtur á PCA æti sem hefur verið hverfandi líttill áður, og eru flestir gerlar í tilraunalóninu. Þetta má þó vafalítíð rekja til þess að sýni voru tekin skömmu eftir að þýsku psoriasis sjúklingarnir höfðu baðað sig og telst því ekki óeðlilegt.

Tafla 3.4 Niðurstöður yfir líftoluákvörðun úr vatns-sýnum sem tekin voru 27.09 1992

Sýnatöku staður	PCA	20%BI	50%BI	100%BI
1
2	0	$9,0 \times 10^2$	$1,5 \times 10^4$	0
3	0	$1,7 \times 10^3$	$2,4 \times 10^5$	$2,0 \times 10^3$
4	0	$1,6 \times 10^3$	$2,0 \times 10^5$	0
Tilraunalón	$4,1 \times 10^2$	$8,0 \times 10^2$	0	$3,0 \times 10^3$
Meðaltal st. 1-4	0	$4,2 \times 10^3$	$1,5 \times 10^5$	

Ofangreindar líftolumælingar gefa til kynna að tilraunalónið er á engan hátt frábrugðið Bláa lóninu hvað fjölda gerla varðar. Hér er einnig um sömu tegund að ræða og áður. Niðurstöður fyrir tilraunalónið frá 27.09 eru þó afbrigðilegar, enda tilraunalónið ískalt þennan dag. Hitastigið hefur örugglega mikið að segja um hvaða gerlar geta vaxið auk þess sem umhverfis- og mengunargerlar myndu lifa lengur við lægra hitastig þó þær vaxi lítið við slík skilyrði.

4. Samantekt

Í stuttu máli má segja að allir þættir sem athugaðir voru hafi verið eins í Bláa lóninu og tilraunalóninu meðan þýsku psoriasis sjúklingarnir voru þar. Umhverfisþættir s.s. hitastig, sýrustig og saltstyrkur eru nánast eins. Styrkur fosfata og nítrata er nánast sá sami, og ef sveifla verður á einhverjum þættinum, á hún sér stað jafnt í tilraunalóninu sem og í Bláa lóninu. Athuganir á þörungagróðri leiddi í ljós að hann er sá sami í tilraunalóninu og Bláa lóninu. Sömu sögu er að segja af niðurstöðum gerlarannsókna. Magn og tegundir gerla eru þær sömu í tilraunalóninu og í Bláa lóninu. Þetta leiðir allt til þeirtar meginniðurstöðu að tilraunalið og Bláa lónið séu eins.

Fylgiskjal nr. 9

Íðntæknistofnun 

ÍÐNTÆKNISTOFNUN ÍSLANDS

Keldnaholt, 112 Reykjavík

Sími (91) 68 7000

Telex 3020 istech is

Postflax 68 74 09

LÍFRÍKI BLÁA LÓNSINS

**- Lokaskýrsla -
Verkefni unnið fyrir
Bláa lóns nefnd**



**ITÍ 9405/ LD01
Janúar 1994**

**Sólveig K. Pétursdóttir
Jakob K. Kristjánsson**

Efnisyfirlit

Inngangur.....	1
1. Þörungar.....	2
1.1 Tegundagreining.....	2
1.2 Hitastig, selta, pH og styrkur næringarefna.....	2
2. Gerlar.....	4
2.1 Frumathuganir á næringarþörfum og ensímvirkni.....	4
2.2 Kjöraðstæður bakteríunnar.....	7
2.2.1 Hitastig.....	7
2.2.2 Selta.....	7
2.2.3 Sýrustig.....	7
2.3 Tegundargreining.....	8
3. Hitakærar bakteríur úr lóninu.....	8
4. Umræður.....	9
Heimildaskrá.....	10

Inngangur

Sumarið 1992 kom út skýrsla um lífríki Bláa lónsins (Jakob K. Kristjánsson og Sólveig K. Pétursdóttir) en Líftæknideild ITÍ tók að sér athuganir á lífríki lónsins fyrir Bláa lóns nefnd. Verkefnið fól aðallega í sér athugun á umhverfisþáttum sem var fylgt eftir yfir nokkurra mánaða tímabil, svo og gerlatalningar og ræktun á þörungi. Um haustið var svo gerð athugun á svokölluðu Tilraunalóni (Jakob K. Kristjánsson og Sólveig K. Pétursdóttir 1992) sem hannað hafði verið vegna rannsóknar á lækningamætti lónsins. Þessi athugun fól aðallega í sér samanburð á umhverfisþáttum og örveruflóru Tilraunalónsins við Bláa lónið og fékkst staðfesting á því að samskonar fyrirbæri væru þarna á ferðinni.

Áhugi var fyrir hendi að kanna lífríki lónsins enn frekar þar sem megináhersla yrði á tegundagreiningu örveranna sem eru ríkjandi og dæmigerðar fyrir lónið. Varð að ráði að líftæknideild tæki þetta verk að sér. Var þá aðallega verið að hugsa um nánari skilgreiningu á vaxtaraðstæðum þörungsins svo og endanlega tegundagreiningu á honum og enn fremur nánari athuganir á gerlum úr lóninu, þ.e. kjörvaxtaraðstæður bakteríutegundarinnar sem er ríkjandi í lóninu og endanlega greiningu á henni.

Áfangaskýrslu (Sólveig K. Pétursdóttir 1993) vegna þessarar lokarannsóknar var skilað í desember sl., en þar var drepið á því helsta sem gert hafði verið fram að þeim tíma. Í þessu plaggi er fjallað ítarlegar um niðurstöðurnar og greint frá því helsta sem komið hefur í ljós síðan þá.

1. Pörungar

1.1 Tegundagreining

Franski þörungasérfræðingurinn A. Couté, sem starfar við rannsóknastofu náttúrufræðisafnsins í París, var fenginn til að greina aðalþörungategund Bláa lónsins endanlega. Sýni sem voru tekin úr lóninu annars vegar og úr þörungaræktun á ITÍ hins vegar voru sett í formalín og send til Frakklands. Í ljós kom að þarna er um afar fágæta tegund að ræða, þ.e. *Leptolyngbya erebi var. thermalis*. (Anagnostidis og Komarek 1988) Samkvæmt upplýsingum frá A. Couté hefur þessi tegund fundist í heitum eða volgum (37°C) lindum í Austurríki og Ungverjalandi. Ekki er vitað um saltstyrk í þessum lindum. Afbrigði tegundarinnar hefur fundist á suðurskautslandinu.


1.2 Hitastig, selta, pH og styrkur næringarefna.

Prófað var að rækta þörunginn við 3 mismunandi hitastig, þ.e. 35°C , 40°C og 45°C . Þörungurinn óx best við 40°C , þolir ekki 45°C og vex hægar eftir því sem hitastigið er lægra.

Þörungunum var sáð í BG-11 þörungaæti með mismunandi saltstyrk (0-8% NaCl). Í ljós kom að hann þolir vel breitt seltubil þ.e. frá 1%-6%, en þó er greinilega farið að draga úr vexti við það seltustig. Þörungurinn drepst við 7-8% saltstyrk (sjá myndir 1-4).

Áhrif sýrustigs á vöxt voru athuguð með því að hafa mismunandi sýrustig í ræktunarætinu á bilinu pH 5.5 - pH 10.0. Niðurstöður leiddu í ljós að þörungurinn vext best við pH 7.5-8.0 sem kemur heim og saman við meðalsýrustig í lóninu. Þess má geta að við rannsóknir á vaxtaraðstæðum þörungsins vegna HBL var CO_2 dælt í ætisvökvann sem olli lækkun á sýrustigi allt niður í pH 5.7. Þetta lága sýrustig stöðvaði þörungavöxtinn. Þegar dælingu á CO_2 var hætt, hækkaði sýrustigið aftur og þörungurinn byrjaði að vaxa.

Mismunandi styrkir fosfats (PO_4^{3-}) og nítrats (NO_3^-) voru prófaðir og vöxtur athugaður. Í fyrsta lagi var prófað að nota sömu styrki beggja næringarsalta og í öðru lagi mismunandi styrki. Styrkirnir voru á bilinu 0-320 μM . Helstu niðurstöður voru þær að þörungurinn getur dafnað án fosfats, en virðist þurfa nítrat í um 30 μM styrk (svipaðar niðurstöður fyrir 20 og 40 μM).




Mynd 1. *L. erebi* við 1% saltstyrk
(Myndirnar eru teknar gegnum smásjá með 1000x stækjun.)



Mynd 2. *L. erebi* við 4% saltstyrk



Mynd 3. *L. erebi* við 6% saltstyrk



Mynd 4. *L. erebi* við 7% saltstyrk

2. Gerlar

Átta bakteríustofnar sem einangraðir höfðu verið úr lóninu á mismunandi tímun voru valdir til frekari prófunar:

Allir stofnarnir voru einangraðir á mismunandi sýnatökustöðum í Bláa lóninu (sjá töflu 1) og ræktaðir á PCA-æti með mismunandi hlutföllum af Bláa lóns vökva á móti eimuðu vatni. Stofn "xxx" var einangraður úr þörungaráktun á ITÍ.

Tafla 1. Bakteríustofnar einangraðir úr Bláa lóninu.

Stofn	lítur	staður	hlutfall kólónia á skál	æti
B-3	hvít	1	>90%	PCA 50%
B-6	hvít	1	>90%	PCA 100%
B-15	ljós	1	>90%	PCA 50%
B-18	hvít	2	>90%	PCA 20%
B-51	hvít	4	>90%	PCA 50%
Bl-2	hvít	2	>90%	PCA 50%
B-2 (H)	hvít	1	<5%	PCA 50%
B-14	ljós	1	<5%	PCA 20%

Yfirlit stofna sem prófaðir voru, uppruna þeirra, útlit, algengi og hlutfall Bláa lóns vökva í æti..

2.1 Frumathuganir á næringarbörfum og ensímvirkni

Ýmis próf voru gerð á ofangreindum stofnum, en próf sem þessi eru notuð til tegundagreininga á bakteríum. Þegar hefur verið prófað fyrir catalasa, sem er ensím sem hvetur losun súrefnis af hydrogen peroxfódi - og ensíminu oxidasa sem hvetur

elektónuflutning milli bakteríunnar og litarefninsins þannig að það afoxast (Cruickshank o.fl. 1975).

Ennfremur voru nokkur kolefnisgjafapróf framkvæmd, en niðurstöður þeirra sýna hvaða sykrur, eða aminosýrur bakteríurnar geta nýtt sér sem kolefnisgjafa (sjá töflu 2).

Tafla 2. Niðurstöður úr prófum fyrir oxidasa, catalasa og kolefnisgjafa.

Stofn	catalasi	oxidasi	glukosi	trehalosi	I-arg
B3	-	+	-	-	nd
B-6	-	+	-	-	+
B-15	-	+	-	-	+
B-18	-	+	-	-	+
B-51	-	+	-	-	+
Bl-2	-	+	-	-	+
B-2 (H)	+	-	+	+	+
B-14	+	+	-	(+)	+
xxx	+	+	+	+	+

Fyrstu 6 stofnarnir (B-3 - Bl-2), koma eins út í öllum tilvikum. Þetta er staðfesting á því að um sömu tegund sé að ræða, en þetta eru stofnar sem hafa verið einangraðir á mismunandi stöðum í lóninu og á mismunandi tínum. Þetta er bakterían sem er dæmigerð fyrir lónið, enda myndaði hún alltaf yfirgnæfandi (>90%) kóloníuvöxt á skálum.

B-2 (H) var einangruð á skál á sínum tíma úr lóninu og hefur hindrandi áhrif á vöxt annarra bakteríu. B-14 er sjaldgæf baktería úr lóninu, en xxx var einangruð úr þörungaræktun á ITI og er greinilega af öðrum uppruna.

Prófað var að rækta á fleiri kolefnisgjöfum með og án lónsvökva á lágmarksæti.

Fjórir stofnar voru valdir, þ.e. þrír af þeim dæmigerðu hér að framan ("Bláalónsbakteríunni") og svo B-2(H) (sjá töflu 3).

Tafla 3. Niðurstöður úr kolefnisgjafaprófum á 4 stofnum úr Bláa lóninu a)

C-gjafi	B-2 (H)	Bl-2	B-3	B-51
Acetat	-/-	-/-	-/-	-/-
Arabinosi	-/+	-/-	-/-	-/-
L-arginine	-/+	-/+	-/+	-/+
Format	-/-	-/-	-/-	-/-
Fructosi	-/+	-/-	-/-	-/-
Galactosi	-/-	-/-	-/-	-/-
Glucosi	-/+	-/-	-/-	-/-
Glycerol	-/-	-/-	-/-	-/-
Lysine	-/+	-/(+)	-/(+)	-/(+)
Maltosi	-/+	-/-	-/-	-/-
Raffinosi	-/+	-/-	-/-	-/-
Sorbitol	-/-	-/-	-/-	-/-
Sucrosi	-/+	-/-	-/-	-/-
Threonin	-/+	-/+	-/+	-/+
Trehalosi	-/+	-/-	-/-	-/-

Skýringar a): minimalæti með eimudu vatni og kolefnisgjafa, (án salts) / minimalæti með vökva úr Bláa lóninu og kolefnisgjafa.

Af töflu 3 sést að B-2 (H) getur nýtt sér fleiri kolefnisgjafa en hinir þrír stofnarnir sem eru dæmigerðir fyrir Bláa lónið og vaxa eingöngu á aminosýru kolefnisgjöfum, en geta ekki nýtt sér þær sykrur sem prófaðar voru. Stofnarnir vaxa ekki án salts.

Allir níu stofnarnir sem fjallað var um hér að framan voru ennfremur ræktaðir í vökvæti og vaxtarkúrfur gerðar fyrir þá.

2.2 Kjöraðstæður "BLáalónsbakteriunna"

2.2.1 Hitastig

Prófað var að rækta bakteríuna við mismunandi hitastig, 26°C, 37°C og 45°C. Bestur vöxtur varð við 37°C, enginn við 45°C, en örlístil við 26°C. Kjörhitastig hefur ekki verið ákvarðað nánar.

2.2.2 Selta

Bakteríutegundin sem er dæmigerð fyrir Bláa lónið var ræktuð á PCA vökvæti með mismunandi styrk af NaCl, frá 0 upp í 5% saltstyrk. Þéttleiki ræktanna var svo mældur eftir 24 klst. Í ljós kom að bakterían vex best við 1% NaCl þar sem gleypnin (Abs) er 1.209 við 600nm en minni vöxtur fæst við 0 og 2% og þar fyrir ofan. Þarna var notað hreint NaCl. Þetta kemur heim og saman við fyrri niðurstöður úr líftoluákvörðunum þar sem vöxtur var bestur á PCA + 50% Bláa lóns vökva, en það svarar til um 1.2 % seltu. Hins vegar er ágætur vöxtur í PCA + 100% Bláa lóns vökva sem er um 2.5% selta og svarar til aðstæðna í Bláa lóninu sjálfu.

2.2.3 Sýrustig

Bakterían var ræktuð á PCA vökvæti með eimuðu vatni og Bláa lóns vökva í hlutföllunum 1/1 með mismunandi sýrustigi í ætinu. Eftirfarandi pH-bufferar voru notaðir:

- Acetat buffer 0.1M pH5
- Citrate phosphate buffer 0.1M pH6
- Citrate phosphate buffer 0.1M pH7
- Phosphate buffer 0.1M pH8
- Tris-Hydrochlorid buffer 0.1M pH9

Niðurstöður voru þær að enginn vöxtur varð við pH5 og pH6, bakterían þolir greinilega ekki svo lágt sýrustig. Þétnin mældist mest við pH8 en töluvert minni við pH7. Kjörsýrustig bakteríunnar liggar því á bilinu 7.5-8.0, sem kemur ágætlega heim og saman við aðstæður í lóninu.

2.3 Tegundagreining

Til að nálgast tegundagreiningu á "Bláalónsbakteríunni" var svokölluðu "Biolog" kerfi beitt. Þetta kerfi er byggt upp á 95 oxunarprófum. Bakteríurækt er leyst upp í 0.85% saltvatni þar til ákveðinni þéttni er náð og er þessi upplausn síðan notuð í prófin. Eftir tiltekinn ræktunartíma er gleypni ræktarinnar mæld og niðurstöður settar í tölvubanka sem hefur að geyma u.þ.b. 1100 tegundir baktería. Með samanburði í tölву má svo finna tegundina sem um er að ræða eða þá tegund sem sýnir mestan skyldleika. Þetta kerfi hefur þó vankanta þar sem saltkærar bakteríur eru ekki í bankanum og samanburður því ekki alveg raunhæfur. Niðurstöður úr þessum prófum fyrir "Bláa lóns bakteríuna" sýna mestan skyldleika við *Sphingomonas paucimobilis A*.

Til að fá óyggjandi tegundagreiningu á bakteríunni þyrfti þó að raðgreinina 16SrDNA hluta bakteríulitningsins en så bútur er vel varðveisittur og almennt notaður við tegundagreiningar.

3. Hitakærar bakteríur úr lóninu

Nokkrir tugir stofna hitakærra baktería hafa verið einangraðir úr affalli frá Orkuverinu í Svartsengi þar sem hitastigið er á bilinu 70-90°C. Að öllum líkindum er þarna um þrjár tegundir að ræða, þar af eina af *Thermus* ætt, en vitað er að *Thermus* tegundir geta vaxið við tiltölulega breitt seltubil (0-7%) og jafnvel aðlagast aukinni seltu (Kristjánsson o. fl. 1986).

Önnur tegund einangruð úr affalli orkuversins hefur verið rannsokuð nánar með samanburði á rúmlega 100 basa DNA röð úr 16S rDNAi úr *Rhodothermus marinus* sem var fyrst einangraður úr neðansjávarhver við Reykjanes í Ísafjarðardjúpi (Alfreðsson o.fl. 1987). En í ljós kom að Bláa lóns eintakið er náskylt fyrrgreindum *Rhodothermus*-stofni, - með nákvæmlega sömu röð að einum basa undanskyldum. Sama tegund hefur einnig verið einangruð úr frárennsli frá Saltverksmiðjunni á Reykjanesi. Verður áfram unnið með þessa stofna á líftæknideild svo og þann þriðja sem virðist einnig skyldur fyrrgreindum *Rhodothermus*.

Umraður

Lokategundagreining liggur fyrir á blágrænþörungi lónsins, en hér er um afar sjaldgæfa tegund að ræða. Vaxtaraðstæður þörungsins hafa verið kannaðar að mestu leyti og vex hann best við u.p.b. 40°C, pH 7.5-8.0 og þolir seltu á bilinu 1-6%. Þörungurinn þarf 30µM nítrat til vaxtar.

Ýmis próf hafa verið framkvæmd á gerlum einangruðum úr lóninu. Hér er ein tegund yfirgnæfandi og hafa próf fyrir ákveðnum ensínum og próf á nýtingu kolefnisgjafa staðfest það. Vfötækari próf leiddu í ljós mestan skyldleika við *Sphingomonas paucimobilis* en vegna annmarka á þeim prófum er einungis hægt að tala um lískindi. Hér þyrfti að beita raðgreiningu á 16SrDNA til að fá endanlega úr þessu skorið.

Hitakærir stofna hafa verið einangraðir úr affalli frá Orkuverinu í Svartsengi. Hér er um þrjár tegundir að ræða, en sömu eða skyldar tegundir hafa áður fundist í neðansjávarhverum við Íslandi, en þó er ekki ólíklegt að um stofnabreytileika geti verið að ræða. Verður áfram unnið að greiningu og flokkun á þessum stofnum á líftæknideild ITÍ.

Rannsóknum við endanlega tegundagreiningu og lýsingu á "Bláa lóns bakterfunni" og einnig á hitakærum bakterím sem voru einangraðar úr lóninu verður haldið áfram og stefnt að því að skrifa um þær niðurstöður í vísindarit.

Heimildaskrá

Alfreðsson, G.A. o.fl: *Rhodothermus marinus*, gen. nov., sp. nov., a Thermophilic, Halophilic Bacterium from Submarine Hot Springs in Iceland. *Journal of General Microbiol.* (1988) 134. 299-306.

Anagnostidis, K. og Komarek, J. Modern approach To the classification system of cyanophytes. 3 - Oscillatoriales. (1988). *Arch. Hydrobiol. Suppl 80*, 1-4 (Algological studies 50-53).

Cruickshank R. o.fl . Medical Microbiology. Vol 2: The Practice of Medical Microbiology. Longman group ltd. 1975. 585 bls.


Jakob K. Kristjánsson og Sólveig K. Pétursdóttir. 1992. Lífríki Bláa lónsins. *Tegundasamsetning, þéttleiki og lífsskilyrði*. Verkefni unnið fyrir Bláa lóns nefnd. Skýrsla ITÍ LD9211 LD02. 31 bls.

Jakob K. Kristjánsson og Sólveig K. Pétursdóttir: Lífríki Bláa lónsins. *Tilraunarlón Viðbótarrannsókn.* 1992. Verkefni unnið fyrir Bláa lóns nefnd. Skýrsla ITÍ 9211 LD03. 6bls.

Kristjansson, J. K. Hreggviðsson, G.O. og Alfreðsson, G. A. Isolation of Halotolerant *Thermus* spp. from Submarine Hot Springs in Iceland. *Appl.and Env.microbiology* Vol.52, No.6. 1986. Bls. 1313-1316.

Sólveig K. Pétursdóttir. Lífríki Bláa lónsins. *Áfangaskýrsla*. ITÍ LD nót 1993. 3bls.

Fylgiskjal nr. 10



ORKUSTOFNUN
JARÐHITADEILD
8. Mars, 1996

GREINARGERÐ
HK/GSv/KHS-9605

EFNASAMSETNING VATNS OG KÍSILLEÐJU Í BLÁA LÓNINU

-Styrkur þungmálma og helstu ólífraenna sporefna-

INNGANGUR

Ýmsir málmar og sporefni eru talin skipta máli um þau áhrif, sem heilsubaðvatn og leðja/leir hefur á sjúklinga, þótt e.t.v. sé ekki vitað nákvæmlega um áhrif hvers og eins efnis. Sum efni eru skaðleg í of miklu magni og þarf að ganga úr skugga um að styrkur þeirra sé ekki of hár.

Í þýskum reglugerðum um náttúrulækningar eru talin upp ýmis sporefni, sem greina eigi í heilsuvatni: joðið, brómíð, bór, járn, mangan, líþium, arsen, kadmíum, króm, kvikasilfur, nikkel, blý, antimon, selen, baríum, kopar sínk, kóbalt, molybden vanadium, tin, silfur, ál ofl. Styrkur sumra efnanna er þekktur a.m.k. í heildarrennsli úr borholunum í Svartsengi. Nokkur þeirra eru að finna í svo litlu magni í íslensku bergi að útilokað er að þau séu í mælanlegu magni í vatninu. Mikill hluti þessara efna hefur ekki verið greindur í vatni úr Bláa lóninu og virðist áhugavert að greina þau í sýnum úr lóninu.

Samkvæmt samkomulagi Orkustofnunar og Bláa lónsnefnd frá 1. desember 1995, tók Orkustofnun að sér að taka sýni af og efnagreina aðalefni og helstu sporefni í vatni frá tveimur stöðum í Bláa lóninu. Sömuleiðis tók stofnunin að sér að taka sýni af og mæla sporefni í kísilleðju á tveimur stöðum úr lóninu.

SÝNATAKA

Sýnataka fór fram í Svartsengi 16. janúar í allsæmilegu veðri, en gekk á með rigningarskúrum og talsverðu roki. Sýni af vatni voru tekin á þrem stöðum. Fyrst voru tekin sýni úr útfalli í lónið frá orkuverinu til að hafa upphaflega samsetningu. Siðan voru tekin sýni úr meðferðarlaug Heilsufélagsins og við Baðhúsið, rétt framan við bryggjuna til að fá upplýsingar um vatnið sem notað er við böðin. Vitað er frá fyrri greiningum á vatninu að talsverður munur er á efnasamsetningu á mismunandi stöðum í lóninu, en vegna kostnaðar var látið nægja að taka á þremur stöðum og reyndar reiknað með aðeins tveimur í samningi. Kísilleðja var tekin á tveimur stöðum, í námu Heilsufélagsins rétt við meðferðarstöð og rétt austan Baðhússins. Kísilleðja úr námunni er pökkuð í túpur og sold og ætti greining því annars vegar að gefa upplýsingar um efnasamsetningu þeirrar vöru og hins vegar um samsetningu á leðjunni, sem baðgestir Bláa lónsins nota að jafnaði.

Fyrra sýnið af kísilleðjunni var tekið á sama hátt og við framleiðslu á kísilleðju til sölu. Síðara sýnið af kísilleðju við baðhús var erfitt í töku og reyndist allblandað sandi og bergbrotum og tók starfsmaður Heilsufélagsins nýtt sýni á öðrum stað við baðstaðinn viku síðar, sem var minna blandað. Sýnumun var mokað í plastfötur og undirbúin fyrir greiningu innan örfárra daga frá töku.

Sýni til greininga á kvikasilfri úr lónvatninu voru tekin sérstaklega þann 15. febrúar og þá voru einnig tekin ný sýni til greininga á arsen og selen, þar sem breyta varð frá venjulegri sýnatöku fyrir þessi efni vegna gerðar sýnanna. Þann dag var mikil úrkoma framan af morgni, en stytti upp og hékk þurrt meðan á sýnatöku stóð. Engin mengunarhætta vegna veðurs er talin hafa verið hvorugan sýnatökudaginn.

Við sýnatöku voru vatnssýnin kæld a.m.k. niður fyrir 30°C og sýni til greininga á rokgjörnum eftum í um 20°C . Sýni til greininga á öllum eftum nema kísli, sýrustigi, brennisteinsvetni, karbónati, arsen og selen voru síuð á staðnum með $0,4\mu\text{m}$ milliporsíu. Til mælinga á kísli var tekið ósíð sýni, sem var þynnt til að koma í veg fyrir útfellingu. Sýni til greininga á sýrustigi, brennisteinsvetni og karbónati voru tekin í lofthelda glertúpu og mæld innan sólarhrings frá sýnatöku. Sýni til greininga á þungmálum öðrum en arseni og selen voru sýrð með saltpéturssýru eftir síun til að koma í veg fyrir útfellingu og aðsogun í sýnabrusa meðan á geymslu stæði fyrir greiningu. Sýni til greininga á arsen og selen voru sýrð ósíuð. Sýni til greininga á kvikasilfri voru bundin með kalíumpermanganati í súrri lausn til að koma í veg fyrir að efnið ryki úr lausn. Mjög illa gekk að sía sýnið úr meðferðarlauginni vegna mikilla kísilútfellinga í því. Sýni við útfall gekk mjög vel að taka og sömuleiðis vatnssýni við baðhús.

GREININGAR Á SÝNUM

Í vatnssýnum úr lóninu voru greind aðalefnin: natrium (Na), kalíum (K), kalsíum (Ca), magnesíum (Mg), kísill (SiO_2), klóríð (Cl), súlfat (SO_4), flúorið (F), nítrat (NO_3), brennisteinvetni (H_2S), karbónat (CO_3), uppleyst efni, leiðni og sýrustig (pH). Jafnframt voru greind sporefnin: járn (Fe), mangan (Mn), ál (Al), arsen (As), selen (Se), króm (Cr), kopar (Cu), blý (Pb), nikkel (Ni), sínk (Zn), líþium (Li), strontíum (Sr), kóbolt (Co), kadmíum (Cd), kvikasilfur (Hg), joðíð (I), brómið (Br) og bór (B). Í viðauka með greinargerðinni er lýst greiningaraðferðum, stöðlum, staðalfrávikum og grenimörkum fyrir þessi efni.

Sýni af kísilleðjunni voru meðhöndlud á þrjá mismunandi vegu. Tilgangurinn var að fá annars vegar upplýsingar um samsetningu leðjunnar eins og hún er seld og notuð og hins vegar hvaða efni felli út með kíslinum. Þungmálmrar falla a.m.k. að hluta til út með kísli úr jarðhitavatni og önnur sporefni geta sogast að leðjunni, en verið laust bundin við hana. Þessi efni geta þvegist burt þegar leðjan er skoluð. Sé hún ekki þveginn er hinsvegar hætta á að verið sé að greina óskilgreinda blöndu af kísli og vatni. Mjög erfitt er að sía leðjuna því síurnar stíflast strax og þá gæti verið erfitt að fá sýni, sem er nær þurrt, en óskolað. Skolun er einnig erfiðleikum bundin, vegna þess hversu vel leðjan heldur í sér vatni og þarf að mæla leiðni skolvatnsins til að vera viss um að allt salt sé horfið.

Meðhondlun leðjunnar beindist að því að skoða sem flesta þessa þætti. Heildarsýnið var fyrst hrætt upp uns það var orðið að einsleitri kvoðu. Í fyrsta lagi var svo sýni af kvoðunni þurkað beint fyrir greiningu án neinnar formeðhöndlunar. Í öðru lagi var sýnið síði í Buchnertrekt með síupappír númer 4 og notað til þess lofttæmi uns ekki dropað lengur af því. Síun tók um eina klukkustund. Í þriðja lagi var sýnið margþvegið og síði uns skolvatnið var nær ferskt samkvæmt leiðnimælingu. Raki var mældur í öllum hlutsýnum af leðjunni, með því að vega fyrir eðlilegt loftkvæmum óskilaðum skolvatn. Kísilleðusýnin voru síðan leyst upp í flússýrulausn og

greindir í lausnunum sömu þungmálmar og í vatninu og einnig voru þau leyst upp í alkalíbráð og mældur kíslill í þeim lausnum til að geta metið eiginlegt magn málmannna í leðjunni. Efnin voru mæld í vatnslausn með sömu aðferðum og í vatnssýnum. Við kísilmælinguna voru notaðir viðmiðunarbergstaðlar, sem leystir voru upp samhliða kísilleðjunni.

NIÐURSTÖÐUR MÆLINGA Á VATNSSÝNUM

Eins og fram kom hér að framan voru tekin þrjú sýni af vatni, eitt í útfallsstokk frá orkuverinu, annað í meðferðarlaug Heilsufélagssins og það þriðja rétt framan við baðhúsið.

Niðurstöður efnagreininga eru í töflu 1, en meðhöndlun sýnanna við sýnatöku var lýst hér að framan ásamt því hvaða efni voru greind og í viðauka er lýst efnagreingaaðaferðum, stöðlum, staðalfrávikum og grenimörkum.

Selta sýnis úr útfallinu er 32 % (klóríðstyrkur 17700 mg/l), sem er mjög eðlilegt miðað við að meðalselta djúpvatns er 22,5 % (klóríðstyrkur 12300-12600 mg/l) og að sá gufuhlut, sem soðið hefur frá sé um 30 %.

Athygli vekur að selta hinna sýnanna er verulega lægri. Hún er um 24,5 % i meðferðarlaug og um 22,2 % i Baðlauginni. Í lónið blandast þéttivatn, en það er tæplega nægilegt til að skýra þynninguna. Af og til er upphitað ferskvatn sett í lónið en það á ekki að vera algengt a.m.k. ekki í miklu magni. Leita þarf skyringa á þessu. Miðað við þynningu eru önnur aðalefni í eðlilegu magni, nema helst magnesíum. Styrkur þess er hlutfallslega hærri í sýnum úr meðferðarlaug og við baðhúsið. Magnesíum hefur öfugan uppleysanleika og er í hærri styrk í köldu vatni en heitu. Hækkun þess bendir því til blöndunar við kalt grunnvatn en ekki þéttivatn eða regnvatn. Styrkur súlfats er hlutfallslega hærri en í vatninu í útfallinu, u.p.b. 10%, og er það eðlilegt og afleiðing af oxun brennisteinsvetnis úr þéttivatni.

Flest sporefnin hafa ekki verið mæld áður í vatni frá Svartsengi. Styrkur þessarra efna virðist nokkuð eðlilegur miðað við aðstæður, en ekki gafst tími til að skoða það nákvæmlega að þessu sinni, þar sem ekki var reiknað með verulegri úrvinnslu á þessu stigi. Styrkur járns virðist lágar og hlutfallslegur styrkur þess miðað við mangan ekki eðlilegur. Algengustu mengunarefni, sem fylgja jarðhitavökum, eru í eðlilegum styrk. Þannig er styrkur arsens svipaður eða heldur hærri en í Kröflu og Námafjalli og styrkur kvikasilfurs ámóta og mælst hefur í vatni á öðrum háhitasvæðum. Bórstyrkur er mjög ámóta og á Reykjanesi.

Fyrir sporefnin gildir í stórum dráttum það sama og fyrir aðalefnin að styrkur þeirra er svipaður hlutallslega í öllum sýnum miðað við seltu. Ál er þó allbreylegt, lægra í meðferðarlaug og hærra í baðlaug. Ál ætti að falla út með kíslí, en þetta efni er erfitt í greiningu og gætu hafa orðið einhver mistök. Sínk virðist falla fjött út og lækkar frá útafallssýnini og sömuleiðis arsen. Kopar er svipaður, eða ívið hærri við baðstað og í útfalli, en verulega hærri í meðferðarlaug, sem væntanlega er mengun frá búnaði. Kvika silfur hækkar um stærðargráðu frá útfalli í meðferðarlaug og er tveimur stærðargráðum hærri í vatni við baðlaug en í útfalli. Liklegt er að þar sé um mengun af mannavöldum að ræða.

TAFLA 1

Efnasamsetning vatns í Bláa lóni (mg/l).

Staður Dagsetning Númer	Útfall úr stöð 96-01-16 96-0012	Meðferðarlaug 96-01-16 96-0011	Baðstaður 96-01-16 96-0013
Hiti (°C)	81,3	39,0	34,8
Sýrustig (pH/°C)	7,92/21,5	7,37/21,5	6,83/21,5
Karbónat (CO ₂)	26,2	35,9	38,5
Brennist.vetni (H ₂ S)	0	0	0
Bór (B)	10,07	7,83	7,00
Leiðni (μ S/cm)	30500	25500	23400
Kísill (SiO ₂)	618,1	219,1	231,2
Uppl. efni (TDS)	31560	24450	21380
Lithíum (Li)	3,90	3,06	2,67
Natríum (Na)	9040	6910	6170
Kalíum (K)	1350	1030	910
Magnesíum (Mg)	0,78	0,81	0,74
Kalsíum (Ca)	1470	1100	970
Strontíum (Sr)	9,95	7,51	6,93
Flúoríð (F)	0,23	0,18	0,16
Klóríð (Cl)	17700	13550	11970
Brómíð (Br)	57,3	44,5	38,8
Joðíð (I)	0,094	0,073	0,067
Súlfat (SO ₄)	37,4	31,0	28,3
Ál (Al)	0,097	0,067	0,118
Króm (Cr)	0,0003	0,0003	0,0002
Mangan (Mn)	0,25	0,21	0,16
Járn (Fe)	0,031	0,029	0,023
Kopar (Cu)	0,0012	0,0036	0,0012
Zínk (Zn)	0,053	0,007	0,005
Arsen (As)	0,144	0,077	0,048
Kadmíum (Cd)	<0,0005	<0,0005	0,001
Kóbalt (Co)	<0,0005	<0,0005	<0,0005
Kvikasilfur (Hg)	0,000003	0,00002	0,00024
Blý (Pb)	0,002	0,0019	0,0012
Selen (Se)	<0,0002	<0,0002	<0,0002
Nikkel (Ni)	0,0019	0,0013	0,0017

NIÐURSTÖÐUR MÆLINGA Á KÍSILLEÐJU

Í töflu 2 eru niðurstöður greininga á kíslí og málnum í kísilleðjunni. Gildin eru gefin upp í þungaprósentum af þurrefni. Einnig er gefið upp í töflunni prósentuhlutfall raka í upprunalega sýninu svo einfalt er að reikna út prósentuhlutfall efnanna í upprunalega sýninu.

EKKI verður hér farið út í mikla túlkun á niðurstöðum, en ljóst er að málmarnir eru misvel bundnir við kísilleðjuna, sem endurspeglast í breytingum á styrk við mismunandi meðhöndlun. Þannig virðist ál, járn og mangan sitja fast í leðjunni þótt skolað sé burt söltum raka úr henni. Hlutfall annarra málma virðist hækka við þvott á sýninu. Þess ber þó að geta að bergbrot eru blönduð í leðjuna, einkum í sýni 2. Þetta getur skýrt óreglulegar breytingar á styrk ýmissa málma milli mismunandi hluta af sama sýni.

Einnig er áberandi að summa er langt frá því að vera 100 % og gaf það tilefni til frekari athugunar á sýnum. Helsta skýring á því var talin vera að raki hverfi ekki við þurrkun við 100 °C. Til þess þarf efnið að hafa kristalform og vatnið að vera bundið í kristalgrindinni. Bráðabirgðaathugun með röntgengreiningu staðfestir að efnið er meira kristallað en venjulegur ópall, en ekki gafst tilefni að sinni til frekari rannsóknar. Æskilegt væri að skoða þetta frekar því það mundi hafa veruleg áhrif á eiginleika leðjunnar.

Tafla 2 Efnagreining á kísilleðju úr Svartsengi

	Sýni úr námu Heilsufélagsins			Sýni rétt utan baðstaðar		
	Sýni I-A	Sýni I-B	Sýni I-C	Sýni 2-A	Sýni 2-B	Sýni 2-C
	Ómeðhöndlað	Siað	Þvegið	Ómeðhöndlað	Siað	Þvegið
Raki í %	76,1	70,2		61,3	53,7	
Efni						
Þunga %						
SiO ₂	85,1	89,4	91,0	87,3	88,8	92,1
Li ₂ O	0,0027	0,0020	0,0001	0,0016	0,0012	0,0001
Na ₂ O	2,69	1,95	0,10	1,49	1,15	0,13
K ₂ O	0,42	0,32	0,08	0,25	0,21	0,07
MgO	0,022	0,021	0,010	0,056	0,057	0,059
CaO	0,64	0,52	0,25	0,46	0,39	0,26
SrO	0,006	0,005	0,001	0,004	0,003	0,002
Al ₂ O ₃	0,07	0,08	0,06	0,12	0,13	0,12
Cr	0,0004	0,0004	0,0004	0,0006	0,0006	0,0006
MnO	0,009	0,009	0,009	0,012	0,013	0,013
FeO	0,043	0,042	0,026	0,113	0,135	0,132
CuO	0,0003	0,0003	0,0006	0,0006	0,0007	0,0005
ZnO	0,0044	0,0034	0,0056	0,0028	0,0083	0,0033
As	0,00025	0,00001	0,00001	0,00003	0,00003	0,00004
Cd	0,00004	0,00004	0,00004	0,00009	0,00009	0,00009
Co	<0,00003	<0,00003	<0,00003	0,00004	0,00004	0,00003
Hg	<0,00003	<0,00003	<0,00003	<0,00003	<0,00003	<0,00003
Pb	0,0003	0,0004	0,0004	0,0004	0,0006	0,0004
Se	<0,00002	<0,00002	<0,00002	<0,00002	<0,00002	<0,00002
Ni	0,0004	0,0003	0,0004	0,0003	0,0003	0,0005
Summa	89,00	92,36	91,54	89,81	90,90	92,89

HELSTU NIÐURSTÖÐUR

Miðað við affallsvatn úr orkuveri er selta vatns í meðferðarlaug og á baðstað allt að þriðjungi lægri. Styrkur flestra efna í sýnum frá útfalli, meðferðarlaug og við baðstað er hlutfallslega svipaður í öllum sýnum miðað við seltu. Styrkur magnesium eykst við þynninguna, sem bendir til blöndunar við kalt grunnvatn. Styrkur súlfats hækkar um u.p.b. 10 % vegna oxunar brennisteinsvetnis. Sínk og arsen falla greinilega út í lónvatninu, en styrkur kopars og kvikasilfurs hækkar, væntanlega vegna mengunar.

Kísilleðjan virðist vera nægilega vel kristólluð til að binda vatn í kristalgrind. Sumir málmar, eins og ál, járn og mangan virðast bindast kísilleðjunni og skolast ekki burt við þvott.

Æskilegt væri að kanna ástæður þynningar á vatninu í lóninu og hvort breytingar hafi orðið á seltu þess. Einnig þarf að túlka nákvæmar niðurstöður efnagreininga bæði á vatni og kísilleðju og gera frekari greiningar á eðliseiginleikum leðjunnar.

Full ástæða virðist til á stað eins og Bláa lóninu að endurtaka svona greiningar með vissu millibili til að fylgjast með því hvort einhverjar breytingar eiga sér stað. Einnig er um einstakar punktmælingar að ræða og ekki óeðlilegt að til séu endurteknar mælingar á völdum stöðum yfir eitthvert tímabil.

Hrefna Kristmannsdóttir,
Guðrún Sverrisdóttir og
Kristján H. Sigurðsson

SAMPLE TREATMENT AND ANALYTICAL METHODS

Water samples are collected in several fractions. Ru samples are raw and untreated. Those meant for analysis of pH and volatiles (CO_2 , H_2S , NH_3) are collected into airtight gas collection bulbs and analyzed within 24 hours of collection. Fu samples are filtered through 0.45 μm membrane filters but otherwise untreated. Fa samples are filtered and acidified with 1 ml "Suprapur" HNO_3 added to 500 ml sample. The clay samples were digested with $\text{HF}/\text{HNO}_3/\text{HClO}_4$ and the digests dissolved in dilute HNO_3 .

Analytical methods are briefly described in the accompanying table. Apart from cookbooks that accompany instruments the most important references are: EPA Methods for Chemical Analysis of Water and Wastes, United States Environmental Protection Agency, Office of Research and Development, Washington DC. EPA/600/4-79/020 March 1983; Keith, L.H. (Editor) 1992: Compilation of E.P.A.'s Sampling and Analytical Methods, Lewis Publishers Inc., Chelsea, MI, 803 p.; Franson, M.H. (Editor) 1980: Standard Methods for the Examination of Water and Wastewater, 15th Edition, American Public Health Association, Washington, DC, 1134 p; Grasshoff, K., Ehrhardt, M. and Kremling, K. 1983: Methods of Seawater Analysis, 2nd Edition, Verlag Chemie, Weinheim, 419 pp.; and Trujillo, P.E., Counce, D., Grigsby, C.O., Goff, F. and Shevenell, L. 1987: Chemical Analysis and sampling Techniques for Geothermal Fluids and Gases at the Fenton Hill Laboratory, Los Alamos National Laboratory LA-11006-MS, 84 pp. Information on relative standard deviation (RSD) is from these reference books except for Total dissolved solids, CO_2 and H_2S which were estimated in the Orkustofnun laboratory as well as all detection limits. Abbreviations used in the table are as follows:

AAS: Atomic absorption spectroscopy. AF: Air filter. DA: Direct aspiration. D.l.: Detection limit. Fa: Filtered, acidified. Fu: Filtered, untreated. GF: Graphite furnace. HG: Hydride generation. RSD: Relative standard deviation. Ru: Raw, untreated. WS: Water sample.

Table: Analytical methods for the constituents determined

Constituent	Fraction	Method	Brief description	Standard	RSD %	D. L. $\mu\text{g/l}$
Cd	Fa	AAS GF	Dried 30 s 125°C, ashed 30 s 700°C, atomized 10 s 2000°C. Purge gas Ar. 228.8 nm	Merck Cd(NO ₃) ₂ 0.5 M HNO ₃	3.2-4.6 for 2.5-10 $\mu\text{g/l}$	0.05
Cu	Fa	AAS GF	Dried 30 s 125°C, ashed 30 s 900°C, atomized 2 s 2000°C. Purge gas Ar. 324.7 nm	Merck Cu(NO ₃) ₂ 0.5 M HNO ₃		0.1
Pb	Fa	AAS GF	Dried 30 s 125°C, ashed 30 s 750°C, atomized 2 s 2000°C. Purge gas Ar. 283.3 nm	Merck Pb(NO ₃) ₂ 0.5 M HNO ₃	3.2-5.2 for 25-100 $\mu\text{g/l}$	0.1
Zn	Fa	AAS GF DA	Dried 30 s 125°C, ashed 30 s 400°C, atomized 2 s 1000°C. Purge gas Ar. 213.9 nm Aspirated directly into flame	Merck Zn(NO ₃) ₂ 0.5 M HNO ₃	34-37 for 280-310 $\mu\text{g/l}$	0.1 20
Cr	Fa	AAS GF	Dried 30 s 125°C, ashed 30 s 1200°C, atomized 3 s 2300°C. Purge gas Ar. 357.9 nm	Merck Cr(NO ₃) ₃ 0.5 M HNO ₃	0.4-1 for 19-77 $\mu\text{g/l}$	0.1
Co	Fa	AAS GF	Dried 30 s 125°C, ashed 30 s 1000°C, atomized 3 s 2200°C. Purge gas Ar. 240.7 nm	Merck Co(NO ₃) ₂ 0.5 M HNO ₃		0.2
Ni	Fa	AAS GF	Dried 30 s 125°C, ashed 30 s 1000°C, atomized 3 s 2300°C. Purge gas Ar. 232.0 nm	Merck Ni(NO ₃) ₂ 0.5 M HNO ₃		0.5
Al	Fa	AAS GF	Dried 30 s 125°C, ashed 30 s 1500°C, atomized 3 s 2400°C. Purge gas Ar. 309.3 nm	Merck Al(NO ₃) ₃ 0.5 M HNO ₃		1
Fe	Fa	AAS GF	Dried 30 s 140°C, ashed 30 s 1200°C, atomized 3 s 2100°C. Purge gas Ar. 248.3 nm	Merck Fe(NO ₃) ₃ 0.5 M HNO ₃		0.1
Mn	Fa	AAS GF	Dried 30 s 140°C, ashed 30 s 1000°C, atomized 3 s 2000°C. Purge gas Ar. 279.5nm	Merck Cr(NO ₃) ₃ 0.5 M HNO ₃		0.1
As	Fa	AAS HG	Organic matter converted with HNO ₃ -H ₂ SO ₄ -HClO ₄ . As reduced and converted to AsH ₃ using NaBH ₄ . The hydride is swept into a heated cell placed int he beam of an As EDL lamp and As determined at 193.7 nm.	Merck H ₃ AsO ₃ 0.5 M HNO ₃	5.5-9 for 5-20 $\mu\text{g/l}$	0.1

Constituent	Fraction	Method	Brief description	Standard	RSD %	D. l. $\mu\text{g/l}$
Hg	Fu	AAS Fl	For clay digest Hg is reduced and converted to HgH_2 with NaBH_4 . The hydride is swept into a cell placed in the beam of an Hg EDL lamp and the atomic absorption determined at 253.7 nm. At collection $\text{KMnO}_4/\text{K}_2\text{S}_2\text{O}_8/\text{HNO}_3$ is added to water sample, $\text{H}_2\text{NOH}/\text{HCl}$ and then SnCl_2 added at the start of determination. The resulting gaseous Hg is amalgamated with gold and then heated to be released into a cell for flameless AAS determination at 253.7 nm	Merck $\text{Hg}(\text{NO}_3)_2$, 0.5 M HNO_3	4-16 for 2.5-18.1 $\mu\text{g/l}$	0.001
Se		AAS HG	Se is reduced and converted to SeH_2 using NaBH_4 . The hydride is swept into a heated cell placed in the beam of a Se EDL lamp and Se determined at 196.0 nm.	Merck SeO_2 , 0.5 M HNO_3	11-19 for 5-15 $\mu\text{g/l}$	4
pH	Ru	Electro-metric	A glass electrode in combination with a reference potential is inserted into the sample and pH and temperature values recorded.	Merck-Tritisol pH 4, 7, 10	± 0.1 pH unit	
Conductivity	Ru	Bridge	Specific conductance is measured using a Wheatstone type bridge using temperature compensation to 25°C.	KCl		
Na	Fa	AAS DA	A small amount of Cs solution is added and the sample directly aspirated into an oxidizing air-acetylene flame. Absorption read at 589.6 nm.	Merck-Tritisol $\text{NaCl}/\text{H}_2\text{O}$	1.2-1.5 for 8.2-52 $\mu\text{g/l}$	1
K	Fa	AAS DA	A small amount of Cs solution is added and the sample directly aspirated into an oxidizing air-acetylene flame. Absorption read at 766.5 nm.	Merck-Tritisol $\text{KCl}/\text{H}_2\text{O}$	7.9-12.5 for 1.6-6.3 $\mu\text{g/l}$	1
Li	Fa	AAS DA AES	Sample directly aspirated into an oxidizing air-acetylene flame. Absorption read at 670.8 nm. Clay digests aspirated into air-acetylene flame and emission read at 670.8 nm.	Merck-Tritisol for 0.1 ppm Na, K and Li after dilution to 1 L		0.5
Mg	Fa	AAS DA	A small amount of La solution is added to water sample which is directly aspirated into an oxidizing air-acetylene flame. Absorption read at 285.2 nm.	Merck-Tritisol MgCl_2/HCl	2.4-4.8 for 21-82 $\mu\text{g/l}$	1
Ca	Fa	AAS DA	A small amount of La solution is added and the sample directly aspirated into an oxidizing air-acetylene flame. Absorption read at 422.7 nm.	Merck-Tritisol CaCl_2/HCl	1.7-3.3 for 9-36 $\mu\text{g/l}$	10

Constituent	Fraction	Method	Brief description	Standard	RSD %	D. I. µg/l
Sr	Fa	AAS DA	A small amount of La solution is added to water sample which is directly aspirated into an oxidizing air-acetylene flame. Absorption read at 460.7 nm.	Merck Sr(NO ₃) ₂ 0.5 M HNO ₃		Da 50 GF 0.1
		GF	Clay digests dried 30 s 140°C, ashed 30 s 1300°C, atomized 3 s 2600°C. Purge gas Ar. 460.7 nm			
SiO ₂	Rd	Spectro-photometry	Iodine and thiosulphate added to destroy H ₂ S. ammonium heptamolybdate and HCl added . Absorption determined at 410 nm.	Natural hot spring water from Spóastaðir whose SiO ₂ concentration (~104 ppm) is determined gravimetrically.	1.8-2.5 for 0.87 - 67.3 mg/l	500
B	Fu	Spectro-photometry	Sample buffered with NH ₄ Ac-Na ₂ EDTA/HAc. Azomethine-H/ascorbic acid reagent added. Absorption determined at 420 nm.	Merck-Tritisol H ₂ BO ₃ /H ₂ O		5
CO ₂	Ru	Electro-metric titration	Sample pH adjusted to 8.2 with HCl/NaOH then titrated to pH 3.8 with 0.1 N HCl using a pH meter.	Merck-Tritisol 0.1 N HCl	3.6 for 5-1500 ppm	1000
H ₂ S	Ru	Titration	NaOH added to make sample basic. Titrated with 0.001 M HgAc , dithizone as indicator.		3.9 for 0.03- 800 ppm	20
Cl	Fu	IC	Anions from a small volume of sample are separated by means of a guard column, a separator column and a suppressor column. Cl determined using a conductivity detector.	Merck-Tritisol HCl/H ₂ O	2.9 for 10 mg/l	25
F	Fu	Selective electrode	TISAB buffer added, electrode inserted and potential read.	Merck 1000 mg/l NaF/H ₂ O	3.5 for 0.85 ppm	2
Br	Fu	IC	Anions from a small volume of sample are separated by means of a guard column, a separator column and a suppressor column. Br determined using a conductivity detector.	Merck-Tritisol 1000 mg/l NaBr/H ₂ O		5
I	Fu	IC	Anions from a small volume of sample are separated by means of a guard column, a separator column and a suppressor column. I determined using an electrochemical detector.	Merck solid KI weighed dissolved in H ₂ O to make 1000 mg/l		0.2
NO ₃	Ru	IC	Anions from a small volume of sample are separated by means of a guard column, a separator column and a suppressor column. NO ₃ determined using a conductivity detector.	Merck-Tritisol NaNO ₃ /H ₂ O		25

Constituent	Fraction	Method	Brief description	Standard	RSD %	D. I. $\mu\text{g/l}$
SO ₄	Fu	IC	Anions from a small volume of sample are separated by means of a guard column, a separator column and a suppressor column. SO ₄ determined using a conductivity detector.	Merck-Titrisol H ₂ SO ₄ /H ₂ O	1.5 for 98.5 mg/l	20
Total dissolved solids	Fu	Gravimetric	Sample evaporated and dried at 180°C and 260°C and residue weighed.		2.6-3.8 for 190-1680 ppm	2500

Fylgiskjal nr. 11

6 SAMANTEKT

Ljóst er að fjöldi psoriasissjúklinga er um 2-3% af íbúafjölda landa á norðurhveli jarðar. En þótt tölur yfir sjúklingafjölda séu stórar þarf að skilgreina vel eðli og umfang sjúkdómsins hjá hverjum einstaklingi til að geta séð hve margir það eru sem reglulegrar meðferða þurfa á að halda. Þannig er talið að um 90% þeirra sem hafa sjúkdóminn séu með hann á lágu stigi eða ná að halda honum í skefjun með einföldum meðferðum heima fyrir. Þau 10% sem eftir eru geta verið með sjúkdóminn á misalvarlegu stigi. Þeir sjúklingar sem stöðugrar meðferðar þurfa á að halda eru í flestum tilfellum í meðferðum á göngudeildum, sjúkrahúsum eða fá að fara í meðferðir erlendis.

Í þeim löndum sem markaðsathugunin náði yfir kom í ljós að meðalfjöldi sjúklinga á ári sem þurfa að leggjast inn á sjúkrahús vegna psoriasis er um 16.500 og heildarfjöldi þeirra sem fá meðferð á göngudeildum er um 38.346. Vegna skörunar þessara tveggja hópa er ekki hægt að leggja þá saman en áætla má að alls sé sá hópur psoriasissjúklinga sem meðferð þurfa við vegna sjúkdóms sins sé á bilinu 40-50.000. Að auki fengust upplýsingar um að opinberir aðilar greiði fyrir um 1.540 sjúklinga á ári fyrir meðferð erlendis. Í Þýskalandi fengust þær upplýsingar að um 3.000 psoriasissjúklingar fari árlega í meðferð við Dauðahafið. Auk þess sem yfirvöld í Ísrael fullyrða að á bilinu 11.000-20.000 erlendir psoriasissjúklingar komi til Dauðahafsins til meðferða og megnið af þeim séu Þjóðverjar.

Ljóst er að Norðurlöndin hafa þróað hjá sér öfluga meðferðarþjónustu fyrir psoriasissjúklinga og komið sér upp meðferðarstöðum erlendis þar sem um 1.500 sjúklingar fara árlega. Þá er hollenskur markaður greinilega þróaður markaður með meðferðarform sem hugsanlega væri hægt að bjóða hérlandis.

Þýskaland

Þegar skoðað er eðli og umfang þeirra einstöku markaða sem hér hafa verið teknir fyrir er Þýskalandsmarkaður vænlegastur þeirra. Stærð markaðarins, um 2.4 milljónir psoriasissjúklingar, hefð fyrir greiðslu sjúkratrygginga fyrir meðferðir í Þýskalandi og erlendis. Öflugar samgöngur við Ísland og tegund meðferða að einhverju leyti líkar og hér á landi. Þá felur EES-samningurinn, sem tekur gildi árið 1994, gagnkvæman rétt á heilbrigdisþjónustu íbúa Íslands og Þýskalands.

Þrátt fyrir að efnahagsástand i Þýskalandi hafi verið erfitt undanfarin ár, og í kjölfar sliks ástands dregur í neislum almenningar. Á ferðamarkaðnum mun efnahagslægðin helst bitna á þeim ferðamönnum/sjúklingum sem greiða sínar

ferðir sjálfir. Sjúklingar tryggingafélaga og -sjóðir eru með samninga um meðferðir og munu gæta réttar síns þar vel. Því má búast við að tryggingarfélög og -sjóðir leiti leiða til að draga úr útgjöldum í kjölfar minnkandi tekna sökum efnahagslægðar með því að bjóða uppá ódýrari meðferðir.

Þjóðverjar sem fara í meðferð til Dauðahafsins greiða á bilinu 4.200-6.500 DM eða frá 180.000-280.000 IKR fyrir fjögurra vikna meðferð þar. Þá er áætlað að meðferð á þýskum heilsustað kosti á dag um 180 DM eða fyrir 28 daga meðferð um 5.000 DM eða um 215.000 IKR.

6.1 Næstu skref

Af ofan sögðu er ljóst að þýskur psoriasismarkaður er sá markaður sem hafa skal til fyrirmynnar þegar ákvörðun um uppbyggingu á meðferðarstað við Bláa lónið verður tekin. Þannig að kröfur þess markaðar verði hafðar að leiðarljósi við ákvarðanatöku um meðferðarform og byggingu. Aðrir markaðir eru einnig vænlegir en líklega ekki nágjanlega stórir til að byggja afkomu öflugs meðferðarstaðar á.

Næstu skref eru að skoða þýska heilsustaði sem sérhæfa sig í meðferðum við psoriasis og eru samþykktir af tryggingafélögum og sjóðum. Þannig verður hægt að meta þær kröfur sem þýsk tryggingafélög og tryggingasjóðir setja til greiðslu á slíkum meðferðarstöðum.

HELSTU NIÐURSTÖÐUR

- Fjöldi psoriasissjúklinga er áætlaður um 2-3% af heildarfólksfjölda norðlægra þjóða. Þá ber að takmarka töluna við hvítt fólk þar sem psoriasis virðist ekki leggjast jafn þungt á hörundslitað fólk. Sumir vilja meina að þetta hlutfall sé hærra.
- Ljóst er að umfang psoriasismeðferða í nágrannalöndum okkar Íslendinga er mismikið. Þá eru meðferðir misjafnar eftir löndum. Öll eiga löndin þó sameiginlegt að eiga sterkt hagsmunasamtök sem berjast hvert í sinu landi fyrir réttindum sinna skjólstæðinga.
- Meðferðir sem psoriasissjúklingum er boðið uppá eru margvislegar og sumar hverjar settar saman af ólikum meðferðum til að sjúklingur nái árangri.
- Fram komið við upplýsingaöflun að fólk virðist líta vonaraugum til náttúrulegra meðferða í stað tækja og lyfjameðferða. Ekki reyndist þó unnt að skoða þessa þróun nánar vegna tímaramma þessa verkefnis.
- Í flestum þeim löndum sem markaðsathugunin náði yfir er sjúklingum veitt veikindafrí vegna psoriasismeðferða svo fremi að læknir hafi skrifað uppá slika meðferð. Þar sem sjúklingar fara á eigin vegum til meðferða erlendis fá þeir, í flestum tilfellum, ekki veikindafrí.
- Með samningnum um EES mun opnast einn stór markaður sem heilsuferðalangar munu skipta við hvort sem þeir ferðast á eigin vegum eða á styrkjum opinberra aðila. Þá er ljóst að upplausn A-Evrópu og stríðsástandið þar um þessar mundir er heilsustöðum á þeim slóðum ekki til framdráttar. Auk þess hefur ófriður við Persaflóa og fyrir botni Miðjarðarhafs dregið úr ásókn ferðamanna þangað. Af þessu er því ljóst að þessi heilsuferðamarkaður er í mótu og því nauðsynlegt að þeir sem ætla sér hluta af honum sýni réttum aðilum hvað þeir hafa að bjóða.
- Ekki tókst að fá nákvæmar tölur yfir fjölda þjóðverja sem árlega fara í psoriasismeðferð við Dauðahafið né heldur þann fjölda sem árlega fer í psoriasismeðferð á þýskum heilsustað. Visbendingar gefa hins vegar til kynna að þýskalandsmarkaður sé vænlegastur þeirra markaða sem athugunin náði yfir. Áætla má að hópur þessara sjúklinga sé umtalsverður þar sem tryggingar greiða fyrir slikar meðferðir. Í Þýskalandi tiðkast svipaðar meðferðir og á Íslandi. Þá er þýskur ferðamarkaður mjög þráður


í sölu ferða fyrir psoriasisjúklinga þar sem nokkrar ferðaskrifstofur sérhæfa sig í slíkum ferðum. Íslendingar hafa öðlast þekkingu á þýskum ferðamarkaði og flugsamgöngur við Íslandi eru tíðar.

- Alls eru um 20 þýskir heilsustaðir sérhæfðir fyrir psoriasismeðferðir auk þess sem fjöldi annarra heilsustaða og stofnana bjóða uppá meðferðir við psoriasis..
- Íslendingar þurfa að skoða þau meðferðarform sem tilkast á þýskum heilsustöðum sem sérhæfa sig í psoriasismeðferðum.
- Ísraelar áætla að á bilinu 11-20 þúsund ferðamenn komi til Dauðahafssins á ári til psoriasismeðferða og að stærstur hluti þeirra séu þjóðverjar.
- Markaðurinn fyrir meðferðir psoriasisjúklinga á Norðurlöndum er mjög þróaður, og hefð er fyrir því að senda psoriasisjúklinga erlendis til meðferða sem ríkið eða sveitarfélögin greiða fyrir.
- Heilbrigðiskerfi Norðurlandanna færast stöðugt nær lögmálum markaðarins þar sem hvert sveitarfélag er gert ábyrgt fyrir eigin heilbrigðispjónustu og getur keypt viðbótar þjónustu innanlands eða erlendis eftir gæðum þjónustunnar og verði.
- Hollenskur markaður virðist vera vænlegur þótt svo að stefna ríkisins sé að greiða ekki fyrir meðferðir erlendis.
- Meðalkostnaður við psoriasismeðferðir við Dauðahafið eða á Kanarieyjum er mismunandi eftir löndum (28 daga ferð með, flugi, gistingu, fæði og meðferð):


Ísland	Kanarieyjar	156.765 IKR	156.765 IKR
Svíþjóð	Kanarieyjar	13.975 SEK	119.626 IKR
Danmörk	Dauðahafið	18.000 DKK	193.320 IKR
Noregur	Kanarieyjar	11.200 NOK	108.640 IKR
Finnland	Kanarieyjar	13.135 FIM	164.065 IKR
Þýskaland	Dauðahafið	5.300 DM	222.600 IKR
Holland	Dauðahafið	5.000 NLG	188.000 IKR
Bandaríkin	Dauðahafið	4.500 USD	324.000 IKR
Bretland	Dauðahafið	1.500 GBP	160.500 IKR

- Norðmenn hafa frá árinu 1976 sent gigtarsjúklinga erlendis til meðferða og hafa tæplega 20.000 sjúklingar verið sendir til Júgóslavíu á árunum 1976-1991. Sökum striðsins í Júgóslavíu hættu Norðmenn að senda sjúklinga þangað líkt og margar aðrar þjóðir og senda þá þess í stað til Tyrklands.
- Svíar senda gigtarsjúklinga í meðferðir til Tenerife á Kanarieyjum og greiða fyrir 28 daga meðferð um 30.000 SEK.

Hlutfallsskipting psoriasissjúklinga eftir löndum



**Hlutfallsskipting psoriasissjúklinga á sjúkrahúsum
á ári skipt eftir löndum**



Fylgiskjal nr. 12

SKÝRSLA UM KYNNISFERÐ TIL
BELGÍU, PÝSKALANDS, SVISS OG FRAKKLANDS
DAGANA 18. - 22. MAÍ 1992

BLÁALÓNSNEFND
SEPTEMBER 1992

INNGANGUR

Í ályktun Alþingis um könnun á fjölpættri nýtingu Bláalónsins og greinargerð með þingsályktuninni er lögð áhersla á að kannaðir verði hvers konar möguleikar sem Bláalónið býður upp á.

Löngum hafa Íslendingar vitnað til hinna ýmsu heilsu- og hressingarstofnana á meginlandi Evrópu sem getið hafa sér gott orð fyrir starfsemi á sviði lækninga og bættrar líðanar auk þess sem fjöldi fólks hefur af því atvinnu að sinna þeirra rekstri.

Í upphafi starfs síns var Bláalónsnefndin sammála um að nauðsynlegt væri að hún kynnti sér þessa starfsemi að eigin raun eftir því sem kostur væri á og gerði hún ráð fyrir slíkum útgjöldum í umsókn sinni til fjárlaga yfirstandandi árs.

Nefndin ákvað síðan að afla upplýsinga um nokkra staði í Evrópu sem bjóða upp á notkun á heitu vatni til læknismeðferðar og heilsubótar. Í framhaldi af því var leitað samþykkis heilbrigðisráðherra á kynnisför fjögurra nefndarmanna til Spaa í Belgíu, Bad Ems, Wiesbaden og Baden Baden í Þýskalandi, Rheinfelden í Sviss og Contrexeville í Frakklandi og heimsækja þar heilsustofnanir sem tengjast heilsulindum. Eftir að samþykki heilbrigðisráðherra lá fyrir leitaði heilbrigðisráðuneytið til utanríkisráðuneytisins um frekari undirbúning og skipulagningu ferðarinnar. Fyrir milligöngu þess og sendiráða Íslands í Bonn og París, var haft samband við ofangreinda staði og staðfestir tímar og annað sem við kom heimsókninni. Þessum aðilum öllum þakkar nefndin veitta aðstoð, ekki síst sendiherrunum Alberti Guðmundssyni í París og Hjálmari Hannessyni í Bonn sem með framgöngu sinni gerðu ferðina mögulega og jafn árangursríka og raun bar vitni.

Nefndarmenn kynnisferðinni voru:

Ingimar Sigurðsson, formaður nefndarinnar,

Jón Hjaltalín Ólafsson, sérfræðingur í húðsjúkdómum,

Páll H. Guðmundsson, formaður Psorisasisamtakanna,

Níels Árni Lund, ritari nefndarinnar.

Flogið var til Luxemburgar á sumarfargjöldum Flugleiða og þar tekinn bílaleigubíll sem ferðast var á milli staða.

Skoðunarferðin hófst snemma á mánudagsmorgun 18. maí, í Belgíu og lauk seint á föstudagi 22. maí, í Frakklandi. Nefndin skýrði frá hlutverki sínum á hverjum stað og gaf gestgjöfum sínum litmyndabók frá Íslandi sem þakklætisvott að skilnaði.


Fyrirgreiðsla var með ágætum ekki síst í Frakklandi þar sem viðtökur voru með eindænum góðar og m.a. tekin viðtöl við nefndina í dagblöðin í héraðinu.


Mat nefndarinnar er að ferðin hafi tekist í alla staði mjög vel og komi til með að nýtast nefndinni við frekari störf sín.


Í eftirfarandi skýrslu kemur fram lýsing á þeim stöðum sem nefndin heimsótti ásamt því fyrirkomulagi sem er á hverjum stað.

Reykjavík í september 1992.

 Ingimar Sigurðsson

 Níels Árni Lund

 Jón Hjaltalín Ólafsson

 Páll H. Guðmundsson

BELGÍA

THE SPA MINERAL WATERS AND THERMAL CURES



Mánudagurinn 18. maí kl. 08:00 - 11:00

SPAA

Nefndin kom til Spaa borgar að kvöldi 17. maí og gisti á hótel Cardinale gegnt Spaabyggingunni.

Kl. 08:00 að morgni mánudagsins 18. maí mættu nefndarmenn í anddyri Spaa fyrirtækisins. Húsið er allt hið veglegasta að sjá að utan, gömul virðuleg og falleg bygging. Á framhlið þess blöktu fánar erlendra ríkja sem að sögn leiðsögumanns hafa þann tilgang að gefa stofnuninni alþjóðlegan blæ. Í anddyri þess var hátt til lofts og veggir og loft máluluðu myndum. Tvö vatnsker, voru með veggjum. Í þau var sírennsli úr kranastút í ljónslíki. Í þetta vatn gengu gestir með könnur sínar. Úr öðrum

krananum rann ekta Spaa vatn, mikið jármengað og bar umhverfi þess því vott, rauðleitt kerið og kraninn sömuleiðis. Úr hinum krananum rann sama vatnið nema hvað járnið hafði verið tekið úr því.

Drykkjaraðstaða sem þessi var á fleiri stöðum í húsinu en þessi var sú veglegasta.

Á móti nefndinni tók aðstoðarmaður forstjóra Martina Pheisen, og eftir skoðunarferð var sest niður ásamt forstjóra, og starfsemin kynnt.

Um er að ræða einkafyrirtæki sem rekið hefur verið frá 1921 og á það húsnæðið en borgin lóðina.

Orðið Spaa sem er í dag samheiti fyrir heilsulindastarfsemi, er dregið af orðinu Spaktra sem þýðir að taka eitthvað upp frá jörðinni.

Engin stjórn er yfir sjálfum rekstri stofnunarinnar, einungis forstjóri. Aftur á móti hefur stofnunin faglega stjórn sem ákveður meðferðir fyrir sjúklinga. Í henni eiga m.a. sæti læknir, hjúkrunarfræðingur og sjúkraþjálfí.

Þá er rekin rannsóknastöð til að fylgjast með vatninu. Það er sjálfstæð stofnun þar sem vinna gerlafræðingar, líffræðingar o.f.l..

Starfsmenn stofnunarinnar eru 32 fyrir utan þá sem vinna við rannsóknastöðina.

Fyrirtækið hefur einkarétt á notkun Spaa nafnsins og hefur gert samninga við marga aðila til að kynna það, m.a. Elizabeth Arden sem notar nafnið á vissar gerðir varalita sinna. (Lip Spa).

Auk þess að nota Spaa vatnið til böðunar er það selt af fyrirtækinu um allan heim til drykkjar.

Spaa-baðaðstaðan er annars vegar opin gestum og gangandi, sem greiða fyrir sín böð og eru ekki í neinni læknismeðferð. Oftast tengjast böð þeirra megrun og afslöppun og þá fyrst og fremst um ungt, heilbrigtr fólk að ræða. Aðallega eru það Belgar og Hollendingar. Spaa-fyrirtækið býður ekki upp á neina hótelþjónustu en lítil matstofa er þar innan dyra þar sem hægt er að fá léttu málsverði.

Aðal annatíminn er júní til september.

U.þ.b. 2/3 gesta koma skv. tilvísun læknis m.a. beint frá sjúkrahúsum í ákveðnar meðferðir.

Starfsemi fyrirtækisins er viðurkennd af almannatryggingakerfinu samkvæmt

stöðlum EB og er stærsti hluti starfseminnar fjármagnaður af því. Árlega fær fyrirtækið styrk frá tryggingakerfinu sem nemur 220 millj. belgískra franka.

Um 130 þúsund manns koma árlega á vegum tryggingakerfisins. Fólkvið fær um 3.500 ísl. kr. á dag í þrjár vikur. Sjúklingarnir sjá sér sjálfir fyrir hótelum en þau kosta frá ca 3000 ísl. kr. nóttn. Ef lengri meðferðar er þörf, verður sjúklingurinn sjálfur að sjá um að fá endurgreitt úr tryggingakerfinu, sjúkrasjóðum eða almannatryggingum.

Spaa-vatnið er um 150 ára og kemur af 200 - 300 metra dýpi, 10 gráðu heitt. Einkenni þess er að að það inniheldur mjög lítið salt en mikið af koltvísýringi og járni.

Böðunin fer þannig fram að vatnið er látið í koparböð og hitað hægt í 35 gráður, með gasi þannig að koltvísýringurinn rjúki ekki úr því. Vatnsnudd er þarna framkvæmt á sama hátt, þ.e. að vatnið er hitað og nuddað með því. Þá eru leirböð til staðar.

Í tengslum við böðin er líkamsþjálfun, endurhæfingasalur, og er eftirlit í höndum lækna.


EKKI er um lækningu á húðsjúkdónum að ræða, en mikið um hjartasjúklinga, þar sem vatnið inniheldur mjög lítið magn af söltum, veldur mikil vatnsdrykkja enn meiri þvagútskilnaði og ráðleggja þeir því slika vatnsdrykkju ma.a við háum blóðþrýstingi. Í flestum löndum eru einföld lyf notuð til að ná slíkum árangri, eða jafnvel breyttar matarvenjur.

Í tengslum við meðferðarstöðina er fyrirtæki sem framleiðir SPA- vatn af ýmsum gerðum. Rannsóknarstofan sem hefur eftirlit með hreinleika vatnsins og vörupróun var skoðuð. Stöðugt eftirlit á vatni er framkvæmd með fullkomnum mælitækjum. Ýmsar gerðir vatns eru framleiddar, - vatn án salta, með eða án CO₂ -bæði náttúrulegt og þar sem efnunum er bætt í eða þau síuð burtu. SPA vatnið er flutt út til meir en 20 landa. Yfirmaður rannsóknarstofnunarinnar tjáði okkur að hann hefði mælt innihaldsefni samkeppnisaðila í vatnsframleiðslu, - og að í Flugleiðavél hafi hann fengið vatnsbauk sem hann síðan efnagreindi og taldi það vatn ekki ósvipað SPA- vatni sem þeir framleiða án allra aukaefna. Þetta sagði hann eina vatnið sem hann hafi greint svipað "SPA-Reine" vatni.


Vatnsframleiðslan er greinilega mjög stór þáttur SPA og e.t.v. sá sem gaf mesta

vinnu og tekjur.

Nefndarmenn luku heimsókninni kl. 11:00 og var þá lagt af stað til Bad Ems í Þýskalandi.



ÞÝSKALAND



Ihr First-Class-Hotel
an der Lahn



KURHOTEL BAD EMS

Mánudagur 18. maí kl. 15:00 - 17:00

Kurhaus, Bad-Ems.

Nefndarmenn mættu á skrifstofu Kurhaus í Bad Ems kl. 15:00 og þar tók á móti þeim frú Belau.

Um er að ræða stóra og gamla en glæsilega byggingu. Næsta viðbyggða hús var Kurhótel og handan götu og lítillar ár voru miklar byggingar þar sem hin eiginlega heilsustarfsemi fór fram.


Fyrirtækið er í eigu Bad Ems héraðs í sambandslýðveldinu Rheinland Phals, og þjónar því svo til eingöngu, nema hótelið sem starfrækt er sjálfstætt en í tengslum við Kurhaus.

Kurhaus hefur verið rekið með þessu sniði frá aldamótum. Þar er jarðhiti á tveimur svæðum, annars végar 45 gráðu heitt og hins végar 35 gráðu heitt. Meðalaldur gesta er um 60 ár. Öllum þjóðverjum er frjálst að koma á staðinn og njóta umönnunar á kostnað trygginga, svo framalega sem pláss er til. Skylt er að framvísa læknisvottorðum um þörf á meðferð. Miðað er við fjögurra vikna dvöl og greiðir hver einstaklingur 40 þýsk mörk á dag og er þar með allt innifalið. Boðið er upp á ýmiss konar afþreyingu fyrir fólk, s.s. konserta, bíó og bingó. M.a. hefur fyrirtækið yfir að ráða stórum og sérlega glæsilegum veislusal.

Eingöngu er um að ræða fólk sem kemur á kostnað sjúkratrygginganna og er mikið gert úr lækningamætti vatnsins sem víða kemur úr rennandi krönum í hvers kyns gosbrunna. Þangað nær fólkid sér í vatn að drekka. Er sérstaklega bent á að vatnið úr einum krana sé gott við gigt, annað við verk í hálsi, þriðja gerir þvagfærunum gott o.s.frv. Vatnið var vel volgt og salt.

Í tengslum við þetta er rekin sjúkrabjálfun, gigtarlækningar, hreyfibjálfun og leirböð. Í þau er notaður eldfjallaleir frá Shwartswald.

Biðtími sjúklinga er um 6 mánuðir og sýnir það mikla aðsókn enda allt greitt fyrir sjúklingana. Þeir sem vilja geta komist að fyrr með því að greiða allan kostnað sjálfir og þarf þá ekki læknisvottorð.



priðjudagur 19. maí kl. 10:30

Aukamm hótel, Wiesbaden.



Nefndarmenn mættu á Aukamm hótel kl. 10:30 og þar tók á móti þeim markaðsstjóri hótelsins.

Hótelin var opnað 1970 og er einkarekið. Það var endurbýggt 1986 og er nú afar glæsileg bygging. Verið er að ljúka við sérstaka álmu til að þjóna sem best fólk í viðskiptaferðum.


58% gesta eru útlendingar og hefur hótelin reynt að komast inn á bókunarkerfi erlendra flugfélaga, einkum frá Japan, Hollandi, Arabíu og Miðjarðarhafslöndunum.

Tengsl við heilbrigðisgeirann eru aðeins vegna þjóðverja sem þar halda til meðan á heilsudvöl þeirra í Wiesbaden stendur.

Markaðsstjórin lagði áherslu á mikilvægi þess að bjóða upp á sem víðtækasta þjónustu ef hótelin ætti að ganga, og að umhverfið minnti sem mest á heimaslöðir gesta, s.s. Indlandsstofa, bar frá Arabalöndum, matsalur innréttadur á Japanska vísu o.s.frv.

priðjudagur 19. maí kl. 12:00 - 13:00

Thermal-Kurbader





Nefndarmenn héldu frá Aukamm hóteli kl. 12:00 í fylgd Cristine Jendrasch og skoðuðu Thermal-kurbad, sem er stórt baðhús, í eigu Wiesbaden héraðs, með sundlaug eða stórum heitum potti innan dyra og heitum pottum fyrir utan. Vatnið þar kemur úr 65 gráðu heitum hverum og kælt niður í 37 gráður og járn úr því hreinsað út.



Laugin er öllum opin og þjónar fyrst og fremst fólk af götunni. Ekki er þó um eiginlega sundlaug að ræða. Þar koma um 1300 gestir á dag, þar af um 300 sjúklingar, aðallega giktarsjúklingar og fólk með sjúkdóma í stoðkerfum. Þeir koma alls staðar að frá Þýskalandi en mest frá Wiesbaden. Ef þeir þurfa upphald á staðnum fá þeir greidd 15 mörk á dag, til viðbótar, frá almannatryggingakerfinu. Þarna er starfandi sjúkraþjálfari og nuddari og leiðbeint með hreyfingar í vatni. Ekki eru neinir húðsjúkdómar til lækninismeðferðar. Þar sem annars staðar er lögð áhersla á lækningamátt vatnsins og böðunar.

Húsnaðið er afar snyrtilegt og starfsfólk allt í hvítum klæðnaði. Kaffitería er á staðnum. Nokkuð dýrt er fyrir hinn almenna mann að stunda þarna böðun þar sem aðgangseyrir er um 30 mörk.



Priðjudagur 19. maí kl. 13:00 - 14:00

Kaiser-Friedrich-Bad, Wiesbaden.




Á staðnum tók á móti okkur framkvæmdastjóri baðsins.

Húsið er gamalt og nokkuð farið að láta á sjá innan dyra. Um er að ræða húsnæði þar sem lasburða fólk kemur frá sjúkrahúsum í sjúkraþjálfun og endurhæfingu m.a. eftir slys. Eingöngu er tekið við sjúklingum samkvæmt tilvisun lækna enda allt greitt af opinberum tryggingum.

Þarna gaf að líta fjölda allan af hvers kyns böðum og tækjum til að nýta gufu við öndunarerfiðleikum. Flest af þessu var nokkuð farið að láta á sjá, enda um gömul tæki og gamla aðstöðu að ræða. Mikið af þeiri meðferð sem áður var gefin á slíkum stofnunum ern nú gefin á stofum lækna.

Vatnið sem notað var er 65 gráðu heitt úr jörðinni og er kælt niður fyrir notkun og umframhiti notaður til að hita kalt vatn fyrir upphitun húsanna. Mikið járn og salt er í vatninu, járn og mangan er fjarlægt úr vatninu til að það verði ekki brúnt. Vatnið er tært þegar það kemur úr jörðinni en við að blandast lofti, "oxiderast" það og járnoxíð og manganoxið lita það brúnt. Vatnið var þó notað ógreinsað fyrir vatnsnudd og voru þeir pottar brúnir, einnig var það notað ógreinsað í electrolysis (rafstraumi hleypt í vatn), en vatnið leiðir rafmagn vegna járns og mangans. Þetta var notað við gigtarsjúkdóma, - og er sú meðferð notuð á fleiri stöðum. Aðallega var um að ræða vatnsnudd og endurhæfingu í laugum eins og gert er í Hveragerði og á Grensásdeild BSP. Vatnið er oftast 33 - 35 gráðu heitt. Gufurnar eru notaðar til að anda að sér - fyrir þá sem hafa sjúkdóma í hálsi, nefi og eyrum. Slík meðferð er nú gefin af læknum á stofum sínum. Vatnið var einnig notað við hægðartregðu. Aðallega er um afslöppun að ræða.

Að lokinni þessari heimsókn var nefndarmönnum boðið upp á léttan hádegisverð í boði Wiesbadenborgar.



priðjudagur 19. maí kl. 14:30 - 16:00

Hotel Schwarzboch, Wiesbaden.

Þar tók á móti nefndarmönnum annar af framkvæmdastjórum þess, Heinz M. Weisl.

Hótelin er 500 ára gamalt og byggt á 69 gráðu heitum hver, þeim heitasta í Þýskalandi. Það var byggt sem heilsuhótel en er nú rekið sem tvær einingar, annars vegar sem sjálfstætt hótel, það elsta og fínasta í borginni og hins vegar í tengslum við baðaðstöðuna, en sá þáttur fer sífellt minnkandi.

Tveir sjúkraþjálfarar starfa við baðaðstöðuna og þar er að finna nokkur mismunandi böð.

Aðstaðan býður upp á að sjúkranuddrarar séu á staðnum en það hefur ekki þótt borga sig.


Enginn sjúklingur heldur til á hótelinu sjálfu nema ef hann dvelur þar á eigin kostnað og blandast rekstur því ekki saman.

Samkomulag er um að tryggingarnar borgi í samræmi við þann fjölda sjúklinga sem þarna leitar sér heilsubótar.

Í raun er þarna um mikið og dýrt hótel að ræða sem áður treysti á baðaðstöðu vegna rekstursins en byggir allt sitt nú á fólki í viðskiptaferðum og ráðstefnuhaldi.

Miðvikudagur 20. maí kl. 14:00-16:00

Baden Baden - Hótel Brenner.



Á móti nefndarmönum tók frú Barbel J. Göhner.

Hótelid var reist 1913 eingöngu sem hótel, en síðan settu þeir upp eigin Spaa aðstöðu (heilsurækt) í tengslum við það og þar á eftir klínikaðstöðu. Einn eigandi er að hótelinu og heilsuræktinni en klínikkin er rekin aðskilin.

Í Baden Baden eru aðeins tveir hverir, 60 gráðu heitir, í eigu sveitarfélagsins. Þeir eru það litlir að þeir þjóna aðeins í böð á vegum sveitarfélagsins (Karacala)

Hótelid: Hótelid var á sínum tíma reist án nokkurrar Spaa meðferðar en síðan bættist hún við þar sem hún dró að sér viðskiptavini. Um er að ræða mjög fallega hótelbyggingu með 24 herbergjum og í tengslum við hana Spaa aðstöðu fyrir ungt og hresst fólk sem kýs að halda sér í formi. Boðið er upp á afslöppun, megrunarkúra, fegrún, böð, nudd og hvers kyns aðra heilsuræktarstarfsemi, sem ekki þarfnað læknismeðferðar. Fyrirtækið reynir að höfða til einstaklinga, einkum þá sem

eru á ríkari kantinum og kostar dagsdvölin frá 300 mörkum og allt upp í 1000 mörk á dag og er þá allt innifalið.

Megrunkurarnir miðast við 1000 kaloríur á dag og getur fólk valið sér prógrann að eigin vild. Lögð er áhersla á viku dvöl en 3-4 dagar algengir. Spaa-meðferðin er talin nokkurs konar forvarnarstarf.

Klinikkaðstaðan: Sérmenntaður lyflæknir, Dr. med. Bernd Strater, með framhaldsmenntun í Svíþjóð, tók á móti okkur í Spaa-álmunni.

Þeir sem þar dvelja koma m.a. vegna hjarta, lungna og gigtarsjúkdóma og eftir liðskipti. 80% sjúklinga koma á vegum fyrirtækja sem eru með einkatryggingar og greiða fyrir sjúklinga sína. Ekkert er greitt af almannatryggingum. 20% greiða allt sjálfir.

Mikil áhersla er lögð á Spaa-meðferð, þ.e.a.s. hvers konar böð, m.a. með mismunandi olíum. Meðferðartími sjúklinga er þrjár vikur og starfa á deildinni læknar, sjúkraþjálfarar og nuddrarar en enginn hjúkrunarfræðingur. Fólk kemur til endurhæfingar eftir veikindi og uppskurði. Engin rekstrarleg tengsl eru milli fyrirtækjanna, endurhæfingastöðvarinnar og hótelsins.

Læknirinn sagði það sína skoðun að vatnið væri ekki afgerandi þáttur í starfseminni. Hann sagði það skoðun nýskipaðs heilbrigðisráðherra, að þeir sem þarna njóta hressingar og endurhæfingar en væru ekki eiginlegir sjúklingar ættu, að greiða fyrir meðferðina sjálfir og að hið opinbera ætti að draga sig út úr slíkum kostnaði. Af þessum ástæðum hefði dregið úr aðsókn fólks. Biðlisti væri 2-4 vikur en 6 mánuðir á opinberum sjúkrahúsum.

Aðspurður um hvers vegna eldra fólk sækti svo mikið á þessar heilsustofnanir sagði hann ástæðurnar einkum fjórar:

1. Hefðin.
2. Meiri auraráð.
3. Meiri frítími.
4. Hærri meðalaldur.


Læknirinn sem vissi töluvert um Ísland, gaf nefndarmönnum það ráð að hugsa til eldra fólks sem hefði næga peninga og vildi þægindi. Það hefði rúman tíma og vildi njóta góðra daga. Oft nytí það ýmiss konar sjúkrabóta vegna meðferðar.

Aðstaðan yrði að vera mjög glæsileg, "eldra fólk ið vill gyllta húna og fyrsta flokks þjónustu".

Einnig þyrfti að reyna að ná til unga fólksins með skipulegum hætti, t.d. hálfsmánaðar ferðalagi um Ísland, sem endaði með vikudvöl í Bláalóninu. Þar þyrfti að vera til staðar mjög fullkomin þjónusta, megrunarkúrar, leikfimisalur, íþróttir og snyrtistofur. Nóg þyrfti að vera af "grænum svæðum" til útvistar. Yngra fólk ið gerir ekki eins miklar kröfur um glæsileik aðbúnaðarins.

Þá ætti að auglýsa og kynna Bláalónið sérstaklega fyrir Psoriasisjúklinga og reyna að fá það viðurkennt þannig að sjúkratryggingar greiddu kostnað vegna sjúkradvalar þar. Fá þyrfti erlenda læknasérfræðinga, s.s. frá Englandi, Þýskalandi, Bandaríkjunum og víðar á staðinn og sannfæra þá um gildi meðferðar í Bláalóninu. Ef viðurkenning þeirra fengist myndu þeir vísa á Bláalónið til meðferðar á sama hátt og til suðlægra staða. Við það fengist fastur grunnur til að byggja á. Bláalónið yrði að vera þekkt fyrir eitthvað sérstakt og að auglýsa það sem slíkt. Annað fylgdi með.

Hann lagði áherslu á að byrja ekki stórt en að einingin yrði að vera mjög góð.





Baden Baden, Karacala baðhús.

Ekki var gert ráð fyrir því í dagskrá nefndarinnar að sá staður væri heimsóttur og eftir athuganir á því á staðnum kom í ljós að ekki var möguleiki á að taka formlega á móti nefndarmönnum vegna fundarhalda hjá ráðamönnum þar. Hins vegar lögðu nefndarmenn lykkju á leið sína og litu þar við.

Um er að ræða mjög glæsilega baðhúsbyggingu með sundlaug og heitum pottum. Þar er boðið upp á margs konar þjónustu, s.s. hárgreiðslu, snyrtingu og nudd. Þar er einnig kaffitería. Baðhúsið er í eigu Baden Baden og er öllum opið. Vissar meðferðir þar fást greiddar frá hinu opinbera.

SVISS



Fimmtudagur 21. maí kl. 14:00 - 15:30

Rheinfelden, Parkhotel am Rhein.

Um er að ræða annars vegar hótel og hins vegar heilsuræktar-og endurhæfingarstöð. Þessi fyrirtæki starfa sjálfstætt hvort fyrir sig en hafa nána samvinnu.

Hótelið: Á móti nefndinni tók Roman M. Steiner, forstjóri hótelsins. Hótelið var byggt 1870-72 og þá eingöngu sem hótel. Það var endurbyggt fyrir 13 árum og í tengslum við það "Kursstation". Aðskilin stjórn og rekstur er á fyrirtækjunum en sömu eigendur.

Eftir að hótelið opnaði að nýju eftir endurskipulagningu tengdist það kurstarfseminni meira.

Hótelið býður upp tveggja vikna meðferð í megrun 600 kaloríur á dag og heilsusamlegan mat. 10 - 15 manns sækja þessi námskeið hverju sinni. Meðferðin byggist að miklu leyti á neyslu grænmetis og fiskmetis og taldi forstjórinn möguleika Íslands þar verulega.

Hótelgestir skiptast þannig að um 50% eru dvalargestir í meðferð og 50% venjulegir hótelgestir, m.a. kaupsýlumenn.

Af þeim hópi, sem eru dvalargestir til meðferðar eru um 70% með tilvísun

lækna, m.a. vegna slysa og sjúkdóma.

Almannatryggingar eru á annan veg en á Íslandi. Allir sem atvinnu hafa eru tryggðir vegna atvinnunnar og mismunandi hvaða réttindi menn fá út á þær tryggingar eftir störfum og greiðslum. Þeir sem ekki eru tryggðir á þann veg njóta almannatrygginga hins opinbera og greiða iðgjöld til þeirra.

Engin Spaa aðstaða er í sjálfu hótelinu nema hvað varðar þessa megrunarkúra. Sá hópur sem sækir þessa meðferð hjá hótelinu er frá 20 til 40 ára og taldi hann að það þyrfti að koma fyrr til að efla fyrirbyggjandi þætti.

Nýting hótelssins er um 72% og taldi forstjórinn það ekki slæmt. Um 90% hótelgesta eru Svisslendingar.

Meðalaldur kúrgesta er um 65 ár og um 65% gesta kemur aftur og aftur.

Forstjórinn taldi að ef hótelid ætti að eiga framtíð fyrir sér yrði að stóla meira á sjúklinga sem þurfa aðstoð eftir slys eða veikindi svo og stoðkerfissjúklinga, þ.e.a.s. endurhæfingu. Hann hafði ekki áhuga á hjartasjúklingum eða öðrum þeim sem þyrtfu á læknismeðferð að halda. Framtíðardraumur hans er að um 80% hótelgesta væru í tengslum við greiðslur trygginga en 20% almennir ferðamenn.

Aðspurður um hvort þeir hefðu ekki áhuga á að fá þjóverja til sín, svaraði forstjórinn því til að vissulega hefðu þeir áhuga á því en forsenda þess væri að þjóðverjar viðurkenndu starfsemina sem slíka og það væri mikið mál.

Hótelid kappkostar að hafa ofan af fyrir kúrgestum s.s. með konsertum, bingói, módelsýningum ofl. Forstjórinn nefndi að allt slíkt færi eftir veðri, þegar það væri gott þá þyrfti ekkert að gera, en þegar illa viðraði þyrfti að huga vel að þessum þáttum.

Hann taldi að það fólk sem væri í tengslum við kúrstarfsemina væri fyrst og fremst að njóta lífsins. Það væri fyrir ofan meðallag í tekjum og ríkt fólk sem vildi hafa það notalegt. Þá lagði hann áherslu á að ekki væri um sjúkradvöl að ræða þannig að fólk væri þjónað eins og hverjum öðrum hótelgestum hvað annað en megrunarkúrinn varðar.



Fimmtudagur 21. maí kl. 15:30 - 16:30

Rheinfelden, Kurzentrum.

Á móti nefndinni tók yfirlæknir staðarins og kynnti hann starfsemina.

Kurhúsið er tengt hótelinu með undirgangi. Þar er komið fyrir alls konar starfsemi, s.s. hárgreiðslustofu, nuddi, snyrtistofu, þrektækjasal, böðum o.fl.

Um er að ræða stórt baðhús með sundlaug, heitum pottum, útvöllum til íþróttaiðkana og hvers konar líkamsræktar- og endurhæfingastöðvar með sjúkranuddi, leirböðum, ljósameðferð ofl..

Þá eru þar aðstaða til að sinna Psoriasisjúklingum. Nokkrir læknar starfa í byggingunni og hafa þeir sérstaka aðstöðu fyrir sig.

Kurhúsið byggir mikið á böðum og vatnsmeðferð. Vatnið er 9 gráðu heitt og um 1000 ára gamalt. Því er dælt upp og síðan niður í gegnum saltlög og kemur síðan upp sem salt vatn. Þá er það hitað fyrir gesti til notkunar. Þeir sem aðallega koma til meðferðar eru gigtarstjúklingar sem nýlega hafa farið í aðgerðir á liðum, hjartasjúklingar og psoriasisjúklingar. Psoriasis er meðhöndlalaður með saltbökstrum og ljósum og sjá sérfræðingar í húðsjúkdómum um þá meðferð. Húðsjúklingar voru einungis líttill hluti af heildarfjöldanum enda meðferð sem þessi gefin viða. Fáir sjúklingar koma langt að, langflestir úr nærliggjandi héruðum og nær engir útlendingar.

Í Kurhaus koma um 1000 gestir daglega, þar af 3-400 dvalargestir vegna kúra. Um 130 manns vinna þar, þar af 2/3 í hluta starfi.



FRAKKLAND

Föstudagur 22. maí kl. 12:00 - 18:00

Contrexeville

Hótelid sem var heimsótt, Cosmos, er glæsilegasta hótel bæjarins, um 100 ára gamalt, en ber aldurinn vel. Tveggja manna herbergi vel útbúið kostar um 450 F.

Á móti nefndinni tók Odile Faussemagne sem er markaðsstjóri fyrir Spaa meðferðir í Frakklandi. Þýr hún í París en var þarna stödd, sérstaklega til að taka á móti hópnum. Framkvæmdastjóri Contrex fyrirtækisins, frú Dominique Goguelin liðsinnti ásamt aðstoðarframkvæmdastjóra Jean Brod og aðstoðarmanni. Eftir stutt spjall í móttöku var nefndarmönnum boðið til ríkulegs fransks hádegisverðar. Yfir borðum var spurt og spjallað um starfsemina.

Eftir hádegisverð var farið í kynnisferð um fyrirtækið, m.a. Casínó fyrirtækisins og þar voru forstjóri þess ásamt blaðamönnum frá tveimur hérðasblöðum sem tóku viðtal við nefndamenn.

Móttökur í Contrexeville voru glæsilegar og töluðu nefndarmenn um að gott var að þeir hefðu ekki þurft að standa í öðru eins á hinum stöðunum þar sem þá hefði öll dagskrá riðlast. Þar sem þetta var síðasti áfangi nutum við móttökunnar og að heimsókn lokinni ók nefndin til Luxemburgar á vit átthaga sinna á Íslandi.

Contrexeville er bær, 60 - 70 km. suður af Nancy og er þekktur fyrir gott vatn (Contrex), sem m.a. er flutt út og heimsþekkt gæðavara. Þar búa á milli 5 og 6000 manns og vinna um 1500 manns við vatnsframleiðsluna á einn eða annan máta. Bæjarfélagið er eitt það ríkasta í Frakklandi og fær bærinn ákveðið gjald af hverjum seldum lítra af vatni en árlega er tappað á um 600 milljón flöskur. Vöxtur er í starfseminni.

Vatnið þarna var þekkt fyrir hundruðum ára. Á dögum Rómverja var það þekkt og komu Rómverjarnir til staðarins til hvíldar og dvöldu þá í 21 dag sem fór eftir tunglstöðu. Þá þekktu Persar staðinn í eina tíð. Seinna, eða um 1816 varð staðurinn þekktur þegar pólski konungurinn Waroslaw, tengdafaðir Loðvíks 17, kom þar við og baðaði sig á leið sinni til og frá tengdasyninum.

Notkun vatnsins á þann máta sem nú er gert á sér ekki mjög langa hefð.

Hótelid var byggt fyrir um 100 árum og fljótegla eftir seinni heimstyrjöldina var farið að huga að baðaðstöðunni og þá var byggt yfir kúrsaðstöðuna.

Sérstök stjórn er yfir öllum málum í héraðinu þannig að Contrexeville-vatnið er undir sömu stjórn og sömuleiðis Cosmos hótelid og heilsuræktin.

Fyrirtækið nýtur engra styrkja nema hvað sjúkratryggingar taka þátt í kúrstarfsseminni.

Boðið er upp á 21 dags kúra. Ekkert fæst það greitt af tryggingunum nema verið sé í 21 dag sem á sér hefð frá tínum Rómverja eins og fyrr er greint frá. Aðeins fáir geta nýtt sér svo langan tíma og fullfrískt fólk fær ekki bætur frá tryggingunum. Þarna kemur fólk sem vill leita sér bóta m.a. við sykursýki, nýrnasteinum, þvagfærasýkingum o.fl.. Um 30 % gesta koma með tilvísun frá lækni og um 70% dvalargesta er ungt fólk. Boðið er upp á 10 daga kúra fyrir yngra fólk sem það greiðir sjálf fyrir. Dýrasta gjaldið er 9200 frankar en það ódýrasta 4800 frankar. Aðallega er um hátekjufólk og fólk með betri tekjur sem koma þarna til dvalar og er það á aldrinum 30-40 ára. Það velur sér meðferð í samráði við lækna og síðan er samið prógramm fyrir hvern og einn. Lögð er áhersla á mikilvægi vatnsins og þarf hver og einn að drekka minnst 2 lítra á dag. Allur sykur, óhollur matur, áfengi og bjór er með öllu bannað. Verðið ferð síðan eftir því hvað einstaklingurinn vill kosta miklu til, sérstaklega hvað varðar fjölda meðferða og húsnaði. Lögð er áhersla á að kenna fólk i hverning það á að megrast, fremur en að fólk ið nái árangri í megrun á staðnum.

Enginn jarðhiti er á staðnum og þar af leiðandi ekki heitt jarðvatn. Vatn til meðferðar er hitað upp í böðum í 30-40 gráður.

Ótúlegustu vatnsmeðferðir eru notaðar. Tyrknesk böð, bandarískar sturtur, leirböð, heit böð á bakið til að losa nýrnasteinamulning eftir hljóðbylgju "sprengingu" á nýrnasteinum. Voru til þess notaðir heimasmíðaðir bekkir sem sjúklingurinn var bundinn á, velt á haus og síðað spúlað á hann úr háprýstislöngu. Einnig voru okkur sýnd tæki til rafmagnsmeðferða, bæði nudd og með nálum til að fitusprengja "appelsínuhúð" á lærum kvenfólks. Vatnsspúlið var einungis gefið eftir tilvísun lækna. Gjald sjúklinga fyrir læknisskoðun er 165 Frankar en síðan er meðalkostnaður fyrir hverja meðferð 20 Franka og fóru flestir í 3 meðferðir af ýmsu lagi á dag eða fyrir 60 Franka. Fitusprennging á "appelsínuhúð" er þó mun dýrari, og koma konur víðsvegar

að úr Frakklandi fyrir þá meðferð.

Áhugi er alltaf að aukast. Árið 1970 komu um 700 manns á "námskeið" (kúrsa) en nú um 4000. Annatímabilið er apríl til október. Alls eru 104 Spaa stofnanir eru í Frakklandi, 50 af þeim bjóða upp á stutta kúrsa svipaða og í Contrexeville. Aðeins ein stofnun er rekin af ríkinu, hún er í Ölpunum, komin til ára sinna og verður trúlega lokað innan tíðar þar sem ríkið vill draga sig út úr slíkum rekstri.

Til dægradvalar fyrir gesti er boðið upp á bíó og leiksýningar í afar fallegum sal í Casínoinu. Salurinn er eitt listaverk og aðgangur er ókeypis í flestum tilvikum.

Til stuðnings fyrirtækinu er rekið Casínó, eða spilavíti. Lög frá því um aldamót heimila þeim sem reka slíka þjónustu svo og ferðamennsku að vera með spilavíti, en engum öðrum. Svið lög eru í Þýskalandi og Belgíu og eru einu Casínoin því staðsett þar sem Spa/kur starfsemi fer fram. Í Conrexeville er um að ræða spilakassa, rúllettu ofl. og að sögn forstjóra ganga spilakassarnir vel, bæði hvað varðar að þeir þarfust lítils mannskaps í vinnu, er dægradvöl fyrir viðskiptavini og skilar einhverju í aðra hönd.

Eitthvað hefur verið um að kalsíum hafi verið sótt til Contrexeville m.a. til Japans þar sem því er tappað á flöskur.

Staðarmenn lögðu mikið upp úr fallegum arkitektúr og vísuðu á þekktan arkitekt í París sem m.a. teiknaði Bastill-óperuna með það í huga að Íslendingar nýttu sér starfskrafta hans.

**SAMANTEKT PÁLS H. GUÐMUNDSSONAR Á ÞVÍ SEM BAR FYRIR AUGU OG
ATHYGLISVERT VAR FYRIR PSORIASISSJÚKLINGA Í KYNNISFERÐINNI.**

Helst er það að segja að engin heilsustöðin sem við skoðuðum, var eingöngu ætluð húsjúklingum, eða bauð upp á meðferð sem hentar þeim eingöngu, þannig að erfitt er að bera þær saman við þær göngudeildir eða heilsustöðvar sem þekktar eru og reknar í því augnamiði að veita húðsjúklingum bata.

Stór kostur var að kynnast sjónarmiðum þessara rekstraraðila og fá upplýsingar um rekstrarform og kostnað, markhópa og reynslu.

Áhrifaríkur og athyglisverður þáttur í starfsemi flestra stöðvanna var vatn með mismunandi efnainnihaldi sem var bæði notað til drykkjar og baða. Var lögð mikil áhersla á heilsusamlegan þátt vatnsdrykkjunnar og heitra baða.

Kom nokkuð á óvart hversu mikil áhersla er lögð á þetta og hvað mikil kynning hefur farið fram á þessum þætti. Sennilega er það vegna þess að heitt vatn til baða og ferskt og gott drykkjarvatn er svo eðlilegur hlutur hjá okkur að við höfum ekki lagt sérstaka áherslu á það. Sjálfsagt er að nota þennan möguleika og kynna hreint drykkjarvatn í tengslum við þá heilsustarfsemi sem væntanlega getur orðið við Bláa lónið, sem hreina viðbót.

Auðséð var að öll starfsemi er byggð á gömlum grunni og vel búið að sjúklingum í hvívetna, ró og friður hvíldi yfir öllu, þannig að sjúklingunun leið vel, íburður var víðast hvar meiri en maður hefur áður séð á heislustöðvum eða heilsuhótelum, og er það í sumum tilfellum gert til að ná til efnameiri sjúklinga sem vilja hafa allt á sem glæsilegastan máta. Auðvitað er það áríðandi að sjúklingum líði vel og finni sig heima ef nokkur kostur er, þegar þeir stunda meðferðir við sjúkdómum.

Eftir ferðina sér maður enn betur hversu sérstætt Bláa lónið er og hvað miklir möguleikar og séraðstaða felst í því ef rétt er á spöðunum haldið.

Páll H. Guðmundsson (sign).

Nokkur minnisatriði, sem huga verður að við gerð
áætlunar um fjölbætta nýtingu Bláalónsins.

1. Viðurkenning Íslenskra heilbrigðisyfirvalda.
2. Viðurkenning erlendra heilbrigðisyfirvalda.
3. Séraðstaða vegna meðferðar á Psoriasisjúkdómi.
4. Notkun lónsins og Íslensks vatns í tengslum við sjúkdóma almennt, s.s. gigt, hjartasjúkdóma og stoðkerfissjúkdóma ásamt hvers konar endurhæfingu.
5. Sérstaða Íslensks drykkjarvatns.
6. Sérstök tilboð til yngra fólks, s.s. megrunar- og þrekkúrar.
7. Samvinna við ferðamálayfirvöld og skipulagðar skoðunarferðir um landið.
8. Notkun á Íslenskum fiski í heilsukúra.
9. Höfða til efnaðs fólks sem hefur mikil auraráð og nægan frítíma.
10. Byggingar og öll aðstaða þarf að vera mjög góð.
11. Hönnun bygginga taki mið af heimaslöðum þeirra gesta sem höfðað er til.
12. Breytt áhersla gagnvart styrkjum til þeirra sem notfæra sér þjónustuna.
13. Möguleikar á rekstri spilavíta (Casinó) í tengslum við starfsemina.

Fylgiskjal nr. 13

**SKÝRSLA BLÁALÓNSNEFNDAR UM KYNNISFERÐ TIL
DAUÐAHAFSINS Í ÍSRAEL
DAGANA 18.- 22. SEPTEMBER 1993**

**BLÁALÓNSNEFND
NÓVEMBER 1993**

EFNISYFIRLIT**I INNGANGUR****II YFIRLIT UM FERDINA**

II.1. Sögulegt yfirlit

II.2. Afstaða heilbrigðisyfirvalda

II.3. Hvaða lærðóm má draga af ferðinni

III RANNSÓKNIR OG MEÐFERÐ

III.1. Rannsóknir á lækningamætti Dauðahafsins

III.2. Meðferð við Dauðahafið

IV ATHUGASEMDIR OG ÁBENDINGAR

Myndir eru fengnar úr kynningarritum og auglýsingabæklingum.
Gefa þær frekari vitneskju um hvað í boði er og hvernig aðstaðan lítur út.

I. INNGANGUR

Þau tæpu tvö ár, sem Nefnd um fjölpætta nýtingu Bláalónsins við Svartsengi, öðru nafni Bláalónsnefnd heilbrigðisráðuneytisins, hefur starfað, hefur hún staðið fyrir tveimur rannsóknum á lækningarmætti Bláalónsins. Rannsóknirnar hafa beinst að því að kanna lækningarmátt með hliðsjón af psoriasisjúkdómnum en það er skoðun nefndarinnar að kanna beri Bláalónið fyrst og fremst með hliðsjón af hugsanlegum lækningarmætti á húðsjúkdóma.


Vorið 1992 fór hluti nefndarmanna til Belgíu, Þýskalands, Sviss og Frakklands og kynnti sér starfsemi heilsustofnana og heilsuhótela, sérstaklega með hliðsjón af uppbyggingu þeirra og rekstri. Ennfremur kynnti nefndin sér í þeirri ferð þá starfsemi sem sérstaklega er bundin meðferð við húðsjúkdómum en þar var aðeins um að ræða eina stofnun í Reinfelden í Sviss.


Vegna þess þunga sem nefndin hefur lagt á lækningaránnsóknir í tengslum við húðsjúkdóma, sérstaklega psoriasis, var talið nauðsynlegt að hún kynnti sér starfsemi þar sem veitt er meðferð við psoriasis. Víða um heim er að finna stofnanir sem sinna slíkri þjónustu, bæði í Evrópu og í Bandaríkjum, en niðurstaðan var sú, að höfðu samráði við sérfróða aðila, að æskilegast væri að kynna sér starfsemina við Dauðahafið, en þar er rekin öflug starfsemi sem í dag þjónar sérstaklega þjóðverjum, sem m.a. byggist á böðum í Dauðahafinu sem eins og Bláalónið er mjög salt.

Fimm nefndarmenn tóku þátt í ferðinni; Ingimar Sigurðsson formaður, Níels Árni Lund ritari, Jón Hjaltalín Ólafsson sérfræðingur í húðsúkdómum, Árni M. Mathiesen alþingismaður og Bjarni Andrésson bæjarstjórnarmaður í Grindavík. Tóku þeir saman þessa skýrslu. Þá fór ásamt ofangreindum nefndarmönnum Jón H. Karlsson aðstoðarmaður heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra. Ferðin var skipulögð í samvinnu við þýska ferðaskrifstofu, O.K. Reisen, sem hefur sérhæft sig í ferðum til Dauðahafsins í lækningarskyni og Íslenska heislufélagið h/f.


Tilgangurinn með ferðinni var að kynna sér þá starfsemi við Dauðahafið sem snýr að meðferð og lækningu psoriasisjúklinga, s.s. fá upplýsingar um framkvæmd meðferðar, tímalengd, hvaða þættir skipta máli varðandi meðferðina og lækninguna, uppbyggingu þjónustunnar á svæðinu og ýmislegt annað sem að gagni kann að koma við tillögur um framtíðaruppbyggingu og framtíðarstarfsemi við Bláalónið.


Reykjavík í nóvember 1993


Ingimar Sigurðsson, formaður


Árni M. Mathiesen


Jón Hjaltalín Ólafsson


Bjarni Andrésson


Níels Árni Lund

II. YFIRLIT UM FERÐINA


II.1. SÖGULEGT YFIRLIT

Dauðahafið liggur 400 metrum undir sjávarmáli og er lægstu punktur jarðar. Lögum hefur leikið orð á því að Dauðahafið og sú sérstaka aðstaða sem þar er að finna, hafi að geyma lækningarmátt ekki síst í tengslum við ýmiskonar húð- og gigtarsjúkdóma. Er að finna í fornum ritum, þ.á.m. helgrí bók, sögur af slíku. Skipuleg starfsemi hófst hins vegar ekki fyrr en á fjórða áratugnum, í litlum mæli, þegar landflóttu þýskur læknir hóf þar meðferðarstarf.

Allt fram til 6 daga stríðsins 1967 var um litla starfsemi að ræða og það var ekki fyrr en á árinu 1968 þegar "Vesturbakkinn" komst undir ísraelsk yfirráð að farið var að skipuleggja starfsemina. Það voru fyrst og fremst þjóðverjar sem sóttu sér heilsubót til Dauðahafsins og þá á eigin vegum og án afskipta heilbrigðisyfirvalda í Ísrael og í Þýskalandi líka og án greiðslna úr sjúkrasjóðum.

Þannig gengu málin allt til ársins 1985 að tvær þýskar ferðaskrifstofur, O.K. Reisen og Hackel, hófu að skipuleggja ferðir psoriasisjúklings til Dauðahafsins.

Í tengslum við það hófst uppbygging hótel að svæðinu og eru nú 8 hótel starfrækt þar með um 1500 herbergjum. Áform eru um að fjölgja herbergjum í 5000 og eru þegar hafnar framkvæmdir við það.



EIN BOKEK HOTEL**** Mobile Post, Dead Sea 86930, Tel: (057)84331. Tlx: 5216

96 rooms, fully air-conditioned and heated. private bathroom, t.v., radio and telephone.


- coffee shop • night club
- video room • bridge club • swimming pool • tennis court • conference hall (120 seats).



GALEI ZOHAR HOTEL**** Mobile Post, Dead Sea 87930. Tel: (057)84311. Tlx: 5294

260 rooms, fully air-conditioned and heated, private bathroom, t.v., radio and telephone.

- coffee shop • night club
- swimming pool • tennis court • conference hall (150 seats).



Eiginleg starfsemi O.K. Reisen við Dauðahafið hófst 1987 en það ár fóru 13 sjúklingar á vegum ferðaskrifstofunnar til Dauðahafsins. Árið eftir fóru 400 og síðan hefur verið stígandi aðsókn og fara nú á vegum ferðaskrifstofunnar um 2000 manns árlega. Í fyrstu fóru þjóðverjarnir á eigin vegum en fljótlega tóku sjúkratryggingarárþýskalandi, sérstaklega sjúkratryggingarverkalýðsfélaganna, þátt í kostnaði við ferðir og meðferð og í dag standa þau að langmestu leyti undir kostnaðinum þegar þjóðverjar eiga hlut að máli.

Starfsemi O.K. Reisen við Dauðahafið er fyrst og fremst bundin við eitt hótel, Hótel Moriah Garden og er svo komið að yfir 90% þeirra sem sækja hótelioð nýta það sem heisluhótel en nýtingin á sjálfu hótelinu er um 96% þá 11 mánuði ársins sem hótelioð er opið. Hótelioð er lokað í janúar eins og öll starfsemi við Dauðahafið en í janúar, sem er kaldasti mánuðurinn, eru einu rigningardagarnir en þeir eru yfirleitt 8-10 samfelldir.

Vegna aukinnar aðsóknar var hótelioð viðurkennt sem heilbrigðisstofnun á yfirstandandi ári og snýst starfsemi hótelsins svo til einvörðungu um heilbrigðispáttinn, þ.e.a.s. meðferð fyrir psoriasisjúklinga og gigtarsjúklinga. Í því skyni nýtir hótelioð sér auk eigin aðstöðu Dauðahafið og endurhæfingarstofnanir á svæðinu sem m.a. bjóða upp á leirböð.

Langflestir sem leita sér heislubótar til Dauðahafsins koma frá Þýskalandi en á síðari árum hefur Austurríkismönnum fjölgað svo og Ítölu. Lítið er um Englendinga, Frakka og Skandinava. Yfir 80% þeirra sem koma þjást af psoriasis, um 10% af liðagigt og aðrir af öðrum gigtarsjúkdónum. Fjögurra vikna meðferð með ferðakostnaði og upphaldi miðað við Þjóðverja kostar 250.000.00 ísl. kr. Meðferð stendur í 4 vikur og í vissum tilvikum í 6 vikur eftir ástandi sjúklings.

Svo furðulegt sem það er sækja Ísraelmenn ekki mikið þessa þjónustu enda hafa ísraelsk heilbrigðisyfirvöld lítið skipt sér af þessum málum að öðru leyti en því að veita leyfi til reksturs og annast eftirlit með rekstrinum þannig að hann standist gæðakröfur. Skýringanna er eflaust að leita í því að Ísraelmenn hafa nóg af sól og hita í landinu sjálfu þannig að meðferð við psoriasis við Dauðahafið hefur ekki sama aðráttarafl á þá og norðlægar þjóðir. Á þessu er hins vegar að verða breyting með aukinni uppbyggingu á svæðinu.

MORIAH GARDENS HOTEL****
Mobile Post, Dead Sea 84960, Tel: (057)84351. Tlx: 5203

184 rooms, fully air-conditioned and heated, private bathroom, t.v., radio and telephone.
 • dining room • night club • bar • video and cinema hall • bridge club
 • swimming pool • gardens • indoor heated sea-water pools • coffee shop • conference hall (350 seats).



II.2. AFSTAÐA HEILBRIGÐISYFIRVALDA TIL MEÐFERÐAR VIÐ DAUÐAHAFIÐ

Eins og áður kemur fram hafa ísraelsk heilbrigðisyfirvöld lítið skipt sér af þessum rekstri og ekki veitt neinn fjárstuðning til hans hvað þá til uppbryggingar. Afskiptin eru bundin við leyfisveitingar og eftirlit með gæðum þjónustunnar. Í þeim tilvikum þar sem ísraelsmenn leita sér meðferðar s.s. við psoriasis eða gigtarsjúkdóum hafa þeir þurft að borga fyrir þjónustuna að öllu leyti nema þar sem sjúkratryggingar, sem reknar eru á vegum fjögurra aðila, fallast á að greiða kostnaðinn. Um 99% ísraelsmanna eru sjúkratryggðir á vegum þessarra fjögurra félaga.

Sjúkratryggingar í Israel, sem reknar eru í félagaformi, eru nánast í eigu stjórnmálaflökkanne. Stærsta félagið sem nær til um 80% ísraelsmanna er í eigu Liqud-bandalagsins. Vegna afskipta- og áhugaleysis ísraelskra stjórnvalda af þessum málum hafa rannsóknir á lækningamætti Dauðahafsins og aðstöðunni sem þar er, verið í lágmárti. Þó hefur löngum verið haldið að hin djúpa lega vatnsins, sólin, hitinn og vatnlöð sjálft, sérstaklega saltmagn þess sem er yfir 30% af vatninu, hafi lækningamátt þótt engar sannanir hafi verið lagðar fram. Þannig getur fólk sólað sig miklu lengur við Dauðahafið en annars staðar þar sem sól er jafn sterk, þar sem djúp lega vatnsins dregur verulega úr svokölluðum B geislum sem valda sólbruna.

Þar sem Israel hefur töluverðra hagsmuna að gæta vegna komu þjóðverja til lækninga og vegna krafða þýskra heilbrigðisyfirvalda að því eingöngu komi til greiðslna úr sjóðum þar í landi að fyrir liggi fullvissa um lækningarmátt, hefur verið ákveðið að framkvæma 3 rannsóknir á hugsanlegum lækningarmætti Dauðahafsins og þess sem þar er að finna. Þær hófust í október í ár og munu standa yfir í 2 - 3 ár. Rannsóknin verður á ábyrgð Háskólans í Beer Sheva undir yfirstjórn prófessorsorsins í húðsjúkdóum við læknadeils háskólans þar. Er nánar fjallað um þann þátt annars staðar í skýrslunni.

Með hliðsjón af breyttum áherslum í Þýskalandi í tenslum við ýmiss konar heislustarfsemi þar sem lögð er áhersla á að því einugnis komi til greiðslna af almannafé eða úr sjúkratryggingum verkalýðsfélaga að fyrir liggi sönnur á lækningarmætti hefur örðið breyting á afstöðu yfirvalda til þessara mála, ekki aðeins í Þýskalandi heldur og í nágrannalöndum.

Til þessa hafa þýskar sjúkratryggingar greitt fyrir slíkar ferðir í samræmi við tilvísanir lækna og verður svo næstu ár meðan rannsóknir sem áður eru nefndar standa yfir. Í því er hins vegar ekki fólgin nein viðurkenning á lækningarmætti heldur er tíminn hugsaður sem umþóttunartími. Er viðbúið að aðrar þjóðir þar á meðal Norðurlandabjóðir bíði eftir niðurstöðum þessarra rannsókna áður en formleg viðurkenning þeirra fæst. Meðan á rannsóknunum stendur er vandséð að önnur lönd en Þýskaland og Austurríki greiði fyrir meðferð við Dauðahafið.

II.3. HVAÐA LÆRDÓM MÁ DRAGA AF FERÐINNI

Það sem vakti undrun nefndarmanna varðandi starfsemina við Dauðahafið er afskiptaleysi íslenskra stjórnvalda, nánast tómlæti að öðru leyti en hvað snertir formlegar hliðar málsins þ.e.a.s. leyfisveitingar og eftirlit með gæðum starfseminnar. Ennfremur að þrátt fyrir áratuga skipulagt starf hafa engar haldbærar rannsóknir á lækningarmætti þess farið fram fyrr en nú að rannsóknir eru hafnar og munu standa yfir næstu 2 - 3 árin. Þrátt fyrir þetta hefur á undanförnum 5 - 10 árum verið hægt að skipuleggja í vaxandi mæli ferðir þjóðverja og Austurríkismanna til þess að leita sér lækninga við psoriasis- og gigtarsjúkdómum við Dauðahafið á kostnað sjúkrasjóða þessara landa. Ennfremur bendir þróunin til þess að ekki sé hægt að reikna með verulegum fjölda útlendinga fyrstu árin og að óráðlegt sé að treysta á sjúkratryggingar fyrr en festa er komin á starfsemina. Því sé nauðsynlegt að byrja starfsemina við Bláalónið hægt og bítandi miðað við fyrirliggjandi niðurstöður um lækningarmátt og jafnframt að nota tækifærið og halda áfram rannsóknum í 2 - 3 ár meðan verið er að koma starfseminni á flot og aðeins frá landi.

Þótt ekki sé enn farið að reka skipulega starfsemi við Bláalónið er ljóst að það hefur forystu fram yfir Dauðahafið hvað snertir tvennt, þ.e.a.s. stuðning íslenskra stjórnvalda og að þegar hafa verið framkvæmdar tvær rannsóknir sem lofa góðu. Er þetta mikilvægt forskot ekki síst í ljósi breytrar stefnu í Þýskalandi og nágrannalöndunum varðandi þáttöku sjúkratrygginga og sjúkratrygginga verkalýðsfélaganna í meðferðinni.

Það er því ljóst að nauðsynlegt er að sem fyrst hefjist starfsemi við Bláalónið í lækningarskyni með leyfi heilbrigðisráðuneytisins og að jafnframt verði haldið áfram nauðsynlegum rannsóknum næstu tvö árin á vegum óháðra aðila þannig að niðurstöður verði trúverðugar.

Einnig má benda á að við Dauðahafið er lítið við að vera. Þar er ekki rekin nein sérstök starfsemi fyrir ferðamenn fyrir utan þau hótel sem þar eru og þá starfsemi sem fer fram innan veggja þeirra. Á hótelunum er hins vegar boðið upp á ýmis konar afþreyingu svo sem fjárhættuspil (spilavíti) og ýmis konar skemmtanir. Ennfremur er tengd þessu ýmis konar ferðapjónusta um söguslóðir Bibliunnar en landið við Dauðahafið er hrjóstrugt og lítt áhugavert ef undan er skilið sögulegt og trúarlegt gildi þess.

Megin niðurstaða ferðarinna er sú að það ráði úrslitum um framtíð Bláalónsins sem meðferðarstofnunar fyrir psoriasisssjúklinga og hugsanlega aðra sjúklinga að leiddar verði sönnur á lækningamátt lónsins. Verður því að leggja allt kapp á að framkvæma nauðsynlegar rannsóknir og það sem fyrst á vegum opinberra aðila en jafnframt að hefja í litlum en stígandi mæli meðferðarstarf við lónið með leyfi íslenskra heilbrigðisyfirvalda og með þáttöku sjúkratrygginga þegar íslendingar eiga hlut að máli.



III. RANNSÓKNIR OG MEÐFERÐ

III.1. RANNSÓKNIR Á LÆKNINGAMÆTTI DAUÐAHAFSINS

"Thalassotherapy", öðru nafni "Climatotherapy" er það kallað þegar sjúklingar eru meðhöndlæðir með böðum í sól og söltum sjó. Slíkri meðferð hefur verið beitt geng ýmsum húðsjúkdómum frá fornöld. Við Dauðahafið í Ísrael var slíkri meðferð fyrst beitt gegn psoriasis svo vitað sé eftir seinni heimstyrjöldina.

Árið 1959 birtist a.m.k. ein grein almenns eðlis um árangur slíkrar meðferðar á psoriasis. Sú grein var eftir professor Sagher, frumkvöðul Ísraelsmanna í húðsjúkdómum.

Eftir 1970 var fyrst byrjað að safna upplýsingum á skipulagðan hátt um árangur "Climatotherapy" við Dauðahafið.

Árið 1984 voru síðan birtar niðurstöður 10 ára rannsóknar á árangri meðferðar 2004 psoriasis-sjúklinga, en sú rannsókn var framkvæmd á þann veg að erfitt er að bera árangur hennar saman við aðrar meðferðir. ("Retrospective study").

Í þeirri rannsókn kom fram að eftir 4 vikna dvöl við Dauðahafið gréru 30% sjúklinga 100%, 20,8% sjúklinga greru 90-99% og 38,5% sjúklinga gréru 50-89%. Þetta verður að teljast mjög góður árangur því flestir höfðu slæman og útbreiddan sjúkdóm. Töldu höfundar að 4 vikna meðferð væri jafngild öflugri sjúkrahúsmeðferð. Þetta var árið 1984 en síðan hafa nýjar lyfja- og ljósameðferðir komið fram á sjónarsviðið.



Árangur meðferðar var einnig metinn eftir að meðferð var lokið, en slíkt var framkvæmt á þann veg að sjúklingar voru spurðir hve lengi þeir voru án einkenna. Slíkt mat á árangri er almennt ekki viðurkennt af húðlæknum.



Árið 1978 voru 114 hollenskir sjúklingar sem dvalist höfðu við Dauðahafið spurðir um árangur dvalar en það var gert bréfleiðis. Töldu 44% að 0% yfirborðs væri sýkt en önnur 44% að 1,5-10% húðar væri sýkt. Niðurstöður slíkra spurningalista án skoðunar sérfræðinga eru erfiðar að meta en vissulega voru sjúklingarnir mjög ánægðir.

Nokkrar greinar hafa síðan birst í ýmsum fagtímaritum en þá hefur um yfirlitsgreinar með lýsingum á aðstæðum verið að ræða en ekki sjálfstæðar rannsóknir að því er ég best veit. Var þetta einnig staðfest af þeim þrem

húðlæknum sem nefndin hitti við Dauðahafið.

Voru þessir læknar sammála um að frekari rannsókna væri þörf og eru nú þegar hafnar mjög viðamiklar rannsóknir á lækningamætti sólarmeðferðar við Dauðahafið borið saman við sól og böð í Dauðahafi annars vegar og hins vegar við böð í Dauðahafsvatni eingöngu. Ráðgert er að þessar rannsóknir taki a.m.k. 3 ár og munu þær kosta ærið fé.

Ýtarleg vitneskja liggur nú fyrir um samsetningu vatnsins í Dauðahafinu. Virðist sem flestir teldu að böðun psoriasisjúklinga væri ekki mikilvægur þáttur meðferðar, enda baða einungis hluti sjúklinganna sig í hafinu.



III.2. MEÐFERÐ VIÐ DAUÐAHAFÍÐ

Sólin.

Dauðahafið liggur 394 m undir sjávarmáli. Útfjólubláir geislar sólarinnar þurfa því að fara sem því nemur lengur til að ná yfirborði jarðar. Þessir 394 m eru mettaðir eftum sem gufa upp úr Dauðahafinu, m.a. magnesium og brómi. Talið er að það eigi mikinn þátt í að stór hluti útfjólublárra geisla af styttri bylgjulengdum kemst ekki niður að yfirborði Dauðahafssvæðisins. Þessir geislar nefnast UVB og orsaka að miklu leyti sólbruna húðar.

Þó sól sé mikil geta flestir dvalið lengur í sólinni en þeir annars gætu án þess að brenna en vegna mikils hita eru flestir varaðir við langri dvöl í sól. Því hefur verið haldið fram að geislar sólarinnar á þessum slóðum séu hættuminni en á öðrum stöðum hvað varðar myndun á húðkrabbameinum. Þessu til stuðnings hafa læknar tekið sýni úr húð sjúklinga sem dvalist hafa á þessum slóðum og rannsakað en ekki fundið húðskemmdir eftir sól. Þessum skoðunum er yfirleitt ekki trúð af húðlæknum sem telja að sólargeislar þar sem annars staðar geti verið hættulegir til lengdar. Sama gildir um ljósameðferðir í ljósalömpum.

Læknisskoðun og áburðir.

Allir sjúklingarnir eru skoðaðir af húðsjúkdómalækni áður en meðferð er hafin. Ákveða þeir hversu lengi hver sjúklingur má vera í sólinni. Oftast fá þeir einig feit smyrsl til að flýta fyrir afhreistrun húðarinnar. Á bann hátt ná geislar sólarinnar dýpra niður í húðina. Eftir stutta dvöl eru þeir skoðaðir að nýju og fá þá oft áburð sem inniheldur tjöru sem einnig flýtir fyrir meðferð, en tjara verkar oft vel ein sér á psoriasis. Dithranol er annað lyf sem þeir nota með sólböðum. (Þessir áburðir þ.e. tjara og dithranol eru mikið notuð á okkar slóðum og kölluð lyf en ekki kölluð lyf að því er virðist hjá höfundum rannsóknaniðurstaða Ísraelsmanna.)




Sólarmeðferð

Meðferð psoriasis við Dauðahafið byggir fyrst og fremst á sólarmeðferð.

Sólarmeðferð er meðferð sem innihalda mun minna magn UVB-geisla á þessum slóðum en t.d. í Tel-Aviv sem liggar við sjó. Hlutfalalslega er því mikið magn af UVA-geislum sem brenna húðina í minna mæli. Sjúklingarnir byrja varlega í sólinni. Einungis fáeinan mínnútur fyrsta daginn en auka sólböðin hægt og bítandi. Eftir 4 vikur geta flestir dvalist allegni í sólinni. Þar sem margir hafa útbrot á stöðum sem þeir ógjarnan sýna gagnstæðu kyni hafa verið sett upp skýli sem sjúklingaarnir geta verið naktir í svo kölluðu "solarium". Eftir 4 vikna dvöl eru flestir orðnir grónir og allverulega brúnir á hörund og þykir mörgum sú blanda eftirsóknar-verð.

Hvíld.

Svæðið er rólegt og hjálpar flest til að sjúklingar hvílast vel. Mjög hátt innihald bróms í loftinu hefur verið nefnt sem skýring á þessu en bróm var lengi notað sem róandi lyf. Það er vel þekkt að álag hefur slæm áhrif á psoriasis og sama gildir um kulda. Því hefur hvíld í hita þar sem fátt er til að trufla góð áhrif. Einhæft umhverfi getur þó verið þreytandi og þar af leiðandi verið þrúgandi fyrir suma.



Gigt.

Fjölmargir gigtarsjúklingar dveljast sér til heilsubótar við Dauðahafið. Talið er að þeir hafi meira gagn af böðum í Dauðahafinu en psoriasisssjúklingar. Dauðahafið er all heitt og eru heit böð og mikill lofthiti oftast stór þáttur í meðferð gigtarsjúklinga. Um 10% psoriasisssjúklinga hefur svo kallaða psoriasisgigt og hafa þeir því sérlega gott af dvölinni. Leirböð eru gefin á flestum meðferðarstöðum við Dauðahafið en þau gefa mikinn hita djúpt inn í húðina og liðina og því gagnleg sem bólgueyðandi meðferð.




Álit

Meðferð psoriasisssjúklinga við Dauðahafið virðist vera mjög áhrifarík þó nokkuð vanti á að hlutlausar rannsóknir hafi verið gerðar því til staðfestingar. Sólin er öflug og hefur þar sem annars staðar mjög góð áhrif á psoriasis.

Sumar fullyrðingar starfsfólks um árangur meðferðarinnar báru nokkur merki tröllatrúar. Húðlæknar sem talað var við voru sannfærandi svo og aðstaðan sem þó var fremur einföld. Lítið er við að vera á svæðinu þó þar væru nokkur hótel. Hinn gríðarlegi hiti sem oft er á svæðinu getur verið sumum sjúklingum erfiður.

Kynnisferð til Dauðahafsins var lærdómsrík og afar mikilvæg þegar lagt er mat á Bláalónið.



IV. ATHUGASEMDIR OG ÁBENDINGAR

Minnispunktar Jóns H. Karlssonar, aðstoðarmanns heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.

* Hótel við Dauðahafið voru áberandi fá en stór, dægradvöl lítil og fæði ekki fjölbreytt.

* Eftirtektarvert var að lögð er að jöfnu meðferð í böðum (sól og sjór) og lyf annars vegar og sálfræðihjálp hins vegar.

* Áfengisneysla er talin hafa neikvæð áhrif á psoriasisjúkdóminn en þrátt fyrir það er óhindrað aðgengi að því.

* Meðferðin við Dauðahafið er kostnaðarsöm en mikið niðurgreidd frá Þýskalandi. Hvað gerist ef breyting yrði þar á og niðurgreiðslur félru niður?

* Þarna var Bandarískur maður á eigin vegum í annað skipti. Hann greiddi um 350.000.- kr. fyrir 6 vikna meðferð en taldi það borga sig þar sem árangurinn væri góður. Hann kvartaði yfir leiðindum þar sem lítið væri við að vera. Hann vissu um tilveru Bláalónsins og spurði hvort þar væri ekki spilavíti.

* Að mínu mati á Bláalónið allgóða möguleika á að bjóða valkost til meðferðar við sjúkdómnum til erlendra sjúklinga að því gefnu að rannsóknir sýni líkur á álíka árangri á álfka löngum tíma og meðferð stendur ytra.

* Ef vel er staðið að sálfræðimeðferð og afþreyingarþætti hérlendis með hugsanlegu ívafi landkynningar, má eflaust laða að marga "viðskiptavini" þar eð ísland ætti að vera spennandi nýjung, jafnvel ódýrari kostur.

* Möguleikar til framleiðslu og sölu heilsuvvara, framleiddra úr efnum úr Bláalóninu ættu að vera fyrir hendi hér eins og þar.

* Íslenska sjúklinga ætti að skylda til meðferðar í Bláalóninu áður en þeir fengju grænt ljós á heilsubótarferð til annarra landa.

Fylgiskjal nr. 14

**SKÝRSLA BLÁALÓNSNEFNDAR
UM KYNNISFERÐ TIL
BAD BENTHEIM OG BAD SALZSCHLIRF
Í PÝSKALANDI
DAGANA 5. - 9. OKTÓBER 1994**

**BLÁALÓNSNEFND
NÓVEMBER 1994**

Inngangur.

Í samræmi við áætlun nefndarinnar um kynnisferðir til nágrannalandanna fór hlutinefdarmanna, Ingimar Sigurðsson, formaður, Níels Árni Lund, ritari og dr.med. Jón Hjaltalín Ólafsson, fulltrúi landlæknis, til Þýskalands dagana 6. - 9. október 1994. Hér var um að ræða síðustu ferð skv. áætlun nefndarinnar en árið 1992 fór hluti nefndarmanna til Belgíu, Þýskalands, Sviss og Frakklands að kynna sér rekstur heilsustofnana sem bjóða upp á meðferð sem tengist notkun jarðhita og vatns og árið 1993 fór hluti hennar til Ísrael til þess að kynna sér starfsemi við Dauðahafið.

Upphoflega var áætlunin að sækja einnig heim nýja heilsubótarstöð á eyjunni Sylt í Holsetalandi en starfsemin þar er svo ný að forráðamenn stofnunarinnar báðust undan heimsókn fyrr en síðar. Verður ekkert af þeirri heimsókn því ekki er áætlunin að fara fleiri kynnisferðir.

Tilgangurinn með ferðinni til Bad Bentheim og Bad Salzschrif var að kynna sér þær tvær heilsustofnanir sem eru langstærstar á þýskum markaði og fást við lækningar á psoriasis- og gigtarsjúkdóum m.a. með notkun vatnsbaða, ljósalampra og leirs og með skipulagðri endurhæfingu undir leiðsögn lækna og annars viðurkennds heilbrigðis-starfsfólks.

Hér með fylgir stutt myndskreytt skýrsla um ferðina ásamt samantekt um það sem helst þyrfti að hafa til hliðsjónar við skipulagningu Bláalónsins undir lækningastarfsemi.

Nóvember 1994

Ingimar Sigurðsson

Níels Árni Lund

Jón Hjaltalín Ólafsson

BAD BENTHEIM 6. OKTÓBER

Bad Bentheim



Stofnunin.

Forstjóri stofnunarinnar, Kleist, tók á móti nefndarmönnum á Kurhäuse í Bad Bentheim. Auk þess hittum við framkvæmdastjóra svipaðrar stofnunar í nálægu héraði og stjórnarformann heilsustaða fyrir Nieder-Sachsen, sem er eitt af 7 sambandslýðveldum Þýskalands, og liggur að Norðursjó. Einnig var rætt við einn yfirlækni dr. Bot.



Bad Bentheim kurcentrum er einkafyrirtæki, að formi til, en eignaraðildin skiptist þannig 50% er í eign furstans af Bentheim, 25% er í eigu bæjarins Bad-Bentheim og 25% í eigu sveitarfélagsins. Stjórn stofnunarinnar er þriggja manna og tekur hún ákvarðanir um rekstur. Þar sem mikil ásókn er í meðferð eru nú um 2.000 sjúklingar á biðlista og er um það bil hálfss árs bið að komast að. Til að bæta úr þessu er verið að stækka aðstöðuna og taldi forstjórinn að það myndi leysa þessa þörf þannig að biðtími yrði um 2 mánuðir sem telst eðlilegt.

Aukning hefur orðið á sókn húðsjúklinga, aðallega psoriasis í meðferð. Forstjórinn gat þess að þeir hefðu áhuga á markaðssókn og nefndi hann þá aðalega Norðurlöndin, Svíþjóð, Danmörku og Noreg, auk Hollands og jafnvel Luxemburg. Virtist hann hafa kannað aðstöðu í Monsdorf í Luxemburg og sagði hann að sá staður þar ætti í miklum erfiðleikum vegna lítils upptökusvæðis en

í Luxemburg búa um 360 þús. manns. Eins og komið hefur fram á ferðum nefndarinnar byggja allir staðir sem hún hefur skoðað mestmeginn á sínum í nágrenni staðanna. Stóra undantekningin er Dauðahafið en þar er um helmingurinn útlendingar. Annars staðar búa um 90 - 95% sjúklinga í næsta nágrenni.

Sjálfst svæðið er um 15 hektarar og á því eru hótel, veitingastaðir, meðferðarstaðir ljósastaðir og afþreyingaraðstaða. Tvær sundlaugar eru á staðnum og tónleikastaðir. Báðar sundlaugarnar eru með salt vatn, önnur með 2% og hin með 3%. Sú með 2% er opin almenningi en hin er einungs fyrir sjúklinga í meðferð.

Starfsemi og kostnaður.

Starfsemin í Bad Bentheim er sérstæð að því leyti að sjúklingarnir koma alls staðar að úr Pýskalandi, ekki einungis frá héraðinu sjálfu. Stofnunin er einnig sérstæð að því leyti að hún tekur að lang mestu leyti við húðsjúklingum og er stærsti húðmeðferðarstaður í Pýskalandi. Pláss er fyrir 330 sjúklinga til dvalar á staðnum auk þess sem verið er að byggja álmu sem tekur 130 sjúklinga í viðbót. Flestir hafa eins manns herbergi en einnig eru þar nokkur tveggja manna herbergi. Auk þessara sjúklinga kemur fjöldi sjúklinga sem býr á hótelum í nágrenninu til meðferðar (ambulant). Heildarfjöldi sjúkinga á ári er um það bil 15 þúsund, þar af eru um 4 - 5 þúsund psoriasisjúklingar og um 7 þúsund með aðra húðsjúkdóma. Hinir sjúklingarnir, 2 - 3 þúsund, hafa aðallega gigtarsjúkdóma (rheumato- og ortopediskir-sjúklingar).

Kostnaður við dvöl er 202 mörk á dag og er þá allt innifalið nema tónleikar og leikhús. Framlag sjúkratrygginga er 190 mörk á dag og framlag sjúklinga 12 mörk sem tryggingarna endurkrefjar sjúklingana um. Ef utanaðkomandi aðili kemur og fær baðmeðferð kostar það 36 mörk á dag. Öll húsin, húsnæðið sem og umhverfið er einkar þrifalegt og snyrtilegt. Meðferðaraðstaðan var byggð 1986 og gæti verið eins árs eftir útlitnu að dæma. Starfsemin fyrir psoriasismeðferð hófst 1975 en gigtarmeðferðin hefur verið mun lengur en í núverandi mynd er hún frá 1960. Á stríðsárunum var húsnæðið notað sem hermannasjúkrahús.

Við stofnunina starfa 15 læknar en heildarfjöldi starfsmanna er um 220 manns. Sjúklingarnir koma allir með tilvísanir frá læknum, langflestir með tilvísun frá hjúðsjúkdómalækni, en þó geta aðrir læknar vísað sjúklingunum til meðferðar. Sjúklingar geta einnig komið beint á staðinn en þá er oftast um að ræða sjúklinga sem greiða þjónustuna að fullu sjálfir og eru ekki tryggðir. Langflestir

sjúklinganna eða um 95%, eru á vegum sjúkratrygginga og greiða lítið eða ekkert sjálfir en um 5% standa straum af öllum kostnaði. Nær eingöngu Þjóðverjar sækja staðinn en þó koma örfáir, 5 - 10 á ári, frá útlöndum, mest frá Hollandi enda stöðin við landamæri Hollands. Fyrir fáeinum árum var gerð tilraun til að fá sjúklinga frá Hollandi og komu þá 25 sjúklingar með erfiða psoriasisssjúkdóma og fengu meðferð. Árangur var talinn góður en þrátt fyrir það hefur ekkert framhald orðið á og taldi forstjóri spítalans í Bentheim að ástæðan hefði verið sú að sjúklingarnir hefðu haft mjög erfiðan psoriasis-sjúkdóm og því ekki verið dæmigerðir sjúklingar. Dvöl fjarri heimabyggð hefði reynst þeim erfið, þótt árangur hefði verið góður.

Meðferðin.

Meðferðin fer þannig fram að sjúklingarnir eru metnir í upphafi af sérfraðingi í húðsjúkdónum. Hann ákveður meðferðina, sem felst aðallega í böðun með saltvatni, brennisteini og salt-sundbaði auk ljósameðferðar. Böðin eru gefin með mjög sambjöppuðu saltvatni, sem er fullmettuð saltlausn. Vatnið kemur af 1.200 metra dýpi úr gömlum brunni. Vatnið er 38°C heitt þegar það kemur úr jörðinni og er notað beint við böðin. Þegar sund er annars vegar er vatnið blandað niður í 2 - 3% saltvatn og kælt niður í 32°C. Einnig er brennisteinslind á svæðinu á 8 metra dýpi og var hún tekin í notkun 1711. Það vatn er af mismunandi styrkleika. Saltböðum fylgir sviði ef húðin er rifin. Brennisteinsböðin eru því notuð fyrir þá sjúklinga sem hafa "opna" húð þ.e.a.s. sár í psoriasis-blettum. Saltböðin eru síðan notuð þegar húðin jafnar sig. Ljósböð eru alltaf gefin. sumir fá einnig aðra meðferð s.s. "ditranol", jafnvel tjöru og einnig í í einstaka tilvikum "Tigason" (A-vitai afbrigði).

Leirböð eru notuð í Bad Bentheim og er leirinn fenginn úr næsta nágrenni. Mjög strangar reglur gilda um notkun leirs, en leirinn fellur undir lyfjaeftirlit í Pýskalandi, og eru tekin sýni reglulega úr honum og þau skoðuð rækilega. Lerinum er smurt og pakkað á sjúklingana. Sami leir er aðeins notaður einu sinni og síðar komið fyrir á sama stað aftur til endurnotkunar eftir 10 ár. Leirmeðferð er þó ekki stór hluti meðferðar í Bad Bentheim.

Meðferðin er gefin daglega, ljósin 6 daga vikunnar nema á sunnudögum og sama gildir um salt- og brennisteinsböðin. Ljósin eru með mismunandi bylgjulengd. Oftast er um að ræða A- og B-ljós t.d. Salman-lampa, en þó eru einnig gefin venjuleg UVB-ljós (t.d. Philips TL01) sem einnig eru notuð á Íslandi. Ýmsar tilraunagerðir ljósalampa eru notaðar s.s. ljós fyrir hárvörð og fyrir neglur. Algengt virtist að sjúklingarnir fengju öfluga UVA-geislun auk UVB-geislunar. Geta má þess að meðferð með UVA-ljósum auk UVB-ljósa í slíku formi og hér er um að ræða er aðeins notuð á fáum stöðum í Pýskalandi

en ekki annars staðar og t.d. alls ekki á Norðurlöndum og í Bandarískjunum. UVB-lampar eru notaðir í þessum löndum og ef um er að ræða UVA-ljós eru þau notuð við svokallaða PUVA-meðferð. PUVA-ljósalampi var einnig til staðar í Bad Bentheim en lítið notaður.

Venjuleg meðferðarlengd er 4 vikur en ef það nægir ekki geta sjúklingar sótt um leyfi til sjúkratrygginga um framlengingu meðferðar í allt að 10 vikur. Rúmur fjórðungur sjúklinga þarf á lengri meðferð en 4 vikum að halda. Tæpur helmingur sjúklinga þarf að fá meðferð oftar en einu sinni og koma þeir sumir hverjir árlega.

Aðrir þættir.

Auk meðferðar með áburðum, ljósum og saltböðum njóta sjúklingarnir aðstoðar sálfræðinga, til að þeir skilji betur samband sálarróar og versnunar eða bót á sjúkdómnum auk þess sem reynt er að halda úti menningarstarfsemi. Tónleikar eru t.d. á sumrin.

Áfengisnotkun er algerlega bönnuð og varðar brottrekstri. Reykingar eru illa séðar og er bannað að reykja á herbergjum og í sölum. Sjúklingarnir fá þó að reykja utan dyra enn sem komið er. Matarræðið er reynt að hafa sem heilnæmast og eru næringarfræðingar til staðar og gefa ráðgjöf um matarræði og kenna sjúklingum hvernig þeir geta eldað sem hollastan mat. Matarræðið er ákveðið í upphafi og virðist það vera á þann veg að hver sjúklingur hefur sitt sérstaka matarræði, eða númer í eldhúsini og fær mat við hæfi. Prestar eru til staðar og eru með viðtöl. Einnig er þar lítil kirkja eða kapella fyrir öll trúfélög kristinnar trúar. Fjárhættuspil er í Bad Bentheim en ekki innan svæðisins og sagði forstjórinn að hann væri persónulega mjög mófallinn slíkri starfsemi og taldi hana trufla bata vegna aukins andlegs álags.

Bad Bentheim er hreinræktaður meðferðarstaður þar sem aðaláhersla er lögð á psoriasismeðferð en einnig eru meðhöndlaðir sjúklingar með aðra húðsjúkdóma. Ekki er lögð áhersla á greiningar og rannsóknir nema í sambandi við ljósameðferð og saltböð. Meðferðin er að mestu leyti hefðbundin með ljósum og er reynt að forðast lyf eftir bestu getu þótt þau séu engan veginn útilokuð og auk þess eru gefin saltböð. Er um að ræða mun hefðbundnari húðmeðferð hér en á öðrum stöðum sem nefndin hefur séð enda meðferðinni stjórnað af húðlæknum.

Aðalkeppinautur Bad Bentheim eru tvær meðferðarstofnanir undir heitinu "Tomesa", en önnur þeirra var sótt heim 8. október og er í Bad Salzchlirf, sem liggar norðanaustur af Frankfurt.



TOMESA BAD SALZSCHLIRF 8. OKTÓBER

Stofnunin.

Bærinn er líttill, en þar búa um 4 þúsund manns og liggur í um 20 km. fjarlægð frá bænum Fulda sem er 60 þús. manna bær í sambandslýðveldinu Hessen. "TOMESA" er meðferðarfyrirtæki sem á tvær meðferðarstofnanir og er önnur þeirra í Bad Salzschrif en hin í austurhluta Þýskalands og er ný. Nafnið "TOMESA" er þannig tilkomið að TO stendur fyrir tot, ME fyrir mer og SA fyrir saltz og stendur þá fyrir tot mer saltz þ.e.a.s. salt úr Dauðahafinu.

Fyrirtækið var stofnað fyrir 12 árum af Schneider nokkrum sem áður hafði auðgast á því að kynna og selja "Tylö sauna" frá Svíþjóð til Þýskalands. Hugmyndin er fengin frá Dauðahafinu með því að taka salt úr Dauðahafinu sem flutt er inn af fyrirtæki í Hamborg og blandað vatni í blöndunni 8 - 10% salt og hitað upp í ca. 37°C. Sjúklingar baða sig í vatninu og fá útfjólubláa geisla og er þannig líkt eftir meðferð við Dauðahafið. Sjúklingar sleppa þannig við langa ferð, mikinn hita, það álag sem fylgir því að vera á óróleikasvæði og fá mun betri læknispjónustu. Stofnanirnar eru algerlega í eigu Schneiderfjölskyldunnar og veitir sonurinn stöðvunum forstöðu og tók hann á móti nefndarmönnum.



TOMESA-Fachklinik, Haus I, Riedstraße

Stjórn stöðvarinnar er skipuð þrem mönnum, yfirlækninum og þeim feðgum. Skrifstofan er mjög lítil og starfa þar einungis 3, en heildarfjöldi starfsmanna í Bad Salzschrif er um 100. Um er að ræða allmörg hús og er eitt þeirra sýnu stærst, ný klínísk sem er u.p.b. 10.000 m² að heildarflatarmáli.


Starfsemi og kostnaður.

Á klíníkunum í Bad Salzschirf eru starfandi 8 læknar þar af 2 húðlæknar, einn "kur-læknir", einn bæklunarskurðlæknir, einn barnalæknir, einn almennur læknirog tveir aðstoðarlæknar. Auk læknanna vinna þar tveir læknakandidatar og tveir sálfræðingar. Annað starfsfólk er hjúkrunarfræðingar og aðstoðarfólk.

Stofnunin hefur 169 herbergi og pláss fyrir 208 sjúklinga. Meðferðin tekur 4 vikur en í einstaka tilvikum 6 vikur. Um helmingur sjúklinganna kemur ár eftir ár í meðferð. Meðferðin er greidd af sjúkra-tryggingum og koma sjúklingarnir alls staðar að úr Þýskalandi eins og í Bad Bentheim en ekki frá útlöndum nema í örlitum mæli og þá frá Hollandi og Belgíu. Heildargreiðslur fyrir meðferðina eru 202 þýsk mörk á dag og er þá allt innifalið en sjúklingarnir sjálfir verða að endur-greiða tryggingunum 12 mörk á dag eins og í Bad Bentheim. Sé um sjúklinga frá öðrum Efnahagsbandalagslöndum að ræða fylla þeir út "Formular E 112" til að greiðslur komi til stofnunarinnar. Biðtími eftir meðferð er um 2 mánuðir. Um það bil 3 - 4 þúsund sjúklingar koma árlega til dvalar og auk þess koma um 3 þúsund sjúklingar sem dveljast í bænum eða í nágrenninu og fá meðferð.

Meðferðin.


Meðferðin fer þannig fram að sjúklingarnir eru baðaðir í saltvatni frá Dauðahafinu 8 - 10% að styrkleika (í Dauðahafinu er saltmagnið 28%). Böðunin fer fram í sundlaug sem er ca. 8 x 15 metrar og eru útfjólubláir lampar í lofti laugarinnar í öðrum endanum og fá þá sjúklingarnir geislun, fremurvæga UVA-geislun, á meðan þeir eru í baðinu en baðtíminn er um 20 - 30 mínútur tvísvar sinnum á dag. Eftir baðið fá þeir geislun með UVB-ljósum sem



Die TOMESA-Spezialwanne zur ambulanten Behandlung



Ganzkörper-Lichttherapie



Das große Gemeinschafts-Therapiebecken mit integrierten UV-Strahlern. Die Licht- und Wasserverhältnisse sind dem Toten Meer nachgestellt.

einnig eru blönduð með UVA-ljósum. Á þetta við um psoriasisjúklinga en einnig eru meðhöndlaðir aðrir húðsjúkdómar s.s. barnaexam (atópískt exem) og "neurodermatit" sem er þykkt exem orsakað af klóri og kláða. Meðferðin er gefin sex sinnum í viku, tvisvar á dag, 30 mín. bað + ljós. Sunnudagurinn er hvíldardagur.

Stærsti hluti starfseminnar er fyrir psoriasisjúklinga en einnig er sérstakt hús þar sem barnaexamissjúklingarnir eru meðhöndlaðir, en talið er óæskilegt að hafa börnin með fullorðna fólkini vegna truflunar og hávaða. Mæður fylgja ætíð börnunum og er kostnaður við þá aðstoð 53 mörk á dag með fæði sem sjúkratryggingar greiða.

Töluvert er lagt upp úr meðferð gigtsjúkra og vöðvasjúkra. Tengsl eru við Háskólann í München vegna rannsóknar-verkefna sem auðvelt er að framkvæma á Tomesa-klínískinni vegna hins mikla fjölda sjúklinga sem þangað leitar. Einu doktorsverkefni sem átti að ljúka í München, en ógerningur reyndist að framkvæma þar vegna fárra sjúklinga, var nýlega lokið við Tomesa-klínískina. Að öðru leyti er ekki veruleg rannsóknarstarfsemi framkvæmd eða greidd af stofnuninni sjálfri.

Sálfræðiþjónusta er við stofnunina og fá allir fyrirlestra um mikilvægi andlegs jafnvægis vegna sjúkdómsins.

Aðrir þættir.

Nefndarmenn fengu að skoða allan spítalann og var þar allt afar hreinlegt og snyrtilegt enda stór hluti starfseminnar nýbyggður eða endurbyggður. Sjúklingaherbergi líktust góðum hótelherbergjum, vel snyrtilegum með sjónvarpi og baði, ekki ólíkt hótelinu við Bláalónið, en öll umgjörð mun snyrtilegri og veglegri. Góð aðstaða er fyrir hvers konar dægradvöl. Matsölustaðurinn var snyrtilegur og aðlaðandi.



Behandlung bei Gelenkerkrankungen



Patientenzimmer (Ansicht Zimmer Haus II)


Á staðnum var einnig krá þótt áfengisneysla sé ekki heimiluð í meðferðinni. Fólk getur þó keypt bjór en sá sem selur bjórinn er í góðu sambandi við stjórnendur stofnunarinnar og lætur vita ef sjúklingur misnotar áfengi. Menn voru sammála í Bad Bentheim og á þessum stað að áfengi drægi verulega úr batahorfum. Töldu menn á þessum stöðum víneynslu verulegt vandamál. Reykingar eru ekki leyfðar á herbergjunum en ennþá eru nokkur reykingaherbergi til staðar en þeim verður lokað á næsta ári. Mikil áhersla er lögð á rétt matarræði og er kennsla í því að búa til heilbrigðan og góðan mat á sama hátt og Bad Bentheim.

Forstjórinн nefndi að uppbygging svæðisins hefði átt sér stað smátt og smátt frá 1982 en ekki í einu lagi. Stofnunin hefur þreifað sig áfram og öðlast mikla reynslu og nefndi hann að sjálfsgagt væri að athuga hvort Íslendingar mættu njóta þessarar reynslu gegn þóknun. Lagði hann mikla áherslu á að blöndun saltsins og öll aðstaðan væri mun flóknari en fólk héldi almennt og þróunarstarfsemi væri stöðugt í gangi.

Nokkur dæmi um það voru sjáanleg s.s. baðkar þar sem hægt var að breyta saltmagni og var þar stöðugt rennsli yfir í hreinsitæki þannig að sjúklingarnir gátu notað sama vatnið hver á eftir öðrum þó með ca. 20 - 30 mínutna millibili meðan vatnið var að hreinsast. Yfir þessu baðkari eru ljósalampar. Allar ljósategundir eru notaðar m.a. UVA-sun, Wolf lampar og Helariumlampar B1-2 100 w. Ekki voru sjánleg PUVA-ljós. Áhugavert var að sjá stórt baðkar fullt af hvítum upphituðum sandi og fengu sjúklingar að liggja þar til að líkja eftir aðstöðunni við Dauðahafið.



Bäderabteilung



TOMESA-Fachklinik, Haus II, Lärchenweg



Teilkörperbestrahlung

Til athugunar.

Bad Bentheim

1. Þótt árangur hafi þótt góður á hollendingum með erfiða psoriasisjúkdóma hefur ekki orðið framhald á. Bendir til að erfitt sé að gera út á mjög erfiða sjúkdóma jafnvel þótt vænta megi góðs árangurs sé dvalið fjarri heimili.
2. Hlutverk brennisteins þar sem salt gagnar ekki vegna sára.
3. Algert áfengisbann.
4. Reykingar sæta miklum takmörkunum.
5. Matarræði.
6. Fjárhættuspil / neikvæðar afleiðingar.
7. Luxemburg / of lístil.
8. Markaðssókn m.a. á Norðurlöndum.

Bad Salzschrif

1. Blanda salts, vatns og ljósabaða.
2. Reykingar verða brátt óheimilar.
3. Rannsóknir / verkefni lækna.
4. Hæg og markviss uppbygging.

Fylgiskjal nr. 15

